



MUSTAFA ABUBAKR
Prítugur Kúrdi hefur búið við linnulaus stríðsátök allt sitt líf. ▶32



Farið yfir litríkan feril listamannsins **LAWRENCE WEINER** ▶34

Opið allan sólarhringinn
í Engihjalla, Vesturbergi og Arnarbakka



Iceland

FRÉTTABLAÐIÐ

HELGARBLAÐ
18. október 2014
245. tölublað 14. árgangur
Sími: 512 5000

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

*Samkvæmt prentmiðastöðum Laugavegurinn 2014



ÁSTIN KOM EINS OG ELDING

Guðrún Eva Mínervudóttir var búin að afskrifa það að verða ástfangin þegar Marteinn Þórsson bankaði upp á hjá henni. Nú búa þau í Hveragerði með dótturinni Mínervu og eru óðum að verða að miðaldra bændafólki. ▶ 26



FÉKK ANNAÐ TÆKIFÆRI
Ragnar E. Hermannsson sat í fangelsi í Brasilíu. ▶ 28



SLEPPA TÖKUM Á KARITAS
▶ 22

LÍNA VAR BEST

Herdís Anna gefur Línu Langsokk fimm stjórnur. ▶ 46





DVÍTAMÍN
HÁMARKS UPPTAKA



GMP vottað
www.nowfoods.is

KAUPHLAUP
16.-20. OKTÓBER

TILBOÐ Á NÝJUM VÖRUM



SMÁRALIND

Kringlan

KRINGLU KAST

FIM.-MÁN. 16.-20. OKT.

NÝJAR VÖRUR 20-50% AFSLÁTTUR

NÝTT KORTA-TÍMABIL



GLEÐIFRÉTTIN

Sigur Íslands á Hollendingum

Íslenska karlalandsliðið í knattspyrnu vann sögulegan sigur á Hollandi, 2-0, í þriðja leik liðsins í undankeppni EM 2016 á mánudag. Gylfi Sigurðsson skoraði bæði mörk liðsins og annað þeirra úr vítaspyrnu á tíundu mínútu leiksins.

„Ég æfi þetta á hverjum degi þannig að þegar þetta gerist er maður pollrólegur,“ sagði Gylfi Þór um vítaspyrnuna og hrósaði um leið varnarleik Íslands.



FIMM Í FRÉTTUM MATARSKATTUR OG MJÓLKURSAMSALA



RAGNHEIÐUR ELÍN ÁRNADÓTTIR, ráðherra neytendamála, telur eðlilegt að samkeppnislög taki til allra atvinnugreina, þar með talið Mjólkursamsölnunar. Hún telur að einokunarstaða, án tilefnis, leiði til tjóns og sóunar.



GUÐMUNDUR LÖVE, framkvæmdastjóri SÍBS, segir að af þeim tæplega 70 milljórdum sem varið er til heilbrigðis-kerfisins á Íslandi sé aðeins einu prósentu varið til beinna forvarna, sem sé miklu minna en hjá öðrum þjóðum.



BRYNDÍS LOFTSDÓTTIR, húsmóðir og varaþingmaður Sjálfstæðisflokksins, hrinti af stað mikilli umræðu um hækkun á matarskatti. Hún segist verja tveimur milljónum í mat á ári, um það bil helmingi meira en gert er ráð fyrir í virðis- aukaskattsfrumvarpinu.



SALÓME GUNNARSDÓTTIR hefur verið önnur kafin frá því hún útskrifaðist sem leikona fyrir rúmu ári. Hún segist fá útrás fyrir ævintýraþrá og spennu í gegnum listina.



→ **Bjarni Benediktsson** fjármálaráðherra hefur staðið í ströngu við að útskýra hvernig ráðuneyti hans hafi fengið það út að fjögurra manna fjölskylda eyði tæpum þremur þúsund krónum í mat á dag.

VIKAN 12.10.→18.10.2014

SUNNUDAGUR Neyðarlán rétt ákvörðun Geir H. Haarde, fyrrverandi forsætisráðherra, fullyrðir að það hafi verið rétt ákvörðun að veita Kaupþingi neyðarlán. Útilokað er að birta viðtal hans og Davíðs Oddssonar, þáverandi bankastjóra.

MÁNUDAGUR Matarkostnaður vanmetinn Bryndís Loftsdóttir, varaþingmaður Sjálfstæðisflokksins, setur fram efasemdir um forsendur fjárlagafrumvarpsins.

ÞRIÐJUDAGUR Ísland taplaust í toppsæti Íslenska landsliðið vann sannfærandi sigur á stórliði Hollands á Laugardalsvelli.



MIDVIKUDAGUR Biðja fyrir fóstrum Hópur kaþólikka kemur saman fyrir framan kvennadeild Landspítalans og biður fyrir fóstrum sem er eytt og viðhorfsbreytingu til fóstureyðinga.

FIMMTUDAGUR Skelfileg umgengni Svo illa er gengið um skála Ferðafélags Íslands að félagið íhugar að loka þeim að óbreyttu.

FÖSTUDAGUR Ekkert veð fyrir 85 milljarða láni Hreiðar Már Sigurðsson fullyrðir að engin málskjöl hafi verið undirrituð þegar Kaupþing fékk frægt lán frá Seðlabanka Íslands 6. október 2008.

LAUGARDAGUR Íslenska kvennalandsliðið í fimleikum keppir til úrslita í „Fimleikahöllinni“ í dag.

„Það er miklu meira stress sem fylgir því að horfa á í staðinn fyrir að vera inni á gólfinu. Maður er nefnilega svo ósjálfbjarga að horfa á.“ ► **SÍÐA 70**

Iris Mist Magnúsdóttir fimleikadrottning, sem fylgist með stelpunum úr stúkunnni þar sem hún ákvað að hætta á síðasta ári.

ÚTSÖLUMARKAÐUR

Fakafeni 11

DÖMU DÚNULPA

4 litir í boði

Verð: 12.500 kr

Opið alla virka daga

Frá kl 13:00 - 18:00

Laugardaga

Frá 11:00 - 16:00

BATIK

sala@batik.is • Bildshöfða 16 • Sími: 557 2200

Stefnir á verðlaunin fyrir fegurstu lóðina

Þótt skipulagsfulltrúi segi umgengni hafa batnað mikið á lóð Fiskikóningsins á Sogavegi er aftur synjað um leyfi fyrir þaki yfir port. Eigandi Fiskikóningsins segir rökin ekki haldbær. Hann stefni að því að fá verðlaun fyrir fallestu fyrirtækjalóðina.

SKIPULAGSMÁL „Að okkar mati eru engin haldbær rök fyrir því að neita þessum framkvæmdum,“ segir Kristján Berg í Fiskikóningnum, sem borgin hefur í annað sinn neitað um leyfi fyrir þaki yfir port við verslunina á Sogavegi 3.

Ofangreind tilvitnun er úr greinargerð Kristjáns til borgarinnar. Þar rekur hann að miklar breytingar hafi orðið við Sogaveg 3 frá því húsið var byggt árið 1983; húsið hafi verið stækkað til austurs og vesturs, undir nýbyggingu sé kjallari og stórt port fyrir vörumóttöku sé nú við húsið.

Það er einmitt yfir þetta port sem Kristján vill byggja. Ósk hans þar að lútandi var fyrst synjað af borgaryfirvöldum fyrir þremur mánuðum, meðal annars með vísan til nágretta sem höfðu áhyggjur af auknum umsvifum á staðnum.

„Að sjálfsgöðu er mikið rask þegar verið er að byggja hús og þá sérstaklega þegar versluninni hefur ekki verið lokað í eina einustu mínútu á meðan á öllu þessu stóð,“ rekur Kristján í nýju umsókninni og undirstrikar þar eftirfarandi: „Á meðan allt þjóðfélagið var á „hold“ þá var verið að stækka, byggja, breyta og bæta húsnæðið frá á til ö.“

Við þetta bætir Kristján að peningar vaxi ekki á trjánum. Allur kraftur og peningar eigandans hafi farið í að láta húsnæðið standast kröfur. „Skiljum við gremju einhvers ef það hefur verið sjónrænt drasl á lóð Sogavegar 3 út af byggingarframkvæmdum,“ segir Kristján í greinargerðinni og tekur fram að allt sé nú komið í 100 prósent lag.

Þá ítrekar Kristján að ekki standi til að auka umfang verslunarinnar. „Fyrst og fremst er þessi



FISKIKÓNGURINN Svona var umhofs við Fiskikóninginn í sumar en nú hefur draslið verið fjarlægð og eigandinn stefnir að því að lóðin verði valin fegursta fyrirtækjalóð borgarinnar.

FRÉTTABLAÐID/ARNPÓR



KRISTJÁN BERG

umsókn um bygginguna yfir portið til þess fallin að gera þetta að fallugu húsi sem getur sómt sér vel fyrir borgarbúa og íbúa hverfisins ásamt eiganda fyrirtækisins,“ segir Kristján sem kveður fiskverslunina eiga að vera til fyrirmyndar.

Þá minnir Kristján á að fyrir um þremur áratugum hafi Sogavegur fengið verðlaun fyrir fallestu fyrirtækjalóðina. Stefnan nú sé að fá slík verðlaun á næstu tveimur til þremur árum.

„Skiljum við gremju einhvers ef það hefur verið sjónrænt drasl á lóð Sogavegar 3.“

Kristján Berg

Embætti skipulagsfulltrúa segist lýsa ánægju með bætta frágang lóðar Fiskikóningsins og umgengni um hana en synjar ósk Kristjáns.

„Ekki er fallist á að framkomin séu rök fyrir breyttri afstöðu til umsóknarinnar enda hafa, eins og fram kemur í greinargerðinni, verið veitt nokkur leyfi fyrir þróun hússins á lóðinni undanfarin ár,“ segir skipulagsfulltrúinn.

gar@frettabladid.is

Seðlabankinn segir ekki rétt að engin veð hafi verið fyrir neyðarláni: Skilanevndin staðfesti lánið

VIÐSKIPTI Það var skilanevnd Kaupþings sem staðfesti lánasamning vegna 500 milljón evra neyðarláns sem bankinn fékk frá Seðlabankanum daginn sem neyðarlögin voru sett. Þetta gerði nefndin eftir fall bankans. Kröfuhafar Kaupþings hafa aldrei gert athugasemdir. Í Fréttablaðinu í gær kom fram að gengið var frá láninu eftir símtal sem Davíð Oddsson seðlabankastjóri og Hreiðar Már Sigurðsson, forstjóri Kaupþings, áttu snemma þann dag.

Í grein sem Hreiðar skrifaði um málið fullyrkti hann að Seðlabankinn hefði ekki gengið frá lánasamningnum og veðsetningu FIH-bankans fyrr en nokkrum dögum eftir að lánið var veitt. Seðlabankinn vísaði þessu á bug í yfirlýsingu í gær.

Í henni kemur fram að starfsmenn Seðlabankans hafi strax fullvissað sig um að veðið fyrir láninu stæði til reiðu. Lögmaður Kaupþings hafi gert hluthafaskrá í Danmörku viðvart um að Seðlabankinn væri að taka veð í öllum hlutum FIH-bankans.

„Veðgerningurinn var fullkláraður fyrir lok viðskiptadags og réttarvernd veðsins hafði þá verið að fullu tryggð. Stjórnendur Kaupþings undirrituðu gerninginn fyrir lok viðskiptadags 6. október. Þannig að fullyrðingar um að ekki hafi verið gengið frá veðsetningu fyrr en einhverjum dögum síðar eru rangar,“ segir í yfirlýsingu Seðlabanka Íslands.

Í skýrslu fjárlaganefndar um málið frá því í fyrra segir að lána-reglur Seðlabankans hafi verið verið brotnar þegar neyðarlánið



DAVÍÐ ODDSSON



HREIÐAR MÁR SIGURÐSSON

var veitt. Í skýrslunni kemur fram að veðgerningurinn hafi verið kláraður sama dag og lánið var veitt en lánasamningurinn sjálfur hafi ekki verið undirritaður fyrr en seinna. En þótt veðið hafi verið undirritað í tæka tíð tryggði það ekki fullar endurheimtur. Ljóst er að tap ríkissjóðs af láninu er um 35 milljarðar króna.

Kringlan

AF ÖLLU HJARTA

KRINGLUKAST

16.-20. OKTÓBER

NÝJAR VÖRUR

20-50%

AFSLÁTTUR

NÝTT KORTATÍMABIL

KRINGLAN.IS
FACEBOOK.COM/KRINGLAN.IS

AFGREIÐSLUTÍMI

LAUGARDAUR 10:00 - 18:00
SUNNUDAGUR 13:00 - 18:00

11.10.2014 → 17.10.2014

1 milljarð

tæpan greiddi Hvalur í arð til eigna félagsins í fyrra. Eigendur voru 110 í septemberlok 2013.



9 þúsund

hafa smitast af ebóluveirunni. Yfir 4.500 þeirra eru látin, upplýsir Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin.

745 krónur



er upphæðin sem gert er ráð fyrir að það kosti að fæða hvern einstakling á dag í frumvarpi fjármálaráðherra um breytingar á virðisaukaskatti.

280 farþega



og 5 einkabíla tekur nýja Breiðafjarðarferjan Baldur.

9.800

er áætlað að ferðir Icelandair verði á næsta ári. Fyrir fimm árum voru þær 4.900.



1 prósent

er varið til beinna forvarna utan heilsugæslunnar af þeim tæplega 70 milljörðum sem varið er til heilbrigðiskerfisins á Íslandi á ári. 70 til 80 prósent kostnaðar í kerfinu eru vegna lífsstíls- tengdra sjúkdóma.

10,1 MILLJARÐI

nam kortaveita útlendinga hér á landi í september síðastliðnum.



SAMSKIP Explorer, flutningaskip sem var afhent Samskipum haustið 2006

Meintur leki trúnaðargagna:

Fara fram á rannsókn

SAMKEPPNISMÁL Samkeppniseftirlitið hefur beint erindi til ríkissaksóknara þar sem farið er fram á opinbera rannsókn á því hvaðan og hvernig trúnaðarupplýsingum um efni kærur Samkeppniseftirlitsins til embættis sérstaks saksóknara hafi komist til óháðra aðila. Er þar átt við umfjöllun Kastljóss um meint samráð Eimskips og Samskipa. Þetta kemur fram í tilkynningu frá Samkeppniseftirlitinu. „Um er að ræða kærur um ætluð brot tiltekinnar starfsmanna tveggja fyrirtækja á samkeppnislögum. Er þetta gert í tilefni af umfjöllun Kastljóss um málið nú í vikunni.“

Fjöldi nema hættir í námi:

Taka námið ekki alvarlega

MENNTAMÁL Tæplega 900 nemendur sem skráðir voru í nám í framhaldsskólum í upphafi vorunnar 2014 hættu námi án þess að ljúka prófum í lok annarinnar. Þetta kemur fram í skýrslu menntamálaráðuneytisins um brotthvarf úr framhaldsskólum vorið 2014.

Tæplega þriðjungur þessara nemenda var vísað úr skóla vegna brota á skólareglum, sem er algengasta ástæða brotthvarfs. Gert er ráð fyrir að um sé að ræða nemendur sem ekki stóðust viðmið um reglur er varða mætingar.

Kristrún Birgisdóttir, sérfræðingur hjá ráðuneytinu, segir reglur skólanna þó ekki vera of strangar. Hún segir vandamálið liggja frekar í því að nemendur taki skólann og nám sitt ekki nægilega alvarlega.

Verið að skjóta okkur niður

Meistari Menntaskólans á Tröllaskaga segir að verið sé að skjóta skólann niður verði fjárlagafrumvarpið samþykkt. Forstöðumenn hjá Keili og Mími segja ekkert því til fyrirstöðu að fjölga nemendum komi peningar á móti.

MENNTAMÁL Það er byggðamál að styðja við og styrkja starfsemi fjölbrauta- og menntaskóla úti á landi, segja stjórnsmálamenn og undir það tekur skólafólk úti á landi. Með því móti fái fleiri háskólamenntaðir störf á landsbyggðinni.

Fólk sem hefur hætt í skóla á unglingsaldri hefur komist í nám í sinni heimabyggð hafi það á annað borð hug á að afla sér menntunar. Samkvæmt fjárlagafrumvarpinu, verði það að lögum, á að neita fólk sem orðið er 25 ára um skólavist í framhaldsskólum og það kemur illa við marga litla skóla á landsbyggðinni, svo sem Menntaskólann á Egilsstöðum, Menntaskólann á Tröllaskaga og Fjölbrautaskóla Snæfellsness.

„Ég var að vona að við gætum haldið áfram að byggja áfram upp og leyft skólanum að stækka og þróast. Fólk hefur viljað flytja hingað til að stunda nám því skólinn hefur þótt góður. Nú er hins vegar verið að skjóta okkur niður,“ segir Lára Stefánsdóttir, skóla-meistari Menntaskólans á Tröllaskaga, sem hefur höfuðstöðvar í Ólafsfirði.

Hún segir að verði fjárlagafrumvarpið samþykkt í þeirri mynd sem það liggja fyrir og 25 ára og eldri fái ekki aðgang að framhaldsskólunum verði hún að vísa 40 til 60 nemendum úr skólanum. Þetta sé allt fullorðið fólk sem sé að reyna að verða sér úti um stúdentspróf.

„Ég veit hins vegar ekki hvort mér er heimilt samkvæmt lögum að vísa þessu fólk frá. Það er búið að bjóða það velkomið í skólann og svo stendur skólinn ekki við sitt, það þarf að athuga vel stöðu þessa hóps,“ segir Lára.

Önnur áhrif segir hún þau að það muni draga úr námsframboði fyrir yngri nemendum, auk þess að um leið og kennsla minnki verði að



ADRAR LEIÐIR Verði fjárlagafrumvarpið samþykkt fá þeir sem orðnir eru 25 ára og eldri ekki inngöngu í framhaldsskóla. Þeir verða því að fara aðrar leiðir ætli þeir í háskólanám.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

fækka kennurum við skólann.

Illugi Gunnarsson menntamálaráðherra hefur sagt að það séu aðrar menntunarleiðir fyrir 25 ára og eldri en fara í framhaldsskóla. Vissulega er það rétt. Þar má til að mynda nefna Mími, eina af ellefu símenntunarstöðvum landsins. Þar er hægt að ljúka nógu mörgum einingum á framhaldsskólastigi til þess að eiga möguleika á að komast í frumgreinadeild í Keili, Háskólanum í Reykjavík og Háskólanum á Bifröst og þaðan í háskólanám.

Hulda Ólafsdóttir, framkvæmdastjóri Mímis símenntunar, segir að Mímir hafi mikla reynslu í að mennta fullorðið fólk og segir ekkert því til fyrirstöðu að taka við fleiri nemendum fáist til þess fjármagn.

„Við getum fjölgað nemendum en til þess þurfum við fjármagn frá hinu opinbera. Við höfum reynslu og þekkingu og erum viðurkenn



LÁRA STEFÁNSDÓTTIR **HULDA ÓLAFSDÓTTIR**

fræðslustofnun. Faglega getum við gert þetta en við bætum ekki við okkur nemendum nema til komi aukid fjármagn,“ segir Hulda.

Fólk sem fer í frumgreinadeildir getur lokið eins árs námi sem undirbýr það fyrir háskólanám.

Við háskólabrúna á Keili eru nú um 200 manns við nám, bæði á Ásbrú á Suðurnesjum og á Akureyri.

„Auðvitað þarf fjármagn með hverjum nemenda, fáist það er ekkert því til fyrirstöðu að við getum

→ Misdýrt nám

Innritunargjöld í framhaldsskóla eru um 13 þúsund krónur á önn. Námskeið hjá Mími eru mjög misdýr en Menntastöð, sem undirbýr fólk undir nám í frumgreinadeildum, er dýrust og kostar 81 þúsund krónur. Ef fólk er á vinnumarkaði greiða stéttarfélag oft helming eða meira af þeim kostnaði. Hvert námskeið á Háskólbrúnni hjá Keili kostar 37.500, flestir taka sex á önn. Önnin kostar því 225 þúsund krónur. Árið kostar því 450 þúsund krónur.

tekið við mun fleiri nemendum en stunda nú nám hjá okkur. Við myndum gera viðeigandi ráðstafanir til þess að taka á móti fleirum ef á þyrfti að halda,“ segir Soffía Waag, forstöðumaður Háskólabrúar Keilis.

johanna@frettabladid.is

25 ára Barnaheill
Save the Children á Íslandi


Föstudaginn 24. október klukkan 14-16 fagna Barnaheill – Save the Children á Íslandi 25 ára afmæli í samkomusal Nauthóls við Nauthólsvík.

Viðurkenning samtiakanna verður einnig afhent við þetta tækifæri.

Við bjóðum sérstaklega velkomna fyrverandi og núverandi starfsmenn, stuðningsaðila, stjórnarmeðlimi og samstarfsaðila.

Stjórn og starfsfólk Barnaheilla – Save the Children á Íslandi

Veðurspá



VÍÐA HVASST Í DAG Norðaustan og austan 10-18 m/s á dag og rigning en þurrt að mestu vestanlands. Lægir um tíma á morgun en víða einhver úrkoma og gengur í fremur stífa suðvestlægá átt síðdegis.

Gildistími korta er um hádegi

Alicante 28°	Friedrichshafen 21°	New York 20°
Apéna 29°	Gautaborg 15°	Orlando 28°
Basel 23°	Kaupmannahöfn 15°	Ósló 10°
Berlín 17°	Las Palmas 27°	París 23°
Billund 14°	London 20°	San Francisco 19°
Frankfurt 19°	Mallorca 28°	Stokkhólmur 9°

Á MORGUN
Hæg A-átt en SV síðdegis.

3° 4° 8 m/s 7°

MÁNUDAGUR
Gengur í norðátt seint.

5° 4° 7° 8° 5° 7°

Elísabet Margeisdóttir
veðurfréttamaður

NÝR NX 300h SKARPARI Á ALLA KANTA

Lexus NX 300h hefur skarpari línur og sker sig úr fjöldanum með sportlegri hönnun sem gleður augað frá öllum sjónarhornum.

lexus.is



Sjáðu skörpustu skilin í Lexus-línunni til þessa í sýningarsal okkar í dag, laugardag kl. 12–16. Komdu, sjáðu og reynsluaktu.

Lexus-Ísland | Kaupúni 6 | Garðabæ | Sími: 570 5400

 **LEXUS**
AMAZING IN MOTION

Lyfjastofnun í leit að forstjóra: Rannveig hætt

ATVINNUMÁL Rannveig Gunnarsdóttir, forstjóri Lyfjastofnunar, lætur af störfum í febrúar næstkomandi að eigin ósk. Embættið verður auglýst laust til umsóknar innan skamms. Rannveig hefur verið forstjóri frá því stofnunin var sett á fót með lögum árið 2000. Verkefni Lyfjastofnunar eru tilgreind í lyfjalögum og heilbrigðisráðherra skipar forstjóra Lyfjastofnunar til fimm ára í senn samkvæmt lyfjalögum.

- vh

Landspítalinn hyggst ekki banna bænahópnum að mótmæla á lóðinni: Fá að biðja við kvennadeild

SAMFÉLAGSMÁL Landspítalinn hyggst ekki meina bænahópi, sem kemur saman fyrir framan kvennadeildina til þess að biðja fyrir eyddum fósturum, að halda áfram iðju sinni.

Páll Matthíasson, forstjóri Landspítalans, segir spítalann vera á sautján stöðum í borginni og mikla umferð vera um byggingar hans. „Landspítali hefur ekki bolmagn til að fylgjast með einstaklingum sem fara um lóðir hans. Ekki hafa borist kvartanir vegna þessa til-

tekna hóps né höfum við upplýsingar um að hann hafi haft áhrif á þá sem til okkar sækja þjónustu.“ Aðspurður hvort spítalinn myndi endurskoða afstöðu sína ef kvartanir vegna hópsins berast segir Páll að það yrði skoðað eins og aðrar kvartanir.

Fréttablaðið greindi frá því á miðvikudag að hópur fólks mætir vikulega fyrir framan kvennadeild Landspítalans til að biðja fyrir eyddum fósturum og viðhorfsbreytingu kvenna til fóstureyðinga. -h6



Á BÆN Bænahópurinn kemur saman vikulega fyrir framan kvennadeildina til að biðja fyrir eyddum fósturum.

FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Könnun á prestum í Noregi: Ölvaðir og segja klúra brandara

NOREGUR Tíundi hver prestur í Þrændalögum í Noregi, þar sem eru 135 sóknir, hefur hegðað sér ósæmilega í vinnunni, að því er greint er frá á vefnum vartland.no. Prestarnir hafa verið sýnilega ölv-aðir við störf, sagt klúra brandara, verið í fatnaði sem ekki er við hæfi í umgengni við söfnuðinn og dæmi er um að prestur hafi greint frá trúnaðarsamtali í predikunarstól.

Haft er eftir prófasti að prestarnir séu ekki vandinn heldur líkind stjórnenda kirkjunnar. -ib5



JÁTAÐI Maðurinn játaði skýlaust brot sín í Héraðsdómi Reykjaness.

Síbrotaður dæmdur:

Missir prófið ævilangt aftur

Tæplega þrítugur karlmaður var í gær dæmdur í Héraðsdómi Reykjaness til fjögurra mánaða fangelsisvistar. Maðurinn játaði skýlaust brot sín fyrir dómi en honum var gefið að sök að hafa keyrt bíl undir áhrifum fíkniefna síðastliðið vor. Maðurinn játaði einnig að hafa stolið fjórum DVD-diskum og sælgætispoka úr verslun Hagkaups í Smáralind og vínflošku úr Vínbúðinni við Dalveg. Hefur hann itrekað gerst sekur um brot á fíkniefnalöggjöf og verið staðinn að akstri undir áhrifum fíkniefna. Hann hefur sex sinnum gengist undir lögreglustjórastátt vegna þess og fjórum sinnum hlotið dóm. Auk fangelsisvistarinnar var hann í fimmta sinn sviptur ökuréttindum ævilangt. Manninum var einnig gert að greiða 175 þúsund krónur í sakarkostnað, þar með talda þóknun skipaðs verjanda síns.

- vh



HALLDÓR AUÐAR SVANSSON Oddviti Pírata í Reykjavík.

Lýðræðisráð tekur til starfa: Kostar fjórar milljónir á ári

BORGARSTJÓRN Kostnaður vegna sérstaks stjórnskipulags- og lýðræðisráðs nemur tæpum fjórum milljónum króna á þessu ári. Á næsta ári mun kostnaðurinn nema rúmum 18 milljónum króna. Halldór Auðar Svansson, borgarfulltrúi Pírata, mun veita ráðinu formennsku. Þetta kemur fram í svari Dags B. Eggertssonar, borgarstjóra Reykjavíkur, við fyrirspurn fulltrúa Sjálfstæðisflokksins frá því í ágúst. Í fyrirspurninni var stofnun ráðsins gagnrýnd og það meðal annars sagt hafa óljós verkefni. Í svari borgarstjóra kemur fram að svokallaður „erindreki gagnsæis og samráðs“ muni starfa með stjórnskipulags- og lýðræðisráði en hann tekur ekki til starfa fyrr en um áramót.

- vh

Fyrstu viðbrögð klúðruðust

Ebólufaraldurinn fór úr böndunum í vestanverðri Afríku meðal annars vegna mistaka starfsfólks Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar. Læknar án landamæra segja enn vanta mikið upp á nauðsynlegt fjármagn.

BRETLAND Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin WHO viðurkennir að hafa klúðrað fyrstu viðbrögðum vegna ebólufaraldursins í vestanverðri Afríku. Heilbrigðisstarfsfólk þar hafi engan veginn ráðið við verkefnið og upplýsingar hafi verið af skornum skammti.

„Nærri allir sem tóku þátt í viðbrögðum við faraldrinum brugðust að því leyti að þeir sáu ekki hvað var í vændum,“ sagði WHO í drögum að innra minnisblaði, sem fréttastofan AP hefur komið höndum yfir.

Þar kemur fram að sérfræðingar hefðu átt að gera sér grein fyrir því frá upphafi að venjulegar aðferðir við að halda smitfaraldri í skefjum duga engan veginn á þessu svæði, þar sem heilbrigðiskerfi er mjög vanburða og fólk fer hindrunarlítið yfir landamæri.

Peter Piot, læknirinn sem ásamt öðrum uppgötvaði fyrst ebóluveiruna fyrir rúmlega fjórum áratugum, tekur undir þetta og segir að WHO hafi brugðist alltof seint við. Einkum sé þar starfsfólki stofnunarinnar í Afríku um að kenna.

„Það er svæðisskrifstofan í Afríku sem stendur þarna í eldlínunni,“ sagði hann. „Og þeir gerðu ekkert. Þessi skrifstofa er alls ekki hæf til verka.“

Samtökin Læknar án landamæra, sem í raun hafa gegnt lykilhlutverki í baráttunni við faraldurinn í Afríkuríkjunum, segja mikið vanta upp á að nægileg fjárframlög hafi borist til þess að hægt verði að koma ástandinu í viðröð-anlegt horf.

Ákall um fjárframlög hafi til þessa ekki skilað nema tæplega 400 milljónum dala, en nærri milljón þurfi í heildina.

Þá segir Christopher Stokes frá Læknunum án landamæra, í viðtali við BBC, að það sé hreinlega fáránlegt að sjálfboðaliðar frá



BÚNINGARNIR BRENNDIR Hlíffarfötin, sem notuð eru meðan ebólusjúklingum er sinnt, eru ónothæf eftir notkun.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP



PETER PIOT Læknirinn sem uppgötvaði ebóluveiruna sakar starfsfólk WHO í Afríku um að hafa brugðist.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP



FRUMSTÆÐAR AÐSTÆÐUR Sjálfboðaliðar á vegum samtakanna Læknar án landamæra hafa borið hitann og þungann af aðgerðum gegn ebólu í vestanverðri Afríku.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

samtökunum hafi borið hitann og þungann af baráttunni við ebólufaraldurinn í Afríkuríkjunum þremur sem verst hafa orðið úti.

Góðar fréttir af ebólunni bárustu þó í gær þegar WHO lýsti því yfir að í Senegal hefði tekist að ráða niðurlögum veirunnar.

Stofnunin hrósar stjórnvöldum

í Senegal fyrir snögg og góð viðbrögð eftir að maður greindist þar ebólusmitaður í lok ágúst. Hann hafði komið frá Gíneu, og fékk að snúa þangað aftur þann 18. september. Stjórnvöldum í Senegal tókst að koma í veg fyrir að fleiri smituðust þar.

Í Nígeríu hafa 20 manns greinst

með smit og eru átta þeirra látnir.

Smituðum er enn að fjölga í Líberíu, Síerra Leóne og Gíneu, þar sem ástandið hefur verið verst. Alls hefur faraldurinn kostað meira en 4.500 manns lífið, en hátt í tíu þúsund hafa smitast frá upphafi faraldursins snemma á þessu ári.

gudsteinn@frettabladid.is

Framkvæmdir við Vaðlaheiðargöng munu taka lengri tíma en áætlað var í fyrstu vegna hita og raka:

Sexfalt meira notað af sementi en áætlað var

SAMGÖNGUR Í upprunalegri framkvæmdáætlun um gerð Vaðlaheiðarganga stóð til að nota um 200 tonn af sementi við alla gangagerðina. Nú hafa 40 prósent ganganna verið grafin og þegar er búið að nota um tólf hundruð tonn af sementi.

Valgeir Bergmann, framkvæmdastjóri Vaðlaheiðarganga, segir þó enn of snemma til um það hvort framkvæmdin muni fara fram úr áætlunum. „Eins og staðan er núna erum við innan fjárhagsáætlunar. Verkáætlun okkar inniheldur á þriðja hundruð útgjaldaliði. Sumir eru vel innan marka en aðrir, líkt og kaup á sementi, hafa farið fram úr áætlunum. Þó er þessi tiltekni liður afar lítil hluti af áætlunum heildarkostnaði við gangagerðina svo við höfum enn sem komið er ekki miklar

áhyggjur.“

Fréttablaðið hefur áður greint frá því að nú þurfa Vaðlaheiðargöng hf. að endursejma við lánardrottina sína vegna fyrirhugaðrar seinkunar á opnun ganganna. Einnig er í bígerð endurnýjuð verkáætlun verktakans Ósafls. Til stóð að tveir borflokklar ynnu, hvor sínum megin Vaðlaheiðar. Vegna hita og raka í göngunum vestanmegin hefur starfsemi þar verið hætt um óákveðinn tíma.

Tilboð Íslenskra aðalvertaka og Marti í gerð Vaðlaheiðarganga hljóðaði upp á um 8,8 milljarða króna.

- sa



VALGEIR BERGMANN



VADLAHEIDARGÖNG Kostnaður hefur farið fram úr áætlun.

FRÉTTABLAÐIÐ/AUÐUNN

TILBOÐ
20%
afsláttur á kassa



479 kr/kg
Verð áður 599.-

**KALKÚNA-
LEGGIR**

TILBOÐ
25%
afsláttur á kassa



2519 kr/kg
Verð áður 3.598.-

KALKÚNABRINGA

Fyllt USA



T.G.I. FRIDAY'S
4 TEGUNDIR

TILBOÐ
20%
afsláttur á kassa



1359 kr/kg
Verð áður 1.699.-

HEILL KALKÚNN

Frosinn



Gosdrykkir í miklu úrvali

Sætt og sykurlaust



Starbuck kaffi

Love Starbuck!



Goober

Hnetusmjör og sulta í einni krukku

Lestin mun keyra frá anddyri Hagkaups í Smáralind

Laugardaginn 18. okt. frá kl. 11 til 17

Sunnudaginn 19. okt frá kl. 13:00 til 18:00.



General mills morgunkorn í úrvali

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

Gildir til 26. október á meðan birgðir endast.

Kostnaðurinn of mikil hindrun

Hefur reynt að eignast barn án árangurs í sex ár. Segir kostnað of háan til að komast í nauðsynlega meðferð. Fagnar þingsályktunartillögu Silju Daggar Gunnarsdóttur, þingkonu Framsóknar, um aukna greiðsluþátttöku ríkisins vegna tæknifrjógungunarméðferða.

HEILBRIGÐISMÁL „Ég er alltaf á leiðinni í meðferðina. En ég bý á Reyðarfirði og það er svo erfitt fyrir mig að komast. Fjarlægðin gerir okkur mjög erfitt fyrir,“ segir Lára Antonía Halldórsdóttir, en hún og maðurinn hennar hafa verið að reyna að eignast barn án árangurs í átta ár.

Eftir rannsóknir lækna fengu þau greininguna óútskýrð ófrjósemi þar sem ekkert fannst að sem gæti útskýrt erfðeigðir við að geta barn.

Hún segir fjarlægðina við höfuðborgina helstu ástæðuna fyrir því að þau hafi enn ekki hafið meðferð þar sem ferðakostnaður og tekjutap vegna hennar setji stórt strök í reikninginn.

Lára fagnar þingsályktunartillögu Silju Daggar Gunnarsdóttur, þingkonu Framsóknarflokksins, en með þingsályktunartillögunni er lagt til að fela ráðherra að endurskoða greiðsluþátttöku ríkisins vegna tæknifrjógungunarméðferða þannig að stuðningur ríkisins verði meiri. Einnig að greiðsluþátttaka sjúkratrygginga taki til ferðakostnaðar vegna tæknifrjógungunarméðferða.

„Við byrjuðum að reyna að eignast barn 2006 en vorum svo sem ekkert að stressa okkur þrátt fyrir að ég yrði ekki ólétt strax. Ég minntist á þetta við lækningu minn 2008 og hann sagði mér að hafa ekki áhyggjur þar sem ég væri enn þá svo ung. Við fluttum síðan til Reyðarfjarðar vorið 2010 og það sama haust eignaðist vinkona mín barn. Þá smá eitthvað í mér og ég hugsaði að þetta gæti ekki átt að vera svo erfitt.“

Í kjölfarið pantaði Lára tíma hjá Art Medica, tæknifrjógungunarmiðstöð sem er sú eina sinnar tegundar á landinu. Einnig þurfti að gera rannsókn á manni hennar þannig að þau ferðuðust saman til Reykjavíkur bjartsýn um að fá aðstoðina sem þau þyrftu. Þau fengu niðurstöðuna úr þeirri rannsókn í mars 2011. „Það tók langan tíma að fá niðurstöðuna þar sem það er ekki auðvelt fyrir okkur að skreppa í bæinn. Heim-

„Síðan þyrftum við að eiga sjóð til þess að geta tekist á við tekjutapið sem við yrðum fyrir á meðan. En vegna fjarlægðarinnar og kostnaðarins sit ég enn þá hérna þremur árum seinna og er ekki enn byrjuð á meðferðinni.“

Lára Antonía Halldórsdóttir

ilislæknirinn minn var skráður í Reykjavík þannig að við gátum ekki fengið niðurstöðurnar í gegnum hann. Okkur var tjáð að ekkert hefði fundist að hjá okkur. Við værum með það sem er kallað óútskýrð ófrjósemi. Þó að það væri auðvitað léttir að það væri ekkert að, þá voru það samt ákveðin vonbrigði líka því ef það hefði verið eitthvað að þá væri hægt að laga það. Það er nefnilega erfiðara en marga grunar að ganga í gegnum þetta ferli. Það er líka erfitt að svara spurningum um af hverju maður á ekki barn. Í dag tala ég þó alveg opinskátt um það.“

Í framhaldi af þessum niðurstöðum var ákveðið að næsta skref hjá Lára og manni hennar væri meðferð hjá Art Medica.

Hún útskýrir að til þess að komast suður í meðferðina þyrftu bæði hún og maður hennar að taka frí frá vinnu í ótilgreindan tíma þar sem óljóst er hversu langan tíma það taki fyrir meðferðina að bera árangur. Hún segir meðferðina, tæknisæðingu, kosta með lyfjum um 100.000 krónur. Hún yrði að vera framkvæmd á réttum tíma í tíðahringnum og flug með stuttum fyrirvara kosti fyrir þau tvö um 80.000.

„Síðan þyrftum við að eiga sjóð til þess að geta tekist á við tekjutapið sem við yrðum fyrir á meðan. En vegna fjarlægðarinnar og kostnaðarins sit ég enn þá hérna þremur árum seinna og er ekki enn byrjuð á meðferðinni.“

hannarut@frettabladid.is



LÁRA ANTONÍA HALLDÓRSDÓTTIR Segir ferðakostnað og tekjutap vegna ferðalags frá Reyðarfirði vera helstu ástæða þess að hún hafi ekki hafið frjósemisméðferð. MYND/ADSEND

Auglýst eftir umsóknum um þýðingarstyrki

Miðstöð Íslenskra Bókmennta auglýsir eftir umsóknum um styrki til þýðinga á íslensku.

Umsóknarfrestur er til 15. nóvember 2014.

Umsóknareyðublöð og nánari upplýsingar er að finna á www.islit.is



MIÐSTÖÐ ÍSLENSKRA BÓKMENNTA
ICELANDIC LITERATURE CENTER

GRINDAVÍK Bæjaryfirvöld gengu frá öllum skipulagsmálum vegna gróðurhússins í mars síðastliðnum.



Ekki gert ráð fyrir að framkvæmdir við risagróðurhús hefjist á næsta ári:

Bæjaryfirvöld í Grindavík búast ekki við tekjum frá gróðurhúsi

ÍÐNAÐUR Bæjaryfirvöld í Grindavík gera ekki ráð fyrir að framkvæmdir við tómatagróðurhús hollenska fyrirtækisins EsBro hefjist á næsta ári. Fyrirtækið hefur viljað hefja framkvæmdir á þessu ári en enn er unnið að fjármögnun verkefnisins.

„Við gerum ekki ráð fyrir að sveitarfélagið fái tekjur eða leggi út gjöld vegna þessa verkefnis í fjárhagsáætlun ársins 2015 sem verður kynnt í byrjun nóvember,“ segir Róbert Ragnarsson, bæjarstjóri Grindavíkur.

Hollenska fyrirtækið áformar að reisa 150 þúsund fermetra gróðurhús undir framleiðslu á tómötum til útflutnings. Það hefur fengið vilyrði fyrir lóð í Mölvík sem er um tíu kílómetra frá Grindavík.

Róbert segir forsvarsmenn fyrirtækisins nú stefna að því



RÓBERT RAGNARSSON

að gróðurhúsið verði reist í þremur fimm hektara áföngum. Fyrri áætlanir EsBro hafi gert ráð fyrir að húsið yrði byggt í einum 15 hektara áfanga.

„Okkur skilst að það sé enn unnið að fjármögnun verkefnisins og að þessar breytingar á framkvæmdinni tengist breyttum markaðsaðstæðum í Austur-Evrópu. Skipulag svæðisins heimilars hins vegar að verkefnið sé unnið í nokkrum áföngum og það ætti því ekki að vera neitt vandamál,“ segir Róbert.

Verkefnið var fyrst kynnt á íbúafundi í Grindavík fyrir ári. EsBro hefur síðan þá gert ráð fyrir að framkvæmdir hefjist á

þessu ári en Róbert telur útilokað að það náist.

„Þetta hefur tafist og það er meðal annars ástæðan fyrir því að við erum ekki að reikna með þessu á árinu 2015. Fyrirtækið hefur tvisvar sett upp tímaplan sem hefur ekki staðist og við erum því ekki að halda niðri í okkur andanum út af þessu,“ segir Róbert.

Heildarkostnaður verkefnisins er áætlaður um 35-40 milljónir evra, eða 5,4 til 6,2 milljarðar króna. Tekjur Grindavíkur vegna gróðurhússins gætu að sögn Róberts numið allt að 60 milljónum króna á ári.

„Ef þetta kemur árið 2015 þá verður það frábært en annars erum við einungis að gera ráð fyrir þessum hefðbundna rekstri hjá okkur sem byggir á sjávarútvegi og ferðaþjónustu.“

haraldur@frettabladid.is

KANARÍ

26. nóv. – 2. des.
– 5 nætur

**Green Park ★★
Apartamentos**

VERÐ FRÁ
83.100 KR.

á mann m.v. tvo fullorðna
íbúð með einu svefnherbergi.

Skrepptu til Kanarí í skammdeginu og fáðu sól í kroppinn – Nánár á uu.is

ÚRVAL-ÚTSÝN



ÞÚ AÐ NJÓTA LÍFSINS

NÝR VOLVO V40 CROSS COUNTRY FRUMSÝNDUR Í DAG FRÁ KL. 12-16
MÁTAÐU HANN VIÐ ÞIG

VOLVO V40
FRÁ 4.390.000 KR.
VOLVO V40 CROSS COUNTRY
FRÁ 4.590.000 KR.
FÁANLEGUR SJÁLFSKIPTUR

**KOMDU OG REYNSLUAKTU NÝJUM VOLVO V40, ÖRUGGASTA BÍL Í HEIMI
NÚ EINNIG FÁANLEGUR Í CROSS COUNTRY ÚTFÆRSLU
OPIÐ VIRKA DAGA KL. 9-17 OG LAUGARDAGA KL. 12-16**

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 515 7050 | volvo.is

Volvo V40 D2 115 hö, 6 girna beinskiptur. Eldsneytisnotkun í blönduðum akstri 3,4 l/100 km. CO₂ 88 g/km.

Volvo V40 Cross Country D2 115 hö, 6 girna beinskiptur. Eldsneytisnotkun í blönduðum akstri 3,8 l/100 km. CO₂ 99 g/km.

Volvo V40 dísil uppfyllir þau skilyrði sem þarf til að fá frítt í stæði í miðbæ Reykjavíkur í 90 mínútur í senn. Volvo V40 fékk hæstu einkunn sem hefur verið gefin í öryggisprófunum Euro NCAP.

Brimborg og Volvo áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara. Útbúnaður getur verið frábrugðinn mynd í auglýsingu.

50 ár í bílgreininni

brimborg

Öruggur staður til að vera á

Holtagerði 46
200 Kópavogur
Góð efri sérhæð með bílskúr

Stærð: 152,6 fm
Fjöldi herbergja: 4
Byggingarár: 1967
Fasteignamat: 30.350.000
Bílskúr: Já





Opíó Hús





Kristján Þórir
Sölufulltrúi
6961122
kristjan@remax.is

Priðjudaginn 21 okt kl. 17:30-18:00

Verð: 39.900.000

Góð efri sérhæð með bílskúr á frábærum stað. Íbúðin skiptist í forstofu, eldhús með búi annaf, stofu og þaðan er útgengt út á stórar suður svalir með flísum, svefngangur, baðherbergi/þvottahús með baðkari og góðum skápum, barnaherbergi með parketi, barnaherbergi með parketi og skáp, hjónaherbergi með parketi og skáp og þaðan er útgengt út á svalirnar og lítið salerni með klósetti, vask og skáp. Gott útsýni er úr íbúðinni. Stutt er í alla þjónustu eins og skóla, leikskóla og sundluag.

Þórunn Gísladóttir
Lögg. fasteignasali
510 7900
thorunn@remax.is

RE/MAX Lind - Hlíðasmára 6 - 201 Kópavogur - Sími: 5107900 - www.remax.is



AKUREYRARFLUGVÖLLUR Nýtt flughlað er ekki á dagskrá.

Flughlað ekki á dagskrá þvert á loforð

Endurbætur flugvallarstæðis á Akureyri er ekki að finna í fjárlagafrumvarpinu. Forsætisráðherra lagði á það áherslu að hefjast handa við gerðina á næsta ári.

SAMGÖNGUR Gerð nýs flughlaðs á Akureyrarflugvelli er ekki að finna í fjárlagafrumvarpi ársins 2015, þrátt fyrir loforð Sigmundar Davíðs Gunnlaugssonar forsætisráðherra um að koma framkvæmdinni á laggirnar. „Við munum reyna að tryggja fjármagn núna í fjárlagagerðinni,“ segir Höskuldur Þór Þórhallsson, formaður umhverfis- og samgöngunefndar. Sextíu þúsund rúmmetrar efnis liggja ónotaðir á athafnasvæði Vaðlaheiðarganga.

Nýtt flughlað á Akureyrarflugvelli skapar rými til að taka við stærri farþegaflugvélum og opnar möguleikann á millilandaflugi frá Akureyri.

Hugmyndir hafa verið uppi, allt frá því að hugmyndir um gerð Vaðlaheiðarganga komust á skrið, að nýta það efni sem út úr göngunum kæmi í nýtt flughlað á Akureyrarflugvelli. Nú er svo komið að Isavia stendur efnið til boða án endurgjalds. Isavia þarf því aðeins að greiða fyrir flutningskostnaðinn. Það fjármagn hefur ekki fengið þrátt fyrir vilja stjórnvalda og fjárlagafrumvarpið gerir ekki ráð fyrir því að framkvæmdin verði að veruleika á árinu 2015.

Þann 16. júlí síðastliðinn sagðist Sigmundur Davíð Gunnlaugsson forsætisráðherra vona að Alþingi tryggi fjármuni til að hefja stækun flughlaðsins á næsta ári. „Menn hljóta að vilja nota tækifærið til að nýta þetta efni í það að stækka flughlaðið sem er nauðsynlegt til þess að flugvöllurinn nýtist sem skyldi,“ sagði Sigmundur.



SIGMUNDUR DAVÍÐ GUNNLAUGSSON

HÖSKULDUR ÞÓR ÞÓRHALLSSON

Höskuldur Þór Þórhallsson, formaður umhverfis- og samgöngunefndar þingsins, segir rétt að ekki sé gert ráð fyrir framkvæmdum við flughlað. Hann vonast hins vegar til að Alþingi finni fjármagn í þessa framkvæmd til þess að hægt verði að hefjast handa.

Þegar hann er spurður að því af hverju framkvæmdin sé ekki á fjárlögum segir hann ýmis mál ekki vera á fjárlögum sem hann hefði kosið. „Nú ætlum við að tryggja fjármagn í fjárlagagerðinni á þingi þannig að það verði byrjað að flytja eitthvað af efninu í flughlaðið á næsta ári. Það er vilji minn og forsætisráðherra að setja þessa framkvæmd á áætlan. Þetta er eitt af mínum baráttumálum og hefur verið lengi. Nú eru menn einmitt að gera sér grein fyrir hagsmunum sem eru í húfi, ekki bara fyrir Akureyri og Norðurland, heldur líka fyrir ríkissjóð að fá þarna ódýrt efni afar stutt frá flugvælinum til nota,“ segir Höskuldur Þór.

svinn@frettabladid.is

66% nemenda í 2. bekk geta lesið sér til gagns:

Þörf á að endurmeta lesskimunarpróf

MENNTUN Lesskimun sem gerð var í grunnskólum Reykjavíkur vorið 2014 sýnir að 66% nemenda í öðrum bekk luku tilskildum árangri í lesskimunarprófi og teljast því samkvæmt skilgreiningu geta lesið sér til gagns. Þetta kemur fram í tilkynningu frá Reykjavíkurborg. Þeir nemendur sem ekki ná tilskildum árangri í lesskilningi, eða 483 af þeim 1.407 sem tóku prófið, þurfa stuðning í lestri með einstaklingsáætlun eða einstaklingsnámskrá. Sá hópur er samkvæmt skimuninni misstór eftir skólum eða frá engum nemanda upp í 40% nemenda í árgangi.

Niðurstöður skimunarinnar nú (66%) eru jafnar meðaltalshlutfalli þeirra sem hafa getað lesið sér til



LÆGRA Hlutfall þeirra barna sem lesið geta sér til gagns er lægra nú en árið 2008. Gagns síðastliðin 12 ár. Hlutfall nemenda sem lesa sér til gagns 2014 er um þremur prósentustigum hærra en árið 2013 en það ár var hlutfallið það lægsta síðan 2005. Þrátt fyrir hækkun á milli ára er hlutfallið lægra nú en það var árin 2008-2012.

-vh



VÍSINDI Á MANNAMÁLI



OPINN FYRIRLESTUR Í HÁTÍÐASAL HÁSKÓLA ÍSLANDS
PRIÐJUDAGINN 21. OKTÓBER NK. KL. 12.10

Brjóstakrabbamein á Íslandi og leitinn að bættri meðferð

Jörunn Erla Eyfjörð, próffessor við Læknadeild Háskóla Íslands, fjallar um rannsóknir á krabbameini með áherslu á brjóstakrabbamein í hádegiserindi í Hátíðasal Háskóla Íslands þriðjudaginn 21. október nk. kl. 12.10. Erindið er hluti af fyrirlestraröð sem Háskóli Íslands hleypir nú af stokkunum og ber heitið **Vísindi á mannamáli**.

Jörunn Erla hefur um árabil stundað rannsóknir á brjóstakrabbameini og átt í öflugu alþjóðlegu samstarfi. Eftir hana liggur fjöldi vísindagreina í mörgum af virtustu vísindaritum heims. Frá árinu 1988 stýrði hún erfðafræðirannsóknum á Rannsóknastofu Krabbameinsfélags Íslands í sameinda- og frumulíffræði þar til rannsóknastofan flutti starfsemi sína til Læknadeildar Háskóla Íslands árið 2007 þar sem hún er enn.

Um fyrirlestraröðina
Vísindi á mannamáli er ný fyrirlestraröð Háskóla Íslands sem efnt er til að frumkvæði Lífvísindaseturs og Líffræðistofu Háskóla Íslands. Markmiðið er að varpa ljósi á það hvernig vísindamenn háskólans reyna að afhjúpa leyndardóma náttúrunnar og hvaða þýðingu vísindarannsóknir hafa fyrir daglegt líf fólks, t.d. baráttu við sjúkdóma eða náttúruöflin eða til að auka lífsgæði og takast á við nýjar áskoranir tengdar breytingum í umhverfinu.

Allir velkomnir meðan húsrúm leyfir.

Nánari upplýsingar má finna á:
www.hi.is/visindi_a_mannamali



HÁSKÓLI ÍSLANDS

www.hi.is

Tegundakynning Kynjakatta

FRÁ 13:00 TIL 17:00
LAUGARDAG OG SUNNUDAG

YFIR 20 KATTATEGUNDIR
MARGAR SPENNANDI TEGUNDIR SVO SEM:
EXOTIC | PERSIAN | MAINE COON | RAGDOLL
ABYSSINIAN | NORWEGIAN FORREST CAT
CORNISH REX | SEYCHELLIOS/SIAMESE

DÝRAVÖRUKYNNINGAR
LUKKUPOTTUR – O.FL.

20 TIL 30% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM GÆLUDÝRAVÖRUM

AG
ARDEN GRANGE

Brit
PREMIUM

Hills

PRO
PLAN

ROYAL CANIN

NJÓTUM HAUSTSINS



ÚRVAL AF FALLEGUM
HAUSTPLÖNTUM



20% AFSLÁTTUR
AF ÖLLUM SERÍUM




30% AFSLÁTTUR
AF ÖLLUM HAUSTLAUKUM



FRÍTT KAFFI Á SPÍRUNNI
FYRIR ALLA KLÚBBAFÉLAGA ÚT OKTÓBER

SKRÁÐU ÞIG Í GARÐHEIMAKLÚBBINN
Á WWW.GARDHEIMAR.IS

OPIÐ TIL 21:00
ÖLL KVÖLD



GARÐHEIMAR

Garðheimar • Stekkjarbakka 6 • 540 3300 • gardheimar.is



MÓTMÆLI Í HONG KONG Til rýsinga kom á milli lögreglu og mótmælenda í Mong Kok í Hong Kong á föstudagskvöld. Lögregla hafði fyrr um daginn lokað svæðinu fyrir mótmælendum.

NORDICPHOTOS/AP



ÁSTAND HEIMSINS



HERMENN MARSERUÐU Í SERBÍU Þúsundir manna fylgdu með hermönnum í serbneska hernum marsera í skrudgöngu í hellirigningu í Belgrad.



LEIÐTOGAR Í MÍLANÓ Angela Merkel, kanslari Þýskalands, Vladimir Pútín, forseti Rússlands, og Matteo Renzi, forsætisráðherra Ítalíu, hittust á fundi leiðtoga Evrópu- og Asíuríkja í Mílanó.



SPILAÐ Í SÝRLANDI Ungur sýrlenskur drengur sem flúði Sýrland með fjölskyldu sinni leikur sér í flóttamannabúðum í Suruc sem eru á landamærum Tyrklands og Sýrlands. Yfir 200 þúsund manns hafa flúið yfir landamærin til Tyrklands.



MÓTMÆLTU Í MEXÍKÓ Grímuklæddir nemendur mótmæltu hvarfi 43 nemenda frá Isidro Burgos-háskólanum í Acapulco, Mexíkó.



STRÍÐSLEIKUR Í BELGÍU Tveir strákar leika sér í stríðsleik á minnisvarða um fyrri heimsstyrjöldina í Zonnebeke-kirkjugarðinum í Belgíu.



HAUSTHÁTÍÐ Í TÓKÝÓ Hópur japanskra lögfræðinga ásamt shinto-presti vottuðu Yasukuni-helgidóminum virðingu sína á árlegri hausthátíð í Tókýó.

Ályktun stjórnar KÍ: Mæta þarf launakröfum

KJARAMÁL Stjórn Kennarasambands Íslands skorar á stjórnvöld að veita samninganefnd sveitarfélaga umboð til að mæta réttmætum kröfum tónlistarskólakennara og stjórnenda tónlistarskóla um nauðsynlegar kjaraleiðréttingar.

Í ályktun stjórnarfundar KÍ, sem haldinn var í gær, segir að tilboð samninganefndar sveitarfélaga sé algerlega óviðunandi. Harmað er að grípa þurfi til verkfalls og ábyrgðin sögð fyrst og fremst á herðum stjórnvalda. - ibs

Úrskurðaður í fjögurra vikna áframhaldandi gæsluvarðhald:

Aðstæður barnanna skoðaðar

LÖGREGLUMÁL Gæsluvarðhald yfir manningum sem grunaður er um að hafa orðið konu sinni að bana á heimili þeirra í Stelkshólum í lok síðasta mánaðar var í Héraðsdómi Reykjavíkur í gær framlengt um fjórar vikur. Maðurinn mun ekki áfrýja úrskurðinum.

Maðurinn neitar enn þá sök en hann heldur því fram að konan hafi tekið eigið líf. Rannsókn lögreglunnar er að mestu lokið en enn er beðið eftir niðurstöðum úr geðmati og niðurstöðum krufningar.

Samkvæmt upplýsingum frá lögreglunni var þrengt að öndunarvegi konunnar svo hún hlaut bana af. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins var notað einhvers konar snæri eða band við verknaðinn.

Börn hjónanna, 2 og 6 ára, hafa verið vistuð hjá vinafólki fjölskyldunnar en unnið er að því að flytja þau út til fjölskyldu þeirra í Póllandi. Áður en það er gert þarf Barnavernd að athuga við hvaða aðstæður þau myndu koma til með að búa þar ytra. - hó



GRUNAUÐUR Maðurinn var úrskurðaður í fjögurra vikna áframhaldandi gæsluvarðhald. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Lyfjagreiðslukerfið: 4.000 hafa náð hámarksþaki

HEILBRIGÐISMÁL Um 4.000 einstaklingar hafa náð hámarksþakinu sem er á greiðsluþátttöku sjúklings innan 12 mánaða tímabils í lyfjagreiðslukerfinu.

Í frétt á vef velferðarráðuneytisins segir að þessir einstaklingar hafi þar með verið varðir fyrir frekari kostnaði því sjúkratryggingar greiða þar til greiðslutímabilinu lýkur lyf viðkomandi að fullu. Um 1.000 samningar hafa verið gerðir um greiðsludreifingu vegna lyfjakaupa einstaklinga. - ibs



EKKI FUNDINN Lögregla leitar enn þess sem strengdi vírinn.

Rannsókn engu skilað:

Leita þess sem strengdi vírinn

LÖGREGLUMÁL Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu leitar enn þess eða þeirra sem strengdu vír yfir hjóla- og göngubrú yfir Elliðaárnar í lok september.

Hjólreiðamaður meiddist illa á öxl og þurfti að leita á slyshadeild eftir að hafa hjólað á vírinn. Maðurinn var með hjálm sem er talið hafa bjargað honum frá frekari höfuðmeiðslum en sauma þurfti tíu spor í ennið á honum. Rannsókn lögreglu hefur enn engu skilað en slysið átti sér 28. september síðastliðinn. - vh

Björgunarráðstefna fer fram:

Sérfræðingar deila þekkingu

RÁÐSTEFNA Slysavarnafélagið Landsbjörg stendur fyrir alþjóðlegu ráðstefnunni Björgun sem fram fer um helgina í Hörpu.

Hún er haldin annað hvert ár og á henni eru fluttir hátt í sextíu fyrirlestrar sem tengjast leit, björgun og störfum viðbragðsaðila.

Innlendir sem erlendir sérfræðingar ætla þar að deila þekkingu sinni og reynslu. Landsbjörg hefur fengið til landsins suma af helstu erlendu sérfræðingunum á þessu sviði. Búið er við að ríflaga 800 manns, frá innlendum sem erlendum viðbragðsaðilum, muni sitja ráðstefnuna og er hún þar með orðin ein sú stærsta í þessum geira í heiminum.

Setning ráðstefnunnar og opunarfyrirlestur fór fram í Norðurljósasal Hörpu í gær. - glp

Dauðsfall á Hvammstanga:

Feðgar lausir úr farbanni

LÖGREGLUMÁL Tveir menn, sem settir voru í farbann grunaðir um aðild að dauðsfalli á Hvammstanga í júní, eru nú frjálsir ferða sinna eftir að hafa verið í farbanni síðan í september. Mennirnir sátu í gæsluvarðhaldi til 19. júní. Samkvæmt mbl.is hafa niðurstöður í réttarmeinafræðilegri rannsókn á meintri líkamsárás borist lögreglunni á Akureyri en þær leiddu ekkert nýtt í ljós. - vh

HÓPFERÐIR

GEFÐU ÞÉR GÓÐAN TÍMA Í GÓÐRA VINA HÓPI



Árshátíð, stórafmæli eða vinaferð?

Njótið þess að ferðast saman og vera til. Icelandair býður hópferðir til fjölmargra áfangastaða austan hafs og vestan. Allar ferðir eru sniðnar að þörfum fólks í góðra vina hópi* og hrista hópinn vel saman.

Hafið samband við hópadeild Icelandair

Skipuleggið ferðina tímanlega. Við getum séð um að bóka flug, hótél, rútur, skoðunarferðir og veislur. Leitið tilboða með því að fylla út fyrirspurnarformið á icelandair.is/hopar

+ Nánari upplýsingar hjá hópadeild Icelandair í síma 50 50 406 eða á hopar@icelandair.is

[f](#) [t](#) [v](#) [y](#) [t](#) [u](#) [t](#) Vertu með okkur

ICELANDAIR



* Hópur miðast við að 10 eða fleiri ferðist saman.

HAUSTIÐ ER KOMIÐ Í HÖLLINA



HÚSGÖGN
& SMÁVARA
FRÁ
FURNINOVA

LONDON 3ja sæta sófi
Stærð: 210 x 90 H: 80 cm.
Slitsterkt áklæði. Dúntoppur

239.990

FULLT VERÐ: 299.990



AALTO KERTASTJAKI
Kr. 6.990



KASTEHELMÍ
KERTASTJAKAR
FRÁ KR. 2.490 - 5.990



TAIKA DISKUR 27CM
Kr. 5.490

MIKIÐ ÚRVAL AF
NÝRRI OG FALLEGRI
SMÁVÖRU FYRIR
LIFANDI HEIMILI



SOUL LOFTLIJÓS
Kr. 39.990



MARIBOWL 155
20% AFSLÁTTUR
kr. 5.990
TILBOÐ KR. 4.792
kr. 8.990
TILBOÐ KR. 7.192



TAIKA KANNA
Kr. 3.990

BROSTE 3D VASI
20cm Kr. 3.940
30cm Kr. 6.490



SPEEDTSBERG VASI
Kr. 5.190



AALTO VASI
Verð kr. 39.990



BROSTE KERTI
Mikið úrval



FULL BÚÐ AF FALLEGRI VÖRU



King George hægindastóll
Stærð: 92 x 90 H: 111 cm.
Svart og dökkbrúnt leður

199.990

FULLT VERÐ: 249.990

**NÝ OG
SPENNANDI
SKINNVARA FRÁ
NATURES COLLECTION
20% KYNNINGAR-
AFSLÁTTUR UM
HELGINA**



ÞÓÐAR - MARGIR LITIR
11.992
FULLT VERÐ: 14.990



KATE KRAGI - 2 LITIR
19.992
FULLT VERÐ: 24.990

NATURES COLLECTION

VESTI - HÚFUR
TREFLAR - HANSKAR
KRAGAR

KATJA KRAGI - 3 LITIR
Fullt verð kr. 16.990
TILBOÐ 13.592

SARAH VESTI - 4 LITIR
Fullt verð kr. 37.990
TILBOÐ 30.392



HÚSGAGNAHÖLLIN

REYKJAVÍK | AKUREYRI

Hægt og hljótt skýrist atburðarásin 6. október 2008:

Símalánþjónusta Seðlabankans

Vissulega kom á óvart að hið stóra neyðarlán Seðlabanka Íslands hafi verið veitt og afgreitt í símtali milli Hreiðars Mús Sigurðssonar, þáverandi forstjóra Kaupþings, og Davíðs Oddssonar, þáverandi formanns bankastjórnar Seðlabankans. Eins veur furðu að ekki hafi nein skuldaskjöl eða tryggingar verið undirrituð áður en Seðlabankinn millifærði um 85 milljarða íslenskra króna, eða réttara sagt fimm hundruð milljónir evra, inn á reikning Kaupþings. Þetta minnir á smálánþjónustuna sem auglýst er ítrekað. Þar er reyndar, ef rétt er skilið, stuðst við sms-skilaboð, og peningar eru þá lagðir inn á reikninga viðkomandi samtímis. En 85 milljarðar króna. Rétt um helmingur gjaldeyrisvaraförða þjóðarinnar á þeim tíma.

Hreiðar Már skrifaði ágæta grein hér í Fréttablaðið í gær. Þar lýsir hann atburðarásinni, séðri frá hans eigin sjónarhorni. Hann skrifar meðal annars: „Það voru óvenjulegir tímar í byrjun október 2008. Frágangur lánsins til Kaupþings var einnig óvenjulegur þar sem Seðlabanki Íslands millifærði einfaldlega 500 milljónir evra til Kaupþings mánudaginn 6. október eftir samtali um lánveitinguna milli mín og Davíðs Oddssonar, formanns bankastjórnar Seðlabankans. Engin lánaskjöl voru undirrituð og Seðlabankinn gekk ekki frá veðsetningu FIH bankans til sín. Það var svo ekki fyrr en á næstu dögum á eftir að Seðlabankinn fór fram á það við okkur að við gengum frá lánaskjöllum og veðsetningu FIH bankans vegna lánveitingarinnar. Það gerðum við stjórnendur Kaupþings að sjálfsgöðu eins og um hafði verið rætt en þá var búið að millifæra lánsfjárhæðina í heild sinni til Kaupþings.“

Þetta sjónarhorn á atburði dagsins 6. október 2008 kallar enn frekar á að við fáum að vita allt, fáum að vita hvaða ákvarðanir voru teknar og hvers vegna var ákveðið að lána Kaupþingi svo mikla peninga, dagsparti áður en neyðarlögin voru sett á sama dag. Símtal þeirra Davíðs Oddssonar seðlabankastjóra og Geirs H. Haarde skiptir þar miklu máli. Miklir peningar voru millifærðir frá Seðlabankanum og til Kaupþings þennan dag. Hreiðar Már segir, í greininni góðu, að stjórnendur Kaupþings hafi trúað að með þá peninga myndi takast að bjarga Kaupþingi. Hvað um það. Hann segir í framhaldi af því:

„Það sem við vissum ekki þá var að ríkisstjórn Íslands myndi stöðva þann dag beita sér fyrir samþykkt neyðarlaga á Alþingi Íslendinga. Neyðarlögin, sem settu innistæðueigendur fram fyrir aðra kröfuhafa, kiptu fótunum endanlega undan rekstri alþjóðlegra banka á Íslandi og eftir að þau voru samþykkt seint um kvöldið er óumdeilt að mínu viti að ekki var lengur raunhæft að reka alþjóðlegan banka, sem sótti fjármögnun sína til alþjóðlegra markaða, frá Íslandi.“

Nú er upplýst að jafnvirði um 85 milljarða króna var lánað án þess að gengið hefði verið frá lánaskjöllum og tryggingum. Hvers vegna? Hvað vakti fyrir mönnum?

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Ingibjörg S. Pálmadóttir FORSTJÓRI: Sævar Freyr Práinsson ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI: Kristín Þorsteinsdóttir kristin@frettabladid.is FRÉTTASTJÓRI: Sigurjón M. Egilsson sme@frettabladid.is. Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

Næsta bylgja sjónvarpa er komin

innovation + you



Philips Ambilight sjónvarp með Android stýrirkerfinu

PHILIPS

Heimilistæki ht.is
UMBODSMENN UM LAND ALLT

með Android

AKRANES • AKUREYRI • HÚSAVÍK • EGILSSTAÐIR • SELFOSS • REYKJANESBÆR • REYKJAVÍK

SPOTTIÐ



MÍN SKOÐUN: PAWEL BARTOSZEK

Talan sem enginn trúði

Aðstoðarmaður!“
„Bjarni! Manstu enn þá ekki hvað ég heiti?“

„Nei, ég man bara hvað Svanhildur heitir. En nóg um það. Hvað heldurðu að ein máltíð kosti?“

„Úff, ég veit það ekki. Ég elda aldrei.“

„Einmitt, ekki ég heldur, ég er með þjónustufólk sem eldar fyrir mig.“

„Eigum við að skálda eitthvað sem er líklegt?“

„Eitthvað eins og 248 kr.“

„Já, einmitt, hljómar líklega. Reiknum með að hver máltíð kosti 248 kr. og reiknum allar forsendur ríkisfjármálanna út frá því.“



„Skal gert! Djöfull erum við með'etta.“

Þekkt þema: Ráðamaðurinn sem er úr öllum tengslum við raunveruleikann. Sé maður pólitískur andstæðingur Bjarna Benediktssonar þá er gott að sannfæra fólk um að hann hafi átt sitt „Af hverju borðar fólk ekki köku?“-móment. En fjármálaráðherra sagði ekkert um að máltíð kostaði 248 krónur. Ekki fremur en Marie Antoinette sagði nokkuð um köku. Skoðum aðeins forsendurnar

fyrir tillögunum að breyttum virðisaukaskatti. Í frumvarpinu gefa menn sér að það sé til fjögurra manna fjölskylda, með tveimur fullorðnum sem samantlagt þéna og eyða 570 þúsund krónum á mánuði. (Það eru til fleiri dæmi í frumvarpinu en þetta var það sem oftast var nefnt.) Reyndar er meðaltal eyðslu barnafjölskyldna herra, 625 þúsund á mánuði, en ég vona að ég afhjúpi ekki tengslaleysi mitt við veruleikann ef ég held því fram að það séu til barnafjölskyldur sem lifi af 570 þúsundum eftir skatta á mánuði. Og þær eru ekki einu sinni þær allra fátækustu í landinu.

Reiðir raunveruleikanum

Tökum slíka fjölskyldu. Hvað eyðir hún miklu í mat? Við vitum að meðal barnafjölskylda eyðir 16,2% í flokkinn „matvæli“. Fjármálaráðuneytið gerir ráð fyrir að hlutfallið sé það sama fyrir fátækari fjölskyldur. Andstæðingar breytinganna vilja meina að það hljóti að vera að hlutfallið hækki eftir því sem menn verða fátækari. Það hljómar rökrétt. En það er bara ekkert sem styður þessa „augljósu“ tilgátu.

Tekjuháir eyða hlutfallslega jafnmiklu í mat og tekjulágir skv. Hagstofunni.

Það er því síður en svo galið að gera ráð fyrir að þessi fjölskylda muni eyða 16,2% af peningum sínum í flokkinn „matvæli“. Það eru um 92 þúsund kr. á mánuði. Það er vissulega kannski slump en samt ansi gott slump. Fólk er með þessar tekjur. Fólk eyðir þessu hlutfalli í matvæli. Þeir sem gagnrýna þetta slump eru í raun að gagnrýna raunveruleik-

ann fyrir að vera úr tengslum við þeirra upplifun af honum.

Áður en menn fara að hamast á deilingartakkanum og draga ályktanir um verð á hverja máltíð verður þó að hafa í huga að þessar tölur segja ekki allt um fyrirhugaðan kostnað vegna næringar. Ef fólk borðar heima hjá ömmu, ef fólk borðar á veitingastöðum, ef fólk borðar í vinnunni, þá stendur það fyrir utan þessa tölu. Jafnvel tilbúna samlökur teljast ekki með.

Alþjóðleg flokkun

En bíddu... eru mótuneyti og veitingastaðir ekki með í þessari tölu? Vill Bjarni Ben þá bara að fólk smyrji nesti? Hvaða rugl er það? spyrja sumir. Til að byrja með verður að taka það fram að flokkunin sem Hagstofan notar og ráðuneytið endurnýtir er ekki eitthvað sem Íslendingar búa til. Þetta er flokkun sem Sameinuðu þjóðirnar notast við og flestar hagstofur heimsins. Í þessari flokkun fellur matur sem fólk kaupir í búð til að elda heima hjá sér í einn flokk, „matvæli“, en til-

búinn, aðkeyptur matur í flokkinn „veitingar“.

Það væri sannarlega forkastanlegt að sleppa veitingunum úr útreikningum á áhrifum breytinganna. Þar með væri verið að fela hluta þess sem hækkar. En í útreikningunum er liður sem heitir „Hækkun virðisaukaskatts á öðru [en matvælum]“. Þær upphæðir sem þar standa virðast passa við þau áhrif sem herra verð á veitingum, hita, bókum o.fl. munu koma til með að hafa.

Lágur virðisaukaskattur á mat

er verulega óhagkvæm leið til að gera vel við fátækt fólk. Hafi menn áhyggjur af hag tekjuminnstu heimilanna er meira en hægt að auka ráðstöfunartekjur þeirra með öðrum og skilvirkari hætti. Ég skil þó hvað vakir fyrir vinstri flokkunum. Fyrsta markmið stjórnarandstöðu er að komast í stjórn. Það er fínt plan að ætla sér að ávaxta fylgið með því að treysta á óánægju með verðhækkunir á þekktum vörum. Það er fínt plan. En það er ekki góð stefna.

BOSS
HUGO BOSS

SAND

strellson

POLO
RALPH LAUREN

ARMANI
COLLEZIONI

eterna

VAN KOLLEM
MADISON PARK • NY

gardeur®

HUGO
HUGO BOSS

PETER VAN HOLLAND

FINUCCI
collezione

bugatti


Stenströms

BELLINI
collezione

LLOYD

Opið virka daga frá kl. 11 til 18
laugardaga frá kl. 11 til 17
sunnudaga frá kl. 13 til 17
Sími 568 9512

Suðurlandsbraut 54 bláu húsin (við faxafen)



Herra
Lagerinn
outlet

Troðfull verslun af
merkjavöru!

Hreinsun!

60-

80%

afsláttur af öllum vörum

Barnafatnaður frá

ENGLABÖRNIN

Falleg föt á stelpur og stráka...



Afnema á virðisaukaskatt á bókum

Prep virðisaukaskatts hér-
lendis eru þrjú talsins,
það er 0%, 7% og 25,5%,
en það síðastnefnda er hið
almenna virðisaukaskatts-
prep. Bækur og annað ritað
mál eru í svokölluðu lægra
prepi sem er 7%. Hins
vegari er margvísleg starf-
semi undanþegin virðis-
aukaskatti og er þannig
í 0% prepi. Þetta er til að
mynda starfsemi eins og

SKATTUR


Ágúst Einarsson
prófessor við
Háskólann á Bifröst

heilbrigðisþjónusta, rekstur skóla
og safna, íþróttastarfssemi, póst-
þjónusta, váttryggingar, bankþjón-
usta, ferðaskrifstofur, útfarar- og
prestsþjónusta og sala laxveiði-
leyfa. Vissulega er hægt að hafa
ólíkar skoðanir á því hvort einmitt
þessi starfsemi skuli undanþegin
virðisaukaskatti en ekki önnur.

Í 7% virðisaukaskattsprepi er
til dæmis leiga gistirými, afnota-
gjöld útvarps, tímarit, blöð og
bækur, heitt vatn, rafmagn, mat-
vara, geisladiskar, smokkar og

bleyjur. Líklega geta skoð-
anir einnig verið skiptar
um þessa upptalningu.
Rök almannaaldsins
fyrir lægri skattlagningu
eru þau að opinberir aðilar
vilji styðja við viðkomandi
starfsemi. Skattkerfið er
með nokkuð af slíkum und-
anþágum og þó oft sé sagt
að undanþágur séu ekki af
því góða í skattkerfi vegna
hættu á undanskotum og

erfiðara eftirliti þá felast í slíku
stjórnmalalegar áherslur, ekki
aðeins hérlandis heldur ekki hvað
síst erlendis.

Lítill eða enginn skattur

Reyndar er það ekki undantekning
heldur regla meðal þjóða heims
að hafa bækur í lægra skattprepi.
Langflestir þjóðir hafa lægri virðis-
aukaskatt á bókum en almennt er í
viðkomandi löndum. Yfir 90% landa
í nýrri fjölþjóðlegri könnun, sem
náði til 51 lands, skattleggja bækur

í lægra skattprepi en almennt er.
Einungis fjögur lönd, Síle, Búlgaría,
Danmörk og Gvatemala, skattleggja
bækur í almennum prepi en 47 lönd
skattleggja bækur í lægra prepi.

Hérlandis er eitt hæsta almenna
skattprep virðisaukaskatts, eða
25,5%. Prentaðar bækur eru hér í
7% prepi sem er álika og í mörgum
öðrum löndum. Af 34 Evrópuþjóð-
um er enginn virðisaukaskattur
lagður á prentaðar bækur í fjórum
löndum, það er í Bretlandi, Írlandi,
Noregi og Úkraínu; tvö lönd eru
með bækur í almennum prepi en hin
28 löndin eru með lægra prep fyrir
prentaðar bækur. Öðru máli gegnir
um rafbækur. Þar eru flest lönd-
in, eða átján talsins, með almennt
virðisaukaskattprep, fjórtán lönd,
þar á meðal Ísland, eru með lægra
prep og tvö lönd, Noregur og Úkr-
aína, leggja engan virðisaukaskatt
á rafbækur.

Afnemum virðisaukaskattinn

Langflest ríki Evrópu beita virðis-

aukaskattskerfinu til að efla bóka-
útgáfu og bókalestur í löndum
sínum og stendur það Íslendingum
nærri að gera slíkt hið sama. Nú
á að lækka almenna þrepið í 24%
en hækka lægra þrepið í 12% og
þar með hækka skattlagningu á
bækur. Rökrétt væri að feta í fót-
spor þeirra landa sem leggja ekki
virðisaukaskatt á bækur en það
væru skýr skilaboð um forgangs-
röðun í þágu bókarinnar.

Það þarf að auka lestur og les-
skilning, sérstaklega meðal ung-
menna, og það er óumdeilanlegt.
Mikilvægt er því að láta vaskinn
ekki verða óbreyttan á bókum,
blöðum og tímaritum heldur fella
hann niður. Íslendingar gefa mikið
út af bókum og lesa mikið miðað
við aðrar þjóðir enda köllum við
okkur bókaþjóðina á tyllidögum.
Því viljum við halda og þess vegna
á að efla allt sem viðkemur skrif-
um, lestri og útgáfu.

Höfundur hefur rannsakað þessi
mál og væntanleg er á næstunni

→ **Reyndar er það ekki undantekning heldur regla meðal þjóða heims að hafa bækur í lægra skattprepi.**

bók eftir hann um hagræn áhrif
ritlistar. Þau eru mikil og framlag
ritlistar til landsframléiðslu og lífs-
kjara er umtalsvert. Þessi tillaga
um að fella niður virðisaukaskatt á
bókum, blöðum og tímaritum leiðir
ekki til aukinna útgjalda fyrir ríkis-
sjóð þar sem aukning á umsvif-
um ritlistar hefur innan tiltölulega
skamms tíma í för með sér aukna
verðmætasköpun sem skilar sér í
betri lífskjörum og þar með aukn-
um tekjum fyrir opinbera aðila í
framtiðinni.

Áhrif ritlistar koma ekki síst
fram í mikilvægi hennar fyrir
menningu þjóðarinnar og sem hluti
af menningararfi okkar eru þau
gríðarleg. Reyndar er ritlist ein af
forsendum fyrir tilvist Íslendinga
sem sjálfstæðrar þjóðar.

Enginn veit hvað átt hefur ...

Eitt af því fáa sem stór
hluti stjórnmalamanna hér
á landi hefur getað sam-
einast um á síðustu árum
er að skerða framhalds-
skólanám um eitt ár. Sama
er uppi á teningnum innan
„atvinnulífsins“. Þeir sem
eru á þessari skoðun eru
ekki eyland, svipaðar hug-
myndir hafa komið upp
erlendis og í Þýskalandi
var fyrir nokkrum árum
gripið til aðgerða af svip-
uðu tagi. Þar var nám til

MENNTUN


**Kristjana Björg
Sveinsdóttir**
þýskukennari við
Menntaskólann í
Reykjavík

stúdentsprófs víða stýtt um eitt
ár, niðurstaðan er hið svonefnda
Turbo-Abi. Hér er þó rétt að slá
þann varnagla að skipulagning

náms í Þýskalandi er með
talsvert öðrum hætti en
hér á landi þannig að stýtt-
ingun var í raun umtalsvert
minni en sú sem stefnt er
að hér og síðast en ekki
síst þá tóku sum sam-
bandsríkin þetta fyrir-
komulag ekki upp og önnur
buðu upp á valfrelsi þótt
mikil stemning væri yfir-
leitt fyrir breytingunni.

Nú er hins vegar komið
annað hljóð í strokkinn í
Þýskalandi og er mörg-
um hætt að lítast á blikuna. Því
er haldið fram að túrbóprófið bíni
nemendur ekki nægilega vel undir
háskólanám og yfirferðin sé allt of

hröð. Gagnrýni af þessu tagi hefur
komið bæði frá háskólamönnum
og almennungi og skoðanakönnun
í fjórum fylkjum í Norður-Þýska-
landi sýnir að um 80% kjósenda
vilja hverfa aftur til gamla stúd-
entsprófsins. Og stjórnmalamenn
leggja við hlustir. Í a.m.k. tveimur
fylkjum Þýskalands, Bæjara-
landi og Hessen, eru þeir í fúlustu
alvöru farnir að ræða um að lengja
námið aftur um eitt ár. Annars
staðar, svo sem í Hamborg, hefur
verið reynt að knýja á um breyt-
ingar með undirskriftum en það
hefur ekki tekist enn og í Slés-
vík-Holstein er slík undirskrifta-
sófnun í gangi þegar þessi orð eru
skrifuð.

Lausnin er sveigjanleiki

Helstu rök þeirra sem ekki vilja
breyta eru þau að verra sé að
umsteypa skólakerfinu á nokkurra
ára fresti en að vera með gallað
kerfi, nokkuð sem íslenskir stjórn-
malamenn mættu leiða hugann að.
Lausnin sem ýmsir þykjast sjá er að
bjóða upp á sveigjanleika, nemend-
ur geti hvort heldur þeir vilja tekið
túrbóprófið eða hefðbundið nám.

Með því að skera niður nám
til stúdentsprófs um eitt ár telur
menntamálaráðherra sig vera að
laga íslenska menntakerfið að því
sem gengur og gerist í nágrenna-
löndum okkar. Ef það er í raun
markmiðið er þá ekki skynsamlegt
að kanna hvað sé raunverulega á

→ **Nú er hins vegar komið annað hljóð í strokkinn í Þýskalandi og er mörgum hætt að lítast á blikuna.**

seyði í menntamálum þeirra landa
sem við viljum bera okkur saman
við og læra af því sem þau eru að
gera, bæði því sem vel er gert og
ekki síður af mistökunum.

Þeim sem vilja kynna sér málið
nánar er bent á eftirfarandi slóðir:
<http://g9jetzt.de>

[http://www.spiegel.de/
schulspiegel/wissen/g9-ini-
tiative-in-hamburg-schaeuert-
abitur-am-gymnasium-weiter-
nach-acht-jahren-a-996218.html](http://www.spiegel.de/schulspiegel/wissen/g9-initiative-in-hamburg-schaeuert-abitur-am-gymnasium-weiter-nach-acht-jahren-a-996218.html)

Tromp Norðmanna í orkumálum?

Ríkir eru Norðmenn en
olían, sem færði þeim
auðinn, mun ekki endast
að eilífu. Núverandi spár
segja að eftir 53 ár horfi
þeir fram á olíuþurrð.
Hvað tekur þá við? Ekki
er víst að allir Norðmenn
hafi af því áhyggjur því
þeir kunna að eiga val,
þ.e. kjarnorku eða notkun
þóríns til orkuframleiðslu.

ORKUMÁL


Jóhann Helgason
jarðfræðingur

Kjarnorkuver nota úran en
unnid er að beislun þóríns í sama
tilgangi, sem telst nær hættu-
laust samantorð við úran. Norð-
menn eru einna lengst komnir
í orkurannsóknum á þórín (e.
thorium). Þeir eru engir nýgræð-
ingar þegar kemur að þórín því
frumefnið fannst fyrst í Noregi
1828. Norðmenn hafa lengi rann-
sakað geislavirgni í Halden við

Ósló og búa yfir mikilli
þekkingu á því sviði. Sér-
staða þeirra er að geta
fjármagnað rannsóknir
sem nauðsynlegar eru til
að hanna þórínkjarnorku-
ver og hefur ríkið þegar
veitt fé til rannsókna á
þessu sviði, sem norsk
fyrirtæki eru þó í for-
svari fyrir (Thor Energy
AS).

Til að ná skjótum árangri á
sviði þórínorkuvinnslu væri
æskilegt að mörg lönd legðu í
púkkið en sú hefur ekki verið
raunin. Evrópusambandið hefur
veðjað á aðra kosti sem hafa
verið fjármagnaðir í mörg ár,
þ.e. rannsókn á kjarnasamruna.
Lönd sem þróa aðferðir til þór-
ínorkuvinnslu eru auk Noregs:
Frakkland, Japan, Indland, Kan-

ada, Bandaríkin og Kína. Yfir-
leitt standa bæði yfirvöld og
fyrirtæki að þórínannsóknun en
Kína hefur þó sérstöðu því þar
ríkir eins konar „stríðsástand“,
líkast kapphlaupinu á milli
Bandaríkjanna og Sovétríkjanna
um að verða fyrstir til að senda
mann til tunglsins.

Skipta um orkugjafa

Innan 10 ára ætla Kínverj-
ar, með vísindalegan mann-
auð, nægt fjármagn og fullan
pólítískan stuðning yfirvalda
að vopni, að gangsetja fyrsta
þórínorkuverið. Óvíst er hvort
það tekst en þeir hyggjast leysa
vandamálið um útblástur gróð-
urhúsalofttegunda með því að
skipta um orkugjafa. Þetta er
eðlilegt því vandamálið snýst um
orku, ekki loftslag. Orkuvinnsl-

an er orsök þess að vandamálið
mengun andrúmsloftsins er til
staðar. Takist Kínverjum ætl-
unarverk sitt má ætla að aðrar
þjóðir njóti góðs af tæknilausn-
um þeirra. Þau lönd, eða réttara
sagt fyrirtæki, sem nú hafa áttað
sig á þessu, verða best í stakk
búin ef Kínverjar ná markmiði
sínu. Þeirra á meðal eru Norð-
menn sem gætu því hætt að nota
olíu löngu áður en sú orkulind
tæmist.

Fjárfestar hafa að undanförmu
leitað í vinnslu og rannsóknir
annarra orkugjafa en olíu, kola
og gass, sem eykur líkurnar
á að þórínorkuframléiðsla líti
dagsins ljós. Viðskiptasjónarmið
ráða ferðinni, ekki hagsmunir
almennings. Þeir sem kynna sér
kosti þórínorkuvinnslu eru yfir-
leitt á þeirri skoðun að þessa leið

→ **Til að ná skjótum árangri á sviði þórínorkuvinnslu væri æskilegt að mörg lönd legðu í púkkið en sú hefur ekki verið raunin.**

beri að fara. Þeirra á meðal eru
hinn áhrifamikli Bill Gates, en
einnig Hans Blix, fyrrverandi
eftirlitsmaður Alþjóðakjarn-
orkumálastofnunarinnar. Norð-
menn eru heppnir að eiga 4%
alls þóríns á yfirborði jarðar
og búa við kjóraðstæður, þ.e.
pólítíska framsýni, fjármagn
til rannsókna og vísindamenn
til að vinna verkið. Þótt aðrir
orkugjafar en kjarnorka munu
afalítið verða beislaðir á næstu
áratugum, munar mest um
kjarnorkuna. Fátt virðist geta
stöðvað það ferli.

Sterkt áfengi í matvöruverslanir? Nei, takk

Umræðan um lagafrum-
varpið sem liggur fyrir
Alþingi um afnám einka-
sölu ríkisins á áfengi virð-
ist vera á villigötum. Flutn-
ings- og stuðningsmönnum
þess hefur tekist að stýra
umræðunni á þann veg að
aðeins er talað um hvort
við viljum geta keypt létt-
vín og bjór í matvöruverslun-
um og sparað okkur það
ógurlega ómak að þurfa að
fara í sérstaka vínubúð til
þess.

SAMFÉLAG


**Adolf Ingi
Erlingsson**
fréttamaður

Því er síðan slegið upp að nýleg-
ar skoðanakannanir sýni að meiri-
hluti fólks sé fylgjandi sölu léttvín
og bjórs í matvöruverslunum.

En það er ekki bara það sem
frumvarpið felur í sér, heldur tekur

það líka til sterks áfengis,
þannig að sala þess verður
líka færð úr vínubúðunum
í matvöruverslanir verði
það samþykkt. Viljum við
það? Sömu skoðanakann-
anir benda til þess að svo
sé ekki.

Ófugt við fyrsta flutn-
ingsmann frumvarpsins
er ég langt frá því að vera
bindindismaður og nýt þess
reglulega að drekka gott
vín með góðum mat. En
ég hef aldrei litið á það sem skerð-
ingu á persónufrelsi mínu né talið
eftir mér að þurfa að gera mér ferð
í Vínubúðina til að kaupa áfengi.
Þar nýt ég frábærrar þjónustu vel
þjálfaðs afgreiðslufólks og mikils
og góðs úrvals af víni. Miðað við

þjónustugildi í matvöruverslun-
um almennt efast ég stórlega um að
ég muni njóta hvorutveggja verði
frumvarpið að lögum.

Árangursríkasta leiðin

Þrátt fyrir að heildarneysla áfengis
á Íslandi hafi hátt í tvöfaldast
frá því að sala á áfengum bjór var
leyfð árið 1988 erum við á meðal
þeirra þjóða í Evrópu sem drekka
hvað minnst. Rétt fyrir ofan okkur
í neyslu eru hinar Norðurland-
þjóðirnar þar sem sama fyrir-
komulag er, það er einkasala rík-
isins, Svíar, Norðmenn og Finnar.
Danir skera sig hins vegar úr með
um 70% meiri neyslu á mann en
við Íslendingar, enda ríkir þar hið
rómaða frelsi í sölu áfengis.

Mjög hefur dregið úr unglinga-

drykkju hér á landi síðustu árin
og hún er ein sú minnsta í Evrópu.
Viljum við hætta þeim árangri sem
hefur náðst á því sviði með því að
auka aðgengið að áfengi?

Samkvæmt skýrslu Evrópusam-
bandsins um áfengisneyslu í Evrópu
og áhrif hennar á þjóðfélagið er ein
árangursríkasta og ódýrasta
leiðin til að draga úr neyslu áfengis
að takmarka framboð þess. Í
skýrslunni er bent á að ríkiseinka-
salan á Norðurlöndunum gefist
mjög vel í þessu skyni.

Kannski er það þess vegna sem
mjög lítið heyrast annars staðar á
Norðurlöndunum talað um afnám
einkasölu ríkisins, hvað þá að
ábyrgir þingmenn berjist fyrir því
í nafni hins heilaga frelsis.

Fyrsti flutningsmaður frum-

→ **En ég hef aldrei litið á það sem skerðingu á persónufrelsi mínu né talið eftir mér að þurfa að gera mér ferð í Vínubúðina til að kaupa áfengi. Þar nýt ég frábærrar þjónustu vel þjálfaðs afgreiðslufólks og mikils og góðs úrvals af víni.**

varpsins hefur staglast á frjál-
syggjumöntrunni um að ríkið eigi
ekki og megi ekki. Ríkið eigi ekki
að standa í verslunarrekstri, sama
þótt um vöru eins og áfengi sé að
ræða. Hins vegar fylgja frumvarp-
inu engin rök um hvað því sé ætlað
að bæta annað en „frelsi“ kaup-
manna.



> Fim og fær í flestan sjó

Í fimleikum skiptir mestu að leysa úr flóknum æfingum áreynslulaust og fallega. Kraft, samhæfingu, lipurð og að geta hugsað um margt í einu þekkjum við vel hjá Samskipum!

Samskip - stoltur styrktaraðili Fimleikasambands Íslands.

Ég ákæri

Ég er af þýskum uppruna. Langalangafi minn, Claus Eggert Dietrich Proppé, kom hingað til lands árið 1868 og settist hér að. Varð virtur þjóðfélagsþegn, stofnaði meðal annars fyrsta bakariúð í Hafnarfirði. Hann var sem sagt innflytjandi, en við afkomendur hans erum það ekki.

Claus var hvítur karlmaður, lúterstrúar og kom á sinni vel fyrir borð í nýja samfélaginu. En var hann eitthvað minni innflytjandi en dökkleit kona, múhamedstrúar sem kemur til Íslands rúmri öld á eftir Claus og vinnur í láglauastarfi? Auðvitað ekki.

Á hvaða vegferð erum við?

Nýlega bárust fregnir af könnun sem sýndi að um 42% Íslendinga eru á móti því að moska rísi í Reykjavík. Þessi könnun fær mig virkilega til að velja því fyrir mér hvort við höfum, sem samfélag, sofíð á verðinum. Sofíð svo fast að sú kennend að þurfa að vera á verði gegn því sem er öðruvísi hefur breiðst út.

Því hverslags samfélag er það eiginlega þar sem svo stór hluti hefur yfirhöfuð skoðun á því hvort einn trúflokur eigi að fá að reisa sér tilbeidsluhús umfram annan? Hvað þá að vera á móti því. Mannréttindi eru algild og óháð trú eiga allir rétt á þeim.

Vöknum

Ég ákæri, ekki í þeim hálfkæringsi sem ég beiti oft og tíðum í umræðum um eitthvað sem mér finnst arfavitlaust. Hljæjum að vitleysunni í þeim sem eru tilbúin til að skerða mannréttindi annarra, en það er kominn tími til að gera eitthvað meira en það. Þetta er grafalvarlegt mál og þarf að taka alvarlega.

Ég ákæri sjálfan mig fyrir að hafa ekki gert nóg til að tala fyrir því að mannréttindaákvæði um að allir séu jafnir, óháð trúar-

SAMFÉLAG



Kolbeinn Óttarsson Proppé afkomandi innflytjanda

brögðum, kyni og litahætti, séu ekki bara orð á blaði, heldur inngreipt sannindi í huga okkar allra. Svo inngreipt að við þurfum ekki einu sinni að velja þeim fyrir okkur.

Ég ákæri samfélagið í heild fyrir að hafa ekki skoríð upp herör gegn þeim stórhættulegu hugmyndum sem hafa skotið upp kollinum um að í lagi sé að beita hóp fólks annarskonar meðferð af því að hann aðhyllist önnur trúarbrögð en meirihlutinn. Það er ábyrgð okkar allra. Allir hafa frelsi til að útmála slíkar skoðanir, en við höfum líka öll frelsi til að tala gegn þeim.

Ég ákæri okkur öll fyrir að hafa ekki innprentað börnum okkar að öll erum við börn [setjið inn viðeigandi guðlega veru, eða ekki neitt ef þið eruð trúlaus] og öll eignum við rétt á því að komið sé fram við okkur af virðingu.

Hvað getum við gert fyrir aðra?

Ég ákæri okkur fyrir sofandahatt. Við erum forréttindafólk, þó vissulega hafi margir það slæmt hér á landi. Leyfum ekki þeirri brengluðu skoðun að skjóta rötum að einhver séu öðruvísi en við, af því að þau líta öðruvísi út eða trú á eitthvað annað.

Hættum að dorma yfir sjónvarpinu, áhyggjum af reikningum og rifrildi um hvar einsöngslag dagsins eigi heima í dagskrá Ríkisútvarpsins. Hættum að hlæja gödlatlega að stórhættulegum skoðunum. Hættum að láta eins og það sé í lagi að tröða á mannréttindum annars fólks af því að það skekur okkar smáu heimsmynd að leyfa því að blómstra sem er öðruvísi. Vöknum.

Vöknum til lífsins á hverjum degi með þá hugsun að í dag getum við gert eitthvað svo öðru fólki lífi betur, ekki hugsandi um það hvernig við getum varið okkur og það sem okkar er. Þá er von til þess að lífið verði öllum eilítið betra.

Mein í meinum

Mikilvægt er að hefja skimun á ristil- og endaparmskrabbameini sem fyrst. Sýnt hefur verið fram á að slík skimun lækkar dánartíðni hjá körlum um 73 prósent og hjá konum um 82 prósent. Krabbamein í ristli og endaparmi er þriðja algengasta krabbameinið hjá Íslendingum og önnur algengasta dánarorsök af völdum krabbameina. Að meðaltali greinast um 130 einstaklingar með krabbamein í ristli og endaparmi á hverju ári og 52 deyjá úr sjúkdómnum árlega. Ekki er vitað hvers vegna tíðni ristilkrabbameins hefur aukist svona hratt sem raun ber vitni.

Eitt algengasta krabbameinið

Nýgengi sjúkdómsins fer vaxandi samkvæmt nýlegri spá um nýgengi krabbameina á Norðurlöndum til 2020. Hér á landi er spáð fjölgun greindra tilvika um 85% hjá körlum en um 70% hjá konum. Ristilkrabbamein er eitt algengasta krabbameinið í Evrópu skv. nýlegum upplýsingum frá WHO Globocan, en það er hærra nýgengi en nýgengi lungakrabbameins. Áhættuþættir þessa sjúkdóms eru vel þekktir en þeir veiga ekki allir jafn þungt.

HEILBRIGÐIS- MÁL



Silja Dögg Gunnarsdóttir þingmaður Framsóknarflokksins

Flest krabbameinanna greinast hjá einstaklingum sem eru komnir yfir fimmtugt. Margir þeirra eru engu að síður á besta aldri þegar áfallið kemur. Árlega greinast um 50 einstaklingar með sjúkdóminn á aldri um 45-65 ára.

Í mörg ár var deilt vel og lengi um réttmæti skimunar (kembileitar) og markvissra forvarna gegn krabbameini í ristli og endaparmi. Ítarlegar og vandaðar rannsóknir hafa nú verið gerðar og niðurstöður þessara rannsókna benda eindregið til að með skipulagðri skimun fyrir ristilkrabbameini megi fækka dauðsföllum vegna þessa sjúkdóms um 15% til 40%. Jafnframt hefur verið sýnt fram á að leit að þessu krabbameini er hagkvæm forvarnaríhlutun. Þessum sömu aðferðum beita heilbrigðisyfirvöld víða í vaxandi mæli þegar teknar eru ákvarðanir um forgangsstöðun í heilbrigðismálum.

Kostnaður sem borgar sig

Árlega kostar tæpan einn og hálfan milljarð að greina og meðhöndla þá rúmlega hundrað og þrjátíu einstaklinga sem greinast með ristilkrabbamein. Þá er ótalinn sá kost-

→ Hér á landi er spáð fjölgun greindra tilvika um 85% hjá körlum en um 70% hjá konum.

aður sem til fellur vegna vinnutaps, minni þjóðfélagslegrar framleiðni einstaklinga og afleiður þess fyrir þjóðfélagið. Árlegur kostnaður við skimun hjá skilgreindum aldursþópum hér á Íslandi hefur verið áætlaður um 100 milljónir króna.

Áríðandi að hefjast handa

Eins og fyrr segir þá samþykkti Alþingi þingsályktun árið 2007 um að hefja skimun og þáverandi heilbrigðisráðherra var falið að undirbúa skimun. Áformað var að hefja skimun í ársbyrjun 2009. Ekki varð úr því en nú vinnur heilbrigðisráðherra að gerð krabbameinsáætlunar.

Í raun erum við í sömu sporum hvað þetta varðar og fyrir 30 árum. Það er gríðarlega mikilvægt að ráðist sé í þetta verkefni án tafar. Kallað hefur verið eftir skimun fyrir ristilkrabbameini í áratug. Alþingi hefur ályktað um málið og sýnt hefur verið fram á kostnaðarhagræði auk þess sem hægt verður að bjarga mannlífum og lækka dánartíðni af völdum þessa illvíga sjúkdóms.

Á að hætta snjósmokstri?

Fyrir þá sem halda að fyrir-sögnin bendi til þess að hér eigi að fjalla um snjósmokstur þá er það fjarri lagi. Á hinn bóginn er vert að hugsa um hvað myndi gerast ef hætt yrði að moka snjó af vegum vegna skorts á fjármagni og við sem einstaklingar kæmust ekki leiðar okkar sama hversu áriðandi erindið væri, t.d. að komast á áriðandi fundi eða til læknis. Ansi er hætt við að það færi um marga við slíka tilhugsun.

Samt er það svo að í sjálfu velferðarríkinu er þjóðfélagshópur sem núna býr við þetta ástand. Enn á ný, því að þetta er ekki í fyrsta og ekki í annað skipti, standa heyrnarlausir frammi fyrir þeirri bláköldu staðreynd að geta ekki nýtt sér sjálfsgöðu og nauðsynlega þjónustu eins og t.d. að leita til lækna, fara á foreldrafundi, leita til yfirvalda, fá fyrirgreiðslu hjá opinberum aðilum eins og kirkju eða stunda nám.

SAMFÉLAG



Valdis Ingibjörg Jónsdóttir talmeinafræðingur

Heyrnarlausir geta ekki nýtt sér sjálfsgöðu þjónustu nema með aðstoð táknaálstúlka. En þar standur hnífurinn í kúnni því að áætlað fé til þeirrar þjónustu er uppuríð og því er ekki hægt að greiða fyrir táknaálstúlku. Eigum við að hætta að moka snjó í október og bíða þangað til fjármagn fæst á næsta fjárlagaári? Eiga heyrnarlausir að bíða það sem eftir lifir af árinu án þess að geta leitað sér hjálpar?

Til skamrar

Ef um er að ræða annaðhvort þjóðarhagsmunum, t.d. að halda vegakerfinu opnu eða veita fé í svokölluð gæluverkefni eins og að sjá heilum árgangi í skólakerfinu fyrir spjaldtölvum, þá virðist fjármagn finnast til þess. En þar virðist ekki finnast fjármagn þegar um er að ræða að sjá litlum hópi einstaklinga fyrir grundvallar mannréttindum. Það er svo skrítið oft með stjórnmála-

menn að á meðan þeir eru í stjórnskrá á milli er svo sjálfsgötu og eðlilegt að leysa mál en um leið og sama fólk er komið í stjórn, verður allt annað uppi á teningnum. Vissulega getur það flækt málin að þarfir heyrnarlausra deilast á mörg ráðuneyti eins og heilbrigðisráðuneyti, menntamálaráðuneyti og velferðarráðuneyti, sem hvert um sig þarf þá að leggja fram áætlað fjármagn til tálkaþjónustunnar. En þetta er fyrirsjáanlegt og hefði átt að vera búð að leysa þann vanda fyrir löngu. Ég vil beina þeirri fyrirspurn til velferðarráðherra, heilbrigðisráðherra og menntamálaráðherra hvernig þeir ætla að finna varanlega lausn á tálkaþjónustu við heyrnarlausn þannig að núverandi staða komi ekki aftur upp. Það er sjálfsgötu aldrei hægt að áætla raunhæfan kostnað við tálkaþjónustu heyrnarlausra en fari hann fram úr áætlun þá þarf að vera viðbúð að bæta við það sem á vantar. Þetta ástand er stjórnskrá á milli til skamrar.

Dæmdir fyrir friðsamleg mótmeili

Fyrir ári voru Hraunavinir handteknir þegar þeir mótmæltu með friðsamlegum hætti framkvæmdum við lagningu Álfanesvegur. Þeir voru tíndir upp einn af öðrum og settir í fangaklefa, sumir einu sinni, aðrir tvisvar. Á dögnum féll dómur í héraðsdómi vegna mótmælanna. Einn var dæmdur fyrir að taka límband verktakans, annar fyrir að liggja afvalta í mossa, sá þriðji slapp við handtöku því að armur laganna megnaði ekki að bera hann á brott sökum þyngsla. Samtals voru níu Hraunavinir sakfelldir.

Hverju skilaði þá barátta Hraunavina í Gálgahrauni? Framkvæmdinni við Álfanesveg var gjörbreytt. Vegurinn verður aðeins tveggja akreina í stað fjögurra. Í stað mislægra gatnamóta koma hringtorg og undirgöng fyrir gangandi vegfarendur. Vegur frá norðri til suðurs þvert á Álfanesveg verður felldur úr skipulagi. Fyrir þjóðarþúð þýðir þetta sparnað upp á þrjá milljarða. Stjórnsýslan virðist einnig betur á verði. Skipulagsstofnun sýnir

NÁTTÚRU- VERND



Gunnsteinn Ólafsson formaður Hraunavina

meira viðnám en áður og skipulagsnefndir sveitarfélaga eru meðvitaðri um hlutverk sitt. Nýlega hafnaði t.d. skipulagsnefnd Garðabæjar beiðni um stækkun golfvallar út í Búrfellshraun.

Við handtökurnar fyrir ári síðan kom í ljós hversu frjálslagt starf lögreglunnar er í krafti 19. greinar lögreglulaga. Lögreglunni virðist í sjálfsvald sett hvern hún handtekur, hvernig og hvar og hvort mótmælendur séu handjárnnaðir eða mjó plastbönd hert að únlíðum þeirra. Satt að segja kom það á óvart hversu harkalegum aðferðum lögreglan beitti við handtökur í Gálgahrauni. Að minnsta kosti virti lögreglan ekki stjórnskrárvarinn rétt þjóðarinnar til friðsamlegra mótmæla.

Sáttmáli gagnlaust plagg

Þáttur saksóknarans er einnig kapítul út af fyrir sig. Hann skipulagði aðgerðir gegn Hraunavinum á vettvangi, tók á móti þeim á lögreglustöðinni í Hverfisgötu, lét loka þá inni, valdi þá úr sem átti að lögsækja og mætti sjálfur í réttarsal

til að stýra málflytningi. Margir furða sig á þeirri heift og langræki sem saksóknarinn sýnir friðsömum borgurum, svo ekki sé minnst á hvað öll þessi aðgerð hefur kostað.

Baráttan í Gálgahrauni leiddi í ljós að Árósasáttmáli er, þegar á reynir, gagnslaust plagg á Íslandi. Alþingi Íslendinga samþykkti breytingar á EES-samningnum og fullgilti Árósasáttmálann á árinu 2012 svo aðild náttúruverndarsamtaka að umhverfismálum væri tryggð. Réttaráhrifin reyndust engin. Alls staðar var Hraunavinum vísað frá innan stjórnsýslunnar í Gálgahraunsmálinu á þeim forsendum að þeim væri málið óskýlt. Þegar dómstólaleiðin var reynd tók ekki betra við. Hæstiréttur benti Hraunavinum vinsamlegast á að snúa sér til stjórnsýslunnar. Þar væri vel tekið á móti fólki. Þögn Alþingis bendir til þess að þingmönnum sé ekki ljóst að fullgilding Árósasáttmálans móstókst á Íslandi. Sáttmáli átti að vera mesta réttarvottun hér á landi. Málsmeðferðin gegn Hraunavinum sýnir að réttarvottun náði aldrei fram að ganga. Náttúruvernd á Íslandi er lagalega séð aftur komin á byrjunarreit.



Minjastofnun Íslands
auglýsir eftir umsóknum um styrki úr húsafriðunarsjóði fyrir árið 2015

Hlutverk sjóðsins er að stuðla að varðveislu og viðhaldi friðlýstra og friðaðra húsa og mannvirkja, sbr. reglur nr. 577/2014. Samkvæmt úthlutunarregluglunum er heimilt að veita styrki úr sjóðnum til:

- viðhalds og endurbóta á friðlýstum og friðuðum húsum og mannvirkjum.
- viðhalds annarra mannvirkja sem hafa menningarsögulegt, vísindalegt eða listrænt gildi.
- byggingarsögulegra rannsókna, þar með talið skráningu húsa og mannvirkja, og miðlun upplýsinga um þær.

Umsóknir eru metnar með tilliti til varðveislugildis, t.d. vegna byggingarlistar, menningarsögu, umhverfis, upprunaleika og tæknilegs ástands ásamt gildis fyrir varðveislu byggingararfleifarinnar.

Umsóknareyðublað og nánari upplýsingar, m.a. úthlutunarreglur, er að finna á heimasíðu Minjastofnunar Íslands, www.minjastofnun.is.

Umsóknarfrestur er til 1. desember 2014. Umsóknir sem berast eftir að umsóknarfresti lýkur koma ekki til álitá við úthlutun.

Minjastofnun Íslands hefur eftirlit með að styrkt verkefni séu viðunandi af hendi leyst og í samræmi við innsend umsóknargögn. Bent er á leiðbeiningarit um viðhald og endurbætur friðaðra og varðveisluverðra húsa sem finna má á heimasíðu Minjastofnunar Íslands, undir gagnasafni og á Húsvenddarstofu í Borgarsögusafni Reykjavíkur/Árbæjarsafni.



Suðurgötu 39,101 Reykjavík
Sími: 570 1300
www.minjastofnun.is
húsafriðunarsjodur@minjastofnun.is

AFSLÁTTUR: 460.000 KR.



TILBOÐ: 3.790.000 KR.

Ford Kuga Titanium S FKY75
Skráður júní 2012, 2,0TDCi dísil, sjálfskiptur
Ekinn 81.000 km. Litur: Grár
Ásett verð: 4.250.000 kr.

AFSLÁTTUR: 200.000 KR.



TILBOÐ: 1.150.000 KR.

Ford Ka Trend UUL33
Skráður maí 2013, 1,2i bensín, beinskiptur
Ekinn 64.000 km. Litur: Hvítur
Ásett verð: 1.350.000 kr.

AFSLÁTTUR: 260.000 KR.



TILBOÐ: 1.590.000 KR.

Citroën C3 Seduction Airdr. BAE53
Skráður maí 2012, 1,6HDi dísil, beinskiptur
Ekinn 65.000 km. Litur: Grár
Ásett verð: 1.850.000 kr.

AFSLÁTTUR: 240.000 KR.



TILBOÐ: 2.290.000 KR.

Mazda3 Advance OXN64
Skráður apríl 2013, 1,6Di dísil, beinskiptur
Ekinn 65.000 km. Litur: Hvítur
Ásett verð: 2.530.000 kr.

BÍLALEIGUBÍLAR TIL SÖLU

ÓDÝRARI REKSTUR

Nýlegir bílar lækka rekstrar-
kostnaðinn með **lægri eyðslu** og
minna viðhaldi og eru jafnframt
öruggari. Skoðaðu úrval nýlegra
bíla strax í dag.

Finndu bílinn þinn á:
notadir.brimborg.is

LÆGRA VERÐ

Kauptu nýlegan bíl á lægra verði.
Nýlegir bílaleigubílar eru af nýjustu
gerðum (árgerðir 2012, 2013, 2014)
en fást á **læggra verði**.

Hafðu samband við ráðgjafa
og við gerum þér frábært tilboð.

Nýttu tækifærið!

LÉTTARI KAUP

Landsbankinn og Brimborg létta
þér kaupin á nýlegum bíl.

Landsbankinn býður einstaklingum
sérkjör á fjármögnun við kaup á
nýlegum bílaleigubíl frá Brimborg:

- Engin lántökugjöld í október
- Hagstæðari kjör
- Allt að 7 ára lánstími
- Allt að 80% fjármögnun



Brimborg tekur allar tegundir
bíla upp í Hagstætt uppþökuberð.

KOMDU NÚNA

AFSLÁTTUR: 200.000 KR.



TILBOÐ: 1.090.000 KR.

Citroën C1 sx GPU11
Skráður apríl 2012, 1,0i bensín, beinskiptur
Ekinn 72.000 km. Litur: Ljósgrár
Ásett verð: 1.290.000 kr.

AFSLÁTTUR: 500.000 KR.



TILBOÐ: 3.820.000 KR.

Ford Kuga Titanium S JF07
Skráður júní 2012, 2,0TDCi dísil, sjálfskiptur
Ekinn 85.000 km. Litur: Brúnn
Ásett verð: 4.320.000 kr.



VERÐ: 1.890.000 KR.

Mazda2 Go ZBA04
Skráður júní 2014, 1,3i bensín, beinskiptur
Ekinn 26.500 km. Litur: Grár

AFSLÁTTUR: 350.000 KR.



TILBOÐ: 1.940.000 KR.

Ford Fiesta Titanium NJE94
Skráður maí 2013, 1,6i bensín, sjálfskiptur
Ekinn 66.000 km. Litur: Brúnn
Ásett verð: 2.290.000 kr.



TILBOÐ: 2.090.000 KR.

Citroën C4 Comfort LN223
Skráður maí 2013, 1,6HDi dísil, beinskiptur
Ekinn 72.000 km. Litur: Ljósgrár
Ásett verð: 2.350.000 kr.

AFSLÁTTUR: 880.000 KR.



TILBOÐ: 7.990.000 KR.

Volvo XC90 Momentum D5 AWD KNS06
Skráður des. 2012, 2,4Di dísil, sjálfskiptur
Ekinn 76.000 km. Litur: Hvítur
Ásett verð: 8.870.000 kr.

AFSLÁTTUR: 300.000 KR.




TILBOÐ: 2.590.000 KR.

Ford Focus Titanium STW SUP15
Skráður júní 2012, 1,6i bensín, sjálfskiptur
Ekinn 80.000 km. Litur: Hvítur
Ásett verð: 2.890.000 kr.

Söludeildir eru opnar virka daga kl. 9-17 og laugardaga kl. 12-16.

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7030
Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 8, sími 515 7040
Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 515 7050

NOTADIR.BRIMBORG.IS



Notaðir bílar
- Brimborg

FYLGSTU MED
NÝJUSTU TILBOÐUNUM

FINNDU BÍLINN
PINN HÉR

50 ár í bílgraininni

brimborg

Öruggur staður til að vera á

Myndir í auglýsingunni eru af sambærilegum nýjum bílum sömu gerðar. Útbúnaður og litur bílanna getur því verið frábrugðinn myndunum í auglýsingunni.

HELGINN

Steinn Þórðardóttir, sminka og jógakennari

Mjölmissýning á Borgríki 2

Ég verð að kenna jóga í Mjölni á morgun og um kvöldið ætla ég í bíó á sérstaka Mjölmissýningu á Borgríki 2, en hún var einmitt frumsýnd í fyrradag. Ég er reyndar búin að sjá hana, sérstaka viðhafnarsýningu fyrir aðstandendur myndarinnar. Þá skoðaði ég bara vinnuna mína en ég sá um smink í myndinni. Svo ég hlakka til að sjá hana aftur og njóta myndarinnar.



Ævar Þór Benediktsson, leikari og rithöfundur

Fagnar útgáfu með bróður

Ég er með útgáfuboð fyrir nýju bókina mína sem heitir Þín eigin Þjóðsaga í dag. Ég held það með bróður mínum sem var að vinna Íslensku barnabókaverðlaunin í vikunni. Við ákváðum því að skella saman í partí. Svo á sunnudaginn ætla ég að leyfa mér að sofa út.



Ása Dýradóttir, bassaleikari Mammúts

Fer á Northern Wave kvikmyndahátíðina

Ég ætla að fara á Northern Wave-kvikmyndahátíðina á Grundarfirði. Ég mun vera alveg fram á sunnudagsmorgun. Sunnudagurinn fer síðan í að skipuleggja komandi viku á Stofunni, ásamt því sem stefnt er á að semja nýja og þunga tóna með Mammút.



Hrönn Marinósóttir, framkvæmdastjóri RIFF


Róleghet eftir vinnutörn

Ég ætla aðallega að vera í rólegheitum eftir mikla vinnutörn. Kannski rölti ég með í bæinn með dætrumum í dag og við kíkjum inn á söfn og fáum okkur ís. Í kvöld er fjölskyldunni boðið í mat til vinafólks og á morgun á miðdóttirin afmæli og þá verður veisla hér heima.

FARÐU HLUSTAÐU LESTU HORFÐU...



Á SÝNINGUNA GRÁSKALA sem lýkur nú um helgina í Gallerí Poku. Á sýningunni má sjá einfalt vídeóverk eftir listamanninn Curver þar sem hann klæðir sig í fót sem spanna allan gráskalann frá hvítum til svarts og aftur til baka.



Á SILKIDRANGA nýjustu plötu hljómsveitarinnar Samaris, sem greinarhöfundur tímaritsins Time sagði vera „fullkomna til að búa til stemningu í sunnudagsbrönsi eða bíltúr síðla nætur“. Á vefsíðu tímaritsins voru lesendur hvattir til að kynna sér sveitina og tónu aðrar hljómsveitir víða úr heiminum.

ÆVINTÝRAFERÐ FAKÍRS-INS SEM FESTIST

INN Í IKEA SKÁP fyrstu bók Romain Puértola. Söguhetjan er indverskur fakír sem leggur upp í ferð til Parísar með falsaðan hundrað evra seðil upp á vasann í því skyni að kaupa naglarúm á tilboði í IKEA og selja það hæstþjóðanda þegar heim er komið.



ÓSKALÖG ÞJÓÐARINNAR á RÚV í kvöld klukkan 19.40, nýjan Íslenskan skemmtipáttur þar sem þjóðin fær tækifæri til að velja og heyra óskalögin sín.

HÖFUNDUR SKÁLD-SÖGU OG HÖFUNDUR LEIKGERÐAR

Ólafur Egill Egilsson og Kristín Marja Baldursdóttir komu við á æfingu tveimur dögum fyrir frumsýningu en hafa annars haldið sér sem mest til hlés.



Sleppa tókunum á verkinu

Kristín Marja Baldursdóttir, höfundur bókarinnar Karitas, og Ólafur Egill Egilsson, höfundur leikgerðar eftir bókinni, segja hluta af sköpunarferlinu vera að sleppa tókunum á verkinu og færa það í hendur annarra listamanna. Þau viðurkenna þó bæði að það sé gert í fullkominni angist.

Erla Björg Gunnarsdóttir
erlabjorg@365.is

Leikgerðingin Karitas var frumsýnd í gærkvöldi í Þjóðleikhúsinu. Sýningin er byggð á bók Kristínar Marju Baldursdóttur og Ólafur Egill Egilsson skrifaði leikgerðina í samvinnu við Símon Birgisson. Tveimur dögum fyrir frumsýningu voru þau full tilhlökkunar að sjá sýninguna en viðurkenndu þó að þau muni líklega sitja í salnum í fullkominni angist, að fylgjast með öðrum listamönnum með sköpun þeirra í höndunum.

Kristín Marja segir að það reyni á hana að sjá verkið í höndum annarra, jafnvel þótt það sé í höndum fremstu listamanna þjóðarinnar. „Það er erfiðara með þetta verk en önnur því sagan er aðeins tengd mér. Ég er mjög stolt af því að Þjóðleikhúsið taki verkið til sýningar og ég vona að móðir mín, ömmur og langömmur séu líka stoltar en þær stíga nú allar dansinn á hvítum himni. Þótt bókinn sé einber skáldskapur og persónur allar fæddar í mínum huga eru þó þarna myndir sem ég sótti í reynslu þeirra eða sögur sem þær sögðu mér,“ segir Kristín og bætir við að hún hafi ekkert komið að uppsetningunni en hafi þó sett eitt skilyrði. „Ég vildi að Ólafur Egill skrifaði handritið. Ég vissi að ef einhver gæti náð kjarnanum í sögunni þá væri það hann.“

Kristín Marja nær oft djúpum tengslum við persónur sínar og því hlýtur að vera erfitt að sleppa af þeim tókunum. „Ég hef hugsað mikið um þetta og held að með því að verkið fái nýtt form komist bókmenntirnar með sínum persónum til fleiri, til dæmis til fólks sem almennt les ekki, en hefur ánægju af leikhúsi. Tökum sem dæmi Buddenbrooks eftir Thomas Mann. Ég hef lesið þessa bók þrisvar en það var ekki fyrr en ég sá verkið á sviði í leikhúsi í Þýskalandi í vetur sem ég áttaði mig á kjarna verksins. Bókin er 800 blaðsíður en handritshöfundur tókst að koma þessu til skila með tveggja tíma flutningi. Ég hef fylgst með handriti Ólafs á öllum stigum og veit því að hann fann kjarnann og kemur honum til skila.“

Ólafur skýtur inn í að kjarninn sé líka góður. „Bókin sogaði mig til sín eins og aðra lesendur.“ En hver er þessi kjarni? „Meginkjarni verksins er, eins og ég upplifi það, að fólk verði að fylgja köllun sinni, hver svo sem hún er, og það geti útheimt fórnir af ýmsum toga. Sagan gerist vissulega á öðrum tíma en mér finnst hún þó, eins sorglegt og það er, skírskota til okkar tíma. Þarna er kona sem velur að „krota“ umfram það að standa í barnauppleði eða fá sér almennilega vinnu eins og það heitir. Það er þungur kross að bera og enn í dag hallar ákaflega á konur í þessum efnunum. Kona sem velur starfsframa

KARITAS Brynhildur Guðjónsdóttir í hlutverki sínu.



„Það er farsælast að sviðið fái að taka yfir og að ferðalagið sem leikhópurinn og leikstjórinn leggja upp í sé á þeirra forsendum. Þá blómstrar allt.“

Ólafur Egill Egilsson

umfram börn er dæmd á annan hátt en karlmaður sem gerir það.“

Kristín Marja grípur orðið og segir þessa togstreitu vera erfiða. „Þetta eru tvö sterkustu öflin í sálu mannsins. Ástin og listin. Ástin og draumarnir. Þegar slíkt öfl mætast þá gneistur á milli.“

Kristín Marja og Ólafur Egill eru í sömu sporum. Þau hafa unnið sinn hlut í verkinu og hafa nú sleppt af því tókunum til leikhússins. Ólafur segir það algjöra grundvallarreglu að geta gefið verkið frá sér. „Þó það sé gert í angist. Það er alltaf ákveðin angist í skapandi ferli. Angist, draumar og fullt af vinnu sem vonandi gerir sig þegar allt kemur saman. Á milli leiktextans í handritinu eru mínar hugmyndir um sviðsetningu, leiklýsingar, en ég veit að lögmálið er að yfirleitt er þeim hugmyndum kollvarpað – sem betur fer. Það er farsælast að sviðið fái að taka yfir og að ferðalagið sem leikhópurinn og leikstjórinn leggja upp í sé á þeirra forsendum. Þá blómstrar allt.“



Rétta umhverfið fyrir þitt fyrirtæki

Reitir eru stærsta fasteignafélag landsins á sviði útleigu atvinnuhúsnæðis. Með vönduðu viðhaldi á eignum stuðla Reitir að fallettri ásýnd, varðveita sögu húsnæðis og skapa ímynd sem er fyrirtækinu þínu til sóma.

Reitir eru með yfir 130 eignir til leigu fyrir hvers kyns rekstur, á höfuðborgarsvæðinu, á Akureyri og í fjölda annarra bæjarfélaga.

Finndu húsnæði sem hentar þínum rekstri. Hafðu samband við Reiti í síma 579 9000 eða í reitir@reitir.is.

Kringlan 4-12

103 Reykjavík

www.reitir.is

575 9000

REITIR

Velkomin til starfa



ALDREI
VERIÐ
LÉTTARA
AÐ SLÉTTA
ÚR FLÍKUM

35%

GUFUSLÉTTIR ALGJÖR SNILLD

VERÐ ÁÐUR... 9.995
TILBOÐ 6.495



Pressa tærara og meira magn safi en aðrar sambærilegar pressur

VERÐ ÁÐUR... 59.995
TILBOÐ 49.995

HRÆRIVÉL + BÖKUNARSETT + BÓK

KitchenAid



LITUÐ
Fjöldi lita

Settið inniheldur 5 vönduð og viðlöðunarfri KitchenAid bökunarform.



21%

FULLT VERÐ ... 107.980
Hrærivél + bökunarsetti + matreiðslubók 19.990
TILBODSVERÐ .. 84.990



22%

FULLT VERÐ ... 104.980
Hrærivél + bökunarsetti + matreiðslubók 19.990
TILBODSVERÐ .. 81.990

SEVERIN
KAFFIVÉL
1400W

20%



VERÐ ÁÐUR... 17.995
TILBOÐ 14.395

KRINGLUKAST

ALLT AÐ 50% AFSLÁTTUR • NÝTT KORTATÍMABIL

50%



EINNIG
FYRIR FYLTA
HAMBORGARA

VERÐ ÁÐUR... 2.495
TILBOÐ 1.250

GEORGE FOREMAN HEILSUGRILLIN

Ný lína með
losanlegum plötum

Allt að
42%
minni líta

45%

Russell Hobbs



COMPACT
38sm² grillflötur

FULLT VERÐ 13.995
TILBOÐ 7.695



30%

FAMILY
51sm² grillflötur

FULLT VERÐ 16.995
TILBOÐ 11.895



30%

ENTERTAINMENT
64sm² grillflötur

FULLT VERÐ 18.995
TILBOÐ 13.295

KRUKKUOPNARI



50%

VERÐ ÁÐUR... 995
TILBOÐ 495


GASTROMAX OSTASKERI

Sá besti



50%

VERÐ ÁÐUR... 999
TILBOÐ 500



TRISTAR
SALT OG
PIPARKVÖRN

2 saman í pakka

20%

VERÐ ÁÐUR... 5.990
TILBOÐ 4.792

PÖNNUKÖKUPANNA



50%

Líka fyrir
spanhellur

VERÐ ÁÐUR... 3.995
TILBOÐ 1.995

TRISTAR VÖFFLUJÁRN

40%



EKTA
BELGÍSKAR VÖFFLUR

VERÐ ÁÐUR... 9.999
TILBOÐ 5.999

MANDOLIN DELUXE

45%



Sneiðir, skraelar, saxar

VERÐ ÁÐUR... 8.995
TILBOÐ 4.995



KÖKUKÉFLI
MARMARI

45,5cm

33%

VERÐ ÁÐUR... 4.495
TILBOÐ 2.995

KLASSÍSKU ROASTER POTTARNIR



33%

GRANITE-WARE
Roasting

ROASTER POTTUR
MIDSTÆRÐ 509

VERÐ ÁÐUR... 5.995
TILBOÐ 3.995

HÁGÆÐA STEYPUJÁRNSPOTTAR

25%

Hitinn dreifist mjög jafnt og rakastig viðhelt sem gefur jafna og góða eldun.



Mega fara í
uppvottavél.

Pá má einnig setja
pottana í bakaraofn og á grill, hitapolnir upp að
MAX 200°C.

Pottana má nota á allar gerðir helluborða, þar með talin spanhelluborð.

Henta bæði til eldunar og framreiðslu "Cook and Serve".

PURE KOMACHI 2

Hágæða hnífalína frá KAI í Japan. KAI hefur framleitt hnífa í yfir 100 ár. Pure Komachi 2 hnífarnir eru með litaðri „non-stick“ húð.



20%

VERÐ FRÁ 2.399 TIL 3.599

Nýtt frá KitchenAid
15% kynningarafsláttur!



15%

FULLT VERD24.990
KYNNINGARVERD ..21.245



15%

FULLT VERD19.990
KYNNINGARVERD ..16.995

PRINCESS
BLANDARI
800W



30%

Öflugur, mylur klaka
VERD ÁÐUR...9.995
TILBOD6.995

GRUNWERG
KERAMIK PÖNNUR

Slitsterkari Keramik húðun og engin skaðleg efni! Virka á allar hellur.



33%

byggto**g**búid

568 9400 byggto**g**buid.is | Kringlunni
facebook.com / byggto**g**buid

20%



KENWOOD 750W
MATVINNSLUVÉL
VERD ÁÐUR... 12.999
TILBOD 10.399

20%



PHILIPS
ErgoRange
RYKSUGA

ORKU
SPARANDI

VERD ÁÐUR... 19.995
TILBOD 15.995

Dolce Gusto Circolo



YFIR 30 GERDIR
AF TE, KAFFI
OG KAKÓ!



40%
AFSLÁTTUR AF
HVÍTRI OG
RAUÐRI

VERD ÁÐUR.... 32.995
TILBOD 19.995

HÁGAÐA HITAKÖNNUR OG BRÚSAR



25%

emja

25%

magisso

VERD ÁÐUR... 4.795
TILBOD 3.495

35%

Kökuþjónninn vann hönnunarverðlaun Red Dot árið 2010. Nýtist sem kökhnífur og spaði.

VERD ÁÐUR... 7.795
TILBOD 4.995

PHILIPS
TÖFRASPROTI
550W



20%

VERD ÁÐUR... 9.995
TILBOD 7.995

iRobot® RYKSUGUVÉLMENNI

**HREIN
SNILLD!**



Roomba 620
Sjálfvirk ryksuguvélmenni með iAdapt gervigreind. Fallskynjari.

VERD ÁÐUR... 59.995
TILBOD 49.995



Roomba 650
Með iAdapt gervigreind og tíma-stíll. Fallskynjari. Einn sýndarveggur fylgir.

VERD ÁÐUR... 79.995
TILBOD 69.995



Roomba 775
Með iAdapt gervigreind og tíma-stíll. Sýndarveggur og Halo sýndarveggur. Dirt Detect Series 2. Fallskynjari.

VERD ÁÐUR... 99.995
TILBOD 84.995



SKÚRINGAVÉL
iRobot Scooba 390
Sjálfvirk skúringavél sem hreinsar allt að 50fm á einni vatnsfyllingu og allt að 80fm á einni hleðslu. Sýndarveggur fylgir.

VERD ÁÐUR... 84.995
TILBOD 69.995



GUÐRÚN EVA „Trúarskoðanir eru tabú og kannski mega þær alveg vera það.“

FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Miðaldra er heimilislegt orð

Guðrún Eva Mínervudóttir flúði sveitina í fússi sem unglingur og ætlaði aldrei til baka. Tuttugu árum síðar er hún orðin sultandi húsfreyja í Hveragerði, gift kona og móðir. Nýja skáldsagan hennar, Englaryk, kom út í vikunni og er ögrandi saga af samskiptum fjölskyldumeðlima. Sjálf segist Guðrún Eva taka því fagnandi að vera óðum að nálgast miðjan aldur.

Friðrika Benónýsdóttir
fridrikab@frettabladid.is



Skáldsagan Englaryk, nýjasta saga Guðrúnar Evu Mínervudóttur, fjallar á yfirborðinu um fjölskyldu sem lendir í ógöngum þegar dóttirin á heimilinu hittir Jesú á ferðalagi á Spáni og verður heltekin af honum. Trú hennar sem slík er þó ekki það sem fer fyrir brjóstid á foreldrunum heldur það að hún skuli hafa þörf fyrir að deila henni með öllum sem á vegi hennar verða. Hvers vegna er það vandamál?

„Fólki finnst bara óþægilegt þegar aðrir tala of mikið um trú sína. Trúarskoðanir eru tabú og kannski mega þær alveg vera það. Þegar fólk fer að gapa mjög mikið um guð og kærleikann þá er oft ekkert gott í uppsiglingu, það er svo auðvelt að nota trúarbrögð í illum tilgangi.“

Ert þú trúuð? „Já, ég get ekki þrætt fyrir það, en ég hef enga þörf fyrir að tala um það. Maður tengir trúarbrögð ósjálfrátt við geðbilun eða ofbeldi og yfirgang, þannig að maður vill ekki endilega skipa sér í lið þeirra sem básúna trú sína. Trúarbrögðin eru stundum með undanbrögð þegar kemur að mannréttindum, til dæmis réttindum kvenna og samkynhneigðra og það er ólíandi. Engan afslátt af mannréttindum, takk! Ég hef hins vegar alltaf verið trúuð, það er svona kórsöngur og þakklæti í hjartanu, kjölfesta sem ég myndi ekki vilja vera án.“

Sögusvið bókarinnar er Stykkishólmur þar sem Guðrún Eva bjó í eitt ár í rithöfundabúð Vatnasafnsins. „Ég var fyrsti höfundurinn sem fékk að dvelja þar í kjallaranum. Ástæðan fyrir að ég valdi þetta söguvið var bara að þessi bær er svo fagur, svolítið eins og maður hafi gengið inn í gamlan tíma. Svo eru það auðvitað nunnurnar, hlutskiptið sem þær velja sér er svo framandi og óeingingjarnt framlag þeirra vegur þungt í svona litlu samfélagi.“

Móðir Guðrúnar Evu bjó í

Stykkishólmi sem barn og gekk í leikskóla hjá nunnunum en Guðrún sjálf segist eiginlega vera alls staðar að af landinu. „Ég var alin upp hér og þar um landið, mamma er tónlistarkennari og það er mjög forgengileg staða, alltaf verið að auka eða minnka kennsluna og segja fólki upp, þannig að við fluttum mikið milli staða.“

Eitthvað eitthvað Mínervudóttir

Hvers vegna kennirðu þig við móður þína? „Ég kynntist ekki föður mínum almennilega fyrr en frekar seint, pabbi og mamma voru ekki saman og það var ekki fyrr en ég var sextán ára og vildi flýta til Reykjavíkur sem ég bauð mér í mjög langa heimsókn og flutti inn á hann. Við erum mjög lík og eftir að við kynntumst erum við mjög nán og eigum gott samband. Undir niðri hef ég greinilega verið eitthvað ósátt við það hvað hann hafði lítið samband við mig sem barn og þegar ég var þrettán ára hætti ég að skrifa Pálsdóttir undir skóla- verkefni og fór að skrifa Mínervudóttir. Held reyndar líka að mér hafi bara fundist það flott, það var – og er – í mér dramatísk taug og þetta var óneitanlega dramatískara nafn. Þegar síðan kom að því að ég gæfi út mína fyrstu bók, tuttugu og tveggja ára, þurfti ég virkilega að velja því fyrir mér hvort nafnið ég ætti að nota. Korter í prentun sat ég á barnum með vinkonu minni og ræddi þetta fram og til baka þegar Helgi Hjörvar alþingismaður vatt sér að okkur og sagði: „Fyrirgefðu, ég komst ekki hjá því að heyra um hvað þið eruð að tala og vildi bara segja þér að í morgun hitti ég útgefandann þinn og hann sagði mér að hann væri að fara að gefa út fyrstu bók ungrar skáldkonu. Ég man ekkert af því sem hann sagði um þig nema eitthvað eitthvað Mínervudóttir.“ Mér fannst þetta vera ábending frá örlögum og slíkt stenst ég aldrei þannig að þar með var það ákveðið.“

Fyrsta skáldsagan innblásin af góðvild gamallar konu

Fyrsta bók tuttugu og tveggja ára,



FJÖLSKYLDAN „Svo kom Marteinn heim frá útlöndum ...“

varstu alltaf ákveðin í því að skrifa? „Nei, nei, ég var með alls konar hugmyndir, en þegar ég var átján ára á interrail-ferðalagi með vinkonu minni fékk ég innblástur að fyrstu skáldsögunni minni í Feneyjum. Þar varð ég snortin af góðvild gamallar konu sem aumkaði sig yfir okkur eftir að við höfðum gengið milli gististaða fram á kvöld, en hvergi komið pláss. Það bara gerðist eitthvað í höfðinu á mér og um leið og ég kom heim keypti ég notaða fartölvu, settist niður og skrifaði skáldsögu. Hún hefur reyndar aldrei komið út, en ég kláraði hana og það kom mér til að hugsa að kannski væri það þetta sem ég ætti að gera.“ Guðrún Eva segist hafa verið með hugann fullan af sögum frá því að hún man eftir sér, en hún hafi ekki tekið þær alvarlega eða fundist ástæða til að skrifa þær niður. „Ég reyndi stundum að skrifa niður það sem mig dreymdi og gera úr því sögu en það strandaði á færni

minni til að láta atburði lifna við á blaðsíðunni. Það fór ekki fram hjá mér, barninu, að þetta var ekki jafn óaðfínanlegt hjá mér og hjá vönum höfundum. Það gat ég ekki sætt mig við. Einhverra hluta vegna datt mér sá möguleiki að verða rithöfundur ekkert í hug. Þegar ég var unglingur kom út bókinn „Ég heiti Ísbjörg, ég er ljón“ eftir Vigdís Grímsdóttur. Ég er ekki frá því að með þeirri bók hafi eitthvað fjarlægt og langsótt eins og rithöfundarstarfið orðið nálægara og mannlegra. Bókin var auðvitað djörf og umdeild og Vigdís svo sterkur karakter og gaf mikið af sér.“

Eldingu lostin

Eftir að ákvörðunin um að gerast rithöfundur var tekin og bækurnar fóru að koma hver af annarri bjó Guðrún Eva árum saman í miðbæ Reykjavíkur með tilheyrandi kaffihúsa- og barsetum. Hún segist hafa trúað því að hún gæti aldrei aftur

hugsað sér að búa úti á landi en fékk svo að búa í rithöfundabúðinni í Vatnasafninu í eitt ár og þangað heimsótti ástin hana. Kvikmyndaleikstjórinn Marteinn Þórsson kom inn í líf hennar, henni alveg að óvörum. „Ég var búin að vera einhleyp dálítið lengi og sá ekki fyrir mér hvernig það ætti að gerast að ég yrði ástfangin. Fannst ég hafa hitt alla einhleypa menn í Reykjavík og þeir voru allir meira og minna skemmtilegir og myndarlegir, en það bara kviknaði ekki á neinu hjá mér. Svo kom Marteinn heim frá útlöndum, þar sem hann hafði búið í fjórtán ár, og árið 2006 hittumst við á Ölstofunni þar sem hann sagði mér frá þeim draumi sínum að gera kvikmynd eftir Yosoy. Ég óskaði honum bara góðs gengis með það og horfði hálfpartinn í gegnum hann. Ári síðar hringdi hann í mig og sagði enn vera að hugsa um Yosoy, en gengi ekki vel að selja framleiðendum hugmyndina. Ég bauð honum í

heimsókn til mín í Vatnasafnið til að ræða málin sem hann þáði. Ég átti mér einskis illis eða góðs von þegar ég opnaði fyrir honum en ég var bara eins og lostin eldingu, varð ástfangin á sekúndubroti og gjörsamlega miður mín allt kvöldið að reyna að stramma mig af svo þessi bláókunnugi maður héldi ekki að ég væri galin.

„Ástin reyndist gagnkvæm og í júní árið 2011 giftu þau Guðrún Eva og Marteinn sig með pompi og prakt. Hún í hvítum kjól þótt dóttirin væri komin undir. „Ég var 35 ára, ég held að fólk hafi nú alveg vitað að ég var ekki hrein mey! (Hlátur) Maður er aldrei saklausari en þegar maður er óléttur.“

Ástir „miðaldra“ hjóna

Barneignir voru ekki eitthvað sem Guðrún Eva hafði hugsað sér þegar hún var yngri en eins og hún orðar það þá kemur að því að lífið klappar á öxlina á manni og maður fær þá köllun að fjölga sér. Og auðvitað fylgir maður henni. „Ég hafði aldrei hugsað mér að eignast börn. Ég vissi alveg að lítið barn myndi eiga mig með húð og hári og mig hryllti við tilhugsuninni um að verða slitin í tvennt milli móðurhlutverksins og ritstarfanna. Nú er ég búin að vera að skrifa í tuttugu ár og fyrstu fimmtán árin varð ég bara að gefa skáldskapnum allt, það kom ekkert annað til greina. Eftir að Mínerva fæddist hefur það komið mér á óvart hversu gerlegt það er að sinna bæði henni og skrifunum. Hún valdi sér líka hárréttan tíma til að koma í heiminn, örfáum dögum eftir að „Allt með kossi vekur“ kom úr prentun. Törnin nýbúin. Dóttir mín er bæði tillitssöm og þolinmód við mömmu sína. Börn eru líka svo góðar músur. Þau halda manni við efnið, í núinu og á jörðinni, það hjálpar mikið til. Mínerva var tveggja vikna þegar hugmyndin að „Englaryki“ kviknaði. Sjokkið sem fylgdi nýju lífi ásamt næturvökum og öllu tilheyrandi reyndist hugvikkandi og innblásandi.“

Fyrir tveimur árum festu hjónin kaup á einbýlishúsi með þúsund fermetra lóð í Hveragerði og unnu hörðum höndum að því að gera það upp. Guðrún Eva segist reyndar aldrei hafa getað ímyndað sér að hún myndi flytja aftur út á land. „Ég kvaddi sveitina í fússi um leið og ég var orðin nógu gömul til að einhver knæpa í Reykjavík vildi ráða mig í vinnu og ætlaði sko aldrei til baka. Settist að í miðbænum og það var ekki fyrr en ég fattaði að ég var eiginlega aldrei þar heldur í sumarþöðum eða lánshúsnæði úti á landi sem ég fór að skilja að sennilega væri ég bara að verða miðaldra og flutti aftur í sveitina. Það hentar mér alveg ótrúlega vel. Í mínum huga er miðaldra sko ekki skamm-aryrði heldur fallegt og heimilislegt orð yfir hugarástand sem hefur ekkert með aldur að gera. Ég þekki fullt af rúmlega tvítugu fólki sem er óskaplega miðaldra og fimmtugt fólk sem er það alls ekki. Ég kys það núna að líta á mig sem svolítið miðaldra sem þýðir fyrst og fremst að ég er komin með ró í beinin og hef bara áhuga á að vinna vinnuna mína og hlúa að og byggja upp sem mest í kringum mig. Ég ætlaði reyndar að gerast stórtækur grænmetisbóndi um leið og ég flytti í Hveragerði en bæði hef ég ekki tíma og svo er miklu einfaldara að labba yfir götuna og kaupa ferskt og ódýrt grænmeti úr gróðurhúsi nágrannanna. Svo er á planinu að koma okkur upp hænum og byggja sánu sem þarf auðvitað að vera á öllum skandinavískum herragörðum, en þetta tekur allt sinn sinn tíma. Sveitin dregur nefnilega fram í manni bóndann. Matti er alltaf að smíða og ég er farin að gera alls konar sultur og baka brauð í tíma og ótíma. Langafar okkar og -ömmur væru örugglega hreykin af öllum þessum myndarþöðum, sem er kannski ekkert takmark í sjálfu sér en samt notaleg tilhugsun.“

Skáldskapurinn er lyf við einmanaleikanum

Eitt af einkennum rithöfundar er áhugi á öðru fólki og forvitni um hagi þess. „Það hafa allir svo ríka sögu að segja. Við erum svo flókin og lífið er svo flókið og það verða

„Ég átti mér einskis illis eða góðs von þegar ég opnaði fyrir honum en ég var bara eins og lostin eldingu, varð ástfangin á sekúndubroti og gjörsamlega miður mín allt kvöldið að reyna að stramma mig af svo þessi bláókunnugi maður héldi ekki að ég væri galin.“

allir fyrir áföllum. Það sleppur enginn að fullu við sorg og áföll sem dýpka okkur og breyta okkur og um þetta fjallar skáldskapurinn. Um öflin sem móta mannfólkið. Ég er þeirrar skoðunar að það sé hægarara sagt en gert fyrir eina manneskju að skilja aðra. Allt okkar tal og öll okkar skrif eru bara tilraun til að byggja brú á milli fólks en sú brú verður alltaf dálítið gisin, það fer svo mikið til spillis á leiðinni. Þess vegna er svo ótrúlega mikilvægt að vanda sig í samskiptum.

Við eigum að reyna að skilja hvert annað og tengjast, þess vegna þurfum við sögur af öllu tagi til þess að þjálf okkur í því að setja okkur í annarra spor. Ég veit að ég hef mikið fjallað um þetta í bókunum mínum enda hefur þetta verið mér hugleikið lengi. Það er erfitt að setja sig í þær stellingar að horfast í augu við þetta, maður getur fundið fyrir skerandi einmanakennnd, en mér finnst öll þessi viðleitni okkar til þess að reyna að skilja hvert annað svo fögur og mikilfengleg.“



HERRAGARÐUR Næst á dagskrá er að byggja hænsnakofa og sánu.



DON CARLO

Frumskýning í kvöld

- 2. sýning 25. október kl. 20
- 3. sýning 1. nóvember kl. 20
- 4. sýning 8. nóvember kl. 20

Miðasala í Hörpu
og á harpa.is

Miðasölusími 528 5050

www.opera.is

Lýsing: Páll Ragnarsson
Leikmynd og búningar: Þórunn S. Þorgrímsdóttir
Hljómsveitarstjóri: Guðmundur Óli Gunnarsson
Leikstjóri: Þórhildur Þorleifsdóttir

Jóhann Friðgeir Valdimarsson
Helga Rós Indriadóttir
Kristinn Sigmundsson
Oddur Arnþór Jónsson
Hanna Dóra Sturludóttir
Guðjón Óskarsson
Viðar Gunnarsson
Erla Björg Káradóttir
Hallveig Rúnarsdóttir

eftir
Giuseppe
Verdi



ÍSLENSKA ÓPERAN

Beið dóms í frelsi

En ég var samt fangi og mátti ekkert fara eða gera. Í fjögur ár og átta mánuði var ég stanslaust í beið milli vonar og ótta. Ég fékk í raun ekkert andlegt svigrúm til þess að gera nokkurn skapaðan hlut. Ég var þakklátur fyrir að vera ekki í fangelsi en óttaðist líka hvað myndi verða.

Smygtilraunin

Á þessum tíma var ég stjórnlaus í neyslu. Þegar komið var til mín og mér sagt að ég ætti að fara þarna út þá hugsaði ég með mér að ég hefði ekkert val. Það var annaðhvort að axla ábyrgðina svona eða að eiga á hættu að mér yrði gert eitthvað eða fjölskyldu minni. Þessi gegndarlaus neysla hafði slökkt á öllum tengslum við sjálfan mig og mér var alveg sama hvað ég gerði.

Annað tækifæri

Ég jarðtengdist og sá hvornig ég hafði lifað síðustu ár. Þarna var ég við það að deyja og ég fékk annað tækifæri og ætla mér að nýta það vel. Mig langar að helga líf mitt því að hjálpa öðrum enda er ég virkilega þakklátur fyrir hvern dag.

Þakklátur fyrir að vera á lífi

Ragnar Erling Hermannsson var handtekinn árið 2009 í Brasilíu með tæplega sex kíló af kókaíni í fórum sínum. Ragnar bjó við erfiðar aðstæður í rúm fjögur ár úti meðan hann beið dóms. Lengst af bjó hann á meðferðarheimili en var þrátt fyrir það í mikilli neyslu. Nú hefur hann snúið lífi sínu við og vonast til þess að geta helgað það því að hjálpa öðrum.



Viktoría Hermannsdóttir
viktoriah@frettabladid.is

Atli ég sé ekki bara fyrst og fremst þakklátur. Fyrir það að vera á lífi og að hafa fengið annað tækifæri til þess að lifa lífinu til fulls," segir Ragnar Erling Hermannsson sem í maí árið 2009, þá 24 ára gamall, var tekinn með tæplega sex kíló af kókaíni í farangri sínum á alþjóðaflugvellinum í Recife í Brasilíu.

Ragnar kom aftur til Íslands í lok síðasta árs og hefur frá þeim tíma tekið líf sitt í gegn; fór í langtímameðferð og er í dag á beinu brautinni. „Ég geri mér fullkomlega grein fyrir því að það eru ekki allir jafn lánsamir og ég var," segir hann brosandinn en á sama tíma örlítið alvarlegur þegar við sitjum yfir kaffibolla á Kjarvalsstöðum sólríkan en ögn kaldan haustviðrisdag. Fyrir fimm árum var hann staddur í Brasilíu og vissi ekki hver örlög sín yrðu. Þó hann hefði vonað að hann kæmist aftur til Íslands þá vissi hann í raun ekkert hvað biði sín.

Átti sín góðu tímabil

Mikið var fjallað um handtöku Ragnars í íslenskum fjölmiðlum sem og brasilískum. Hann hafði nokkru áður stigið sín fyrstu skref í sjónvarpi þegar hann var meðal keppenda í sjónvarpsþáttunum Leitin að strákunum þar sem tíu manns kepptu um að fá sinn eigin sjónvarpsþátt.

Frá þrettán ára aldri var hann meira og minna í neyslu. Hann átti sín góðu tímabil en þau stóðu yfirleitt stutt. „Ég náði samt sjaldnast að halda mér lengi á beinu brautinni. Sem barn og unglingur þá var ég aldrei sáttur við sjálfan mig. Mér leið alltaf eins og ég væri óeins virði. Þegar ég kynntist áfengi og eiturlyfjum þá fann ég frelsi. Síðan varð ég eldri og neyslan ágerðist. Henni fylgdi líka mikill óheildarleiði en kannski fyrst og fremst flótti frá raunveruleikanum."

Ætlaði að smygla frá Danmörku

Á unglingsárum kom hann einnig út úr skápnunum. „Eftir það kynntist ég líka dálítið nýjum heimi. Ég fór inn í ákveðinn glansheim þar sem allt snerist um að vera sem flottastur og djammíð var mikið." Hann segist sífellt hafa verið að reyna að vera annar en hann var en í raun og veru aldrei liðið vel, kannski komist næst því þegar hann var undir áhrifum. Um tvítugt jókst djammíð og neyslan sem svo endaði með því að hann ákvað vegna skulda sem hann hafði safnað að taka að sér að smygla eiturlyfjum frá Danmörku til Íslands. Þegar á hólminn var komið guggnaði hann og tapaði efnunum.

Þegar hann kom aftur til Íslands eftir misheppnaða smygilferð var hann því kominn í skuld við þá sem áttu efnin og var gert að borga hana með því að fara til Brasilíu. „Á þessum tíma var ég stjórnlaus í neyslu. Þegar komið var til mín og mér sagt að ég ætti að fara þarna út þá hugsaði ég með mér að ég hefði ekkert val. Það var annaðhvort að axla ábyrgðina svona eða



KOMINN HEIM Ragnar Erling er ánægður að vera kominn heim og vill helga líf sitt því að hjálpa öðrum.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

að eiga á hættu að mér yrði gert eitthvað eða fjölskyldu minni. Þessi gegndarlaus neysla hafði slökkt á öllum tengslum við sjálfan mig og mér var alveg sama hvað ég gerði."

Var dofinn

Fyrst fór hann til Amsterdam þar sem hann var í um þrjár vikur áður en hann fór til Brasilíu þar sem hann var í aðrar þrjár vikur áður en hann var sendur í smygilferðina. Þegar hann lenti á flugvellingum í Recife þótti tollvörðum hann grunsamlegur. Hann var beðinn um að koma afsíðis þar sem tæplega sex kíló af kókaíni fundust vandlega falið í tösku hans. „Það er svo skrytið að þegar ég hugsa til baka þá finnst mér að vissu leyti eins og ég hafi ekki verið þarna. Ég var bara dofinn. Búinn á því andlega og líkamlega. Mig langaði bara að leggja niður því ég var gjörsamlega að niðurlotum kominn."

Því næst var hann leiddur burt í járnunum. „Ég var leiddur niðurlægður í gegnum allan flugvöllinn fyrir framan myndatökuvélur og aðra ferðamenn, guði sé lof að það voru ekki fleiri á ferð," segir Ragnar og hryllir sig við tilhugsunina.

Óttaðist um líf sitt

Eftir skýrslutökur var hann færður í fangelsi. „Þarna gerði ég mér engan veginn grein fyrir því hversu alvarlega stöðu ég var kominn í."

Í fangelsinu óttaðist hann svo sannarlega um líf sitt. Fyrst um sinn náði hann ekki sambandi við fjölskyldu sína og fyrsti Íslendingurinn sem hann talaði við eftir handtökuna var fréttamaður Stöðvar 2 sem hringdi í fangelsið og

fékk að tala við hann. Ragnar bað fréttamanninn örvæntingarfyllur um hjálp enda vissi hann ekkert hvað hann væri kominn úti í.

Eftir að hafa dvalið fjóra mánuði í einu alræmdasta fangelsi Brasilíu fékk Ragnar að biða dóms í frelsi. Þá hafði dómur á fyrsta dómstigi kveðið á um fjögurra ára skilorðsbundinn dóm en því var áfrýjað af ákærvaldinu. Dómstigin í Brasilíu eru þrjú og á öðru dómstigi fékk hann fjögurra ára fangelsisdóm sem hann sjálfur áfrýjaði og fékk að biða í frelsi eftir að hæstiréttur dæmði á því dómstigi.

Í stanslausri neyslu

„Meðan ég beið dómsskvaðningar þá fékk ég ekki atvinnuleysi og mátti ekki fara úr landi. Þannig að fjölskylda mín fann kristið meðferðarheimili þar sem mér var sýndur skilyrðislaus kærleikur og þolinmæði. Sem ég átti engan veginn skilið vegna þess að ég var í stanslausri neyslu meðan ég var úti. Alltaf tók presturinn sem rak heimilið mér opnum örmum kærleikans, sama hvað ég hafði gerit og í hvaða ástandi ég var. Þeir björguðu mér," segir hann. „Hefði ég verið annars staðar þá veit ég ekkert hvornig þetta hefði farið. Flestir hefðu hent mér út á götu og þá veit ég ekki hvort ég væri hér í dag."

Þrátt fyrir að aðstaðan á meðferðarheimilinu væri langtum betri en í fangelsinu þá var hún samt bágborin. „Það voru þrjú herbergi með kojum þar sem voru 10–17 saman í herbergi. Það voru ekki dýnur í öllum kojum en þær sem voru til staðar voru eldgamlar og örþunnar. Hreinlætisvörur voru líka af skornum skammti. Aðbún-

aður þar var vægast sagt slæmur þar sem ekkert fjármagn er til staðar til að gera upp hluti og hafa mannshætti aðbúð þá níu mánuði sem meðferðin tekur."

Ólíkir heimur

Ragnar dvaldi þó þar lengur en sem meðferðartíma nemur. Samtals var hann þar í um fjögur ár meðan hann beið þess að úrskurðað yrði í máli hans. Þrátt fyrir að vera á meðferðarheimili harðnaði neyslan sífellt. „Þarna leiddist ég út í að prófa krakk og var líka í mikilli kannabisneyslu. Ég fór af meðferðarheimilinu inn á milli og hélt til á alls konar stöðum. Bæði hjá góðu fólki en líka í döpgrenjum," segir hann og leggur áherslu á hversu ólíkur þessi heimur er þeim íslenska. „Ég bjó í fátækasta hluta Norðaustur-Brasilíu. Ég kynntist alls konar fólki; allt frá 10 barna einstæðri móður sem var krakksali yfir í vel setta enskukennara sem bjuggu í strandbæ."

Stanslaus bið

Hann segist hafa verið týndur á þessum tíma. Ánægður að vera utan múranna en á sama tíma var óvissan mikil og erfitt að biða þess sem yrði. Hugsanlega myndi hann fá fangelsisdóm á þriðja dómstigi. „Mér leið oft eins og ég væri fastur í eins konar paradís. Það var líka svo falllegt þarna og margt gott. En ég var samt fangi og mátti ekkert fara eða gera. Í fjögur ár og átta mánuði var ég stanslaust í beið milli vonar og ótta. Ég fékk í raun ekkert andlegt svigrúm til þess að gera nokkurn skapaðan hlut. Ég var þakklátur fyrir að vera ekki í fangelsi en óttaðist líka hvað myndi verða."

„Ég grét þegar ég komst um borð í vélinu og var á leið til Íslands. Ég trúði þessu ekki."

Sendur heim af mannúðarastæðum

Í ágúst 2013 veiktist Ragnar alvarlega og var lagður inn á spítala nær dauða en lífi. „Ég var þar í rúma tvo mánuði. Mér leið hræðilega og var nokkuð viss um að þarna myndi ég deyja," segir hann. „Ég var fárveikur og var vart hugað líf. Fjölskylda mín fór þá á fullt að finna lögfræðinga fyrir mig til þess að fá mig heim. Ég er henni ótrúlega þakklátur fyrir það. Vegna þess hversu veikur ég var þá fékk ég að koma heim af mannúðarastæðum. Þeir í raun sendu mig heim til að leyfa mér að deyja hér."

Ragnar fékk þó heilsuna aftur og er stálsleginn í dag. „Ég grét þegar ég komst um borð í vélinu og var á leið til Íslands. Ég trúði þessu ekki."

Í byrjun desember í fyrra kom hann aftur til landsins.

„Meðan ég var á spítalanum úti mælti vinkona mín með því að ég færi í meðferð á Krýsuvík. Ég ákvað að gera það. Ég komst þar inn í janúar og þá hófst bati minn," segir Ragnar.

Horfðist í augu við sjálfan sig

„Ég var þar í meðferð í sex mánuði og þar hófst í fyrsta skipti eitthvað sem hægt er að kalla bata. Ég horfði í augu við sjálfan mig, hvornig hlutirnir voru og á hvaða stað ég var. Afneitun fíkilsins fór á rjástlast af mér. Ég fékk loksins þann verkfærakassa lífsins sem ég hef alltaf þurft á að halda," segir Ragnar.

„Ég jarðtengdist og sá hvornig ég hafði lifað síðustu ár. Þarna var ég við það að deyja og ég fékk annað tækifæri og ætla mér að nýta það vel. Mig langar að helga líf mitt því að hjálpa öðrum enda er ég virkilega þakklátur fyrir hvern dag," segir hann.

VÖRUGJÖLD
AFNUMIN

FYRIR HEIMILIN Í LANDINU

ORMSSON HEFUR AFNUMIÐ VÖRUGJÖLD Í ÖLLUM VERSLUNUM SÍNUM FYRSTIR ALLRA

Vegna niðurfellingar vörugjalds hafa öll helstu heimilistækin
lækkað í verði um **17%** og sjónvörp, hljómtæki og annað um **20%**.



SAMSUNG

MÍNUS
17%

KÆLIR/FRYSTIR

„no frost,“ það þarf aldrei að afþýða

HVÍTUR 178 cm
RB29FSRNDWW/EF

99.517

Verð áður 119.900

STÁLLITUR 178 cm
RB29FSRNDSS/EF

107.817

Verð áður 129.900

HVÍTUR 185 cm
RB31FERNCS/EF

124.417

Verð áður 149.900

STÁLLITUR 185 cm
RB31FERNCS/EF

132.717

Verð áður 159.900



MÍNUS
17%

SAMSUNG

ÞVOTTAVÉL

WF70F5E3P4W/EE

ECO Bubble.

Tekur 7 kg af þvotti, 1400
snúninga vinda og kolalaus
mótor.

99.517

Verð áður 119.900

MÍNUS
17%



SAMSUNG

KÆLIR OG FRYSTIR

RS7567THCSR

92 cm á breidd. Tvöfalt kælikerfi,
loft fer aldrei á milli kælís og frystis.
Vatns- og klakavél.

282.117

Verð áður 339.900



SAMSUNG

TVÖFALDUR KÆLISKÁPUR

RFG23UERS1

92 cm á breidd. Kælir efrihluta og frystir
niðri. Með „frönskum“ hurðum.
Vatns- og klakavél.

464.717

Verð áður 559.900

EKKI EFTIR NEINU AÐ BÍÐA

Við höfum náð samningum við okkar helstu birgja, sem gerir okkur mögulegt
að afnema þessi gjöld nú þegar. Fólk þarf því ekki að bíða eftir nýju ári til
að gera hagstæð innkaup fyrir heimilið, heldur getur þú nú komið í verslanir
ORMSSON um allt land og fengið umtalsvert meira fyrir peninginn en áður.

SAMSUNG
SETRIÐ

SÍÐUMÚLA 9 · SÍMI 530 2900 · samsungsetrid.is
OPIÐ VIRKA DAGA KL. 10-18 · LAUGARDAGA KL. 12-16

– UM LAND ALLT –

ORMSSON

LÁGMÚLA 8 · SÍMI 530 2800 · ormsson.is
OPIÐ VIRKA DAGA KL. 10-18 · LAUGARDAGA KL. 11-15



Thinking of you
Electrolux



Electrolux

VÖRUGJÖLD
LÆKKA



Pvottavél EWP 1674TDW
7 kg, 1600 snúninga
1805659

VÖRUGJÖLD
LÆKKA



Purrkari EDC 1072
Barkalaus, 7 kg, með rakapétti.
1805568

OPNUNAR
TILBOÐ



Uppþvottavél ESF5521LOW
Orkunýting A+, Purrkhæfni A, Pvottahæfni A
Hljóðstyrkur 45 dB
1808976

OPNUNAR
TILBOÐ



Blástursofn EOC 3411AOX
74 ltr, orkunýting A++, sjálfhreinsandi.
Coolfront. Pyrolytic.
1830201



GUÐNÝ SÉRFRÆÐINGUR FRÁ OSRAM
VEITIR RÁÐGJÖF Í DAG KL. 12-16

20% AF ÖLLUM OSRAM PERUM afsláttur UM HELGINA

KVEIKTU Á PERUNNI og lækkaðu rafmagnsreikninginn



NÝ OSRAM PERUDEILD Í SKÚTUVOGI EITT MESTA ÚRVAL LANDSINS AF PERUM

Sérfræðingur frá Osram verður í Húsasmíðjunni Skútuvogi laugardag kl. 12:00 -16:00 og kynnir úrval valkosta í stað hefðbundinna glópera. Fáðu ráðgjöf og lækkaðu rafmagnsreikninginn með réttu perunni.

OSRAM



Glæsileg Electrolux heimilistækjadeild opnar í Skútuvogi um helgina.


Electrolux vörumerkið er flaggskip Electrolux samstæðunnar í eldhús- og heimilistækjum en samstæðan framleiðir einnig önnur vörumerki s.s. AEG og Zanussi.

Húsasmiðjan býður upp á breitt úrval vandaðra heimilistækja frá Electrolux.

OPNUNARHÁTÍÐ

Opnunartilboð alla helgina

OPNUNAR
TILBOÐ




Electrolux
SÁRA
ÁBYRÐ
30 DAGA
SKILARETTUR

Spanhelluborð
EHI 6740FOK
Spanhelluborð sem er jafn fljótt að hitna og gaslogi, fasaður kantur, stærð 590x520x55 mm 1860232

89.900 kr
~~109.900 kr~~

OPNUNAR
TILBOÐ



Ryksuga
JMallfloor 1500W
Hepa filter, 6 m snúra. 1805291

15.750 kr
~~19.690 kr~~

KAUPAUKI

Matreiðslubók Sigga Hall Hátíðarréttirnir fylgir frítt með Electrolux heimilistækjum um helgina.

Sigga Hall



nordlux®
ný ljósadeild

13%
AFSLÁTTUR



KJARA KLÚBBUR %

VÖRUGJÖLD LÆKKA

Til stendur að afnema vörugjöld um áramót en Kjaraklúbbur Húsasmiðjunnar færir þér kjarabætur strax og lækkar verð á parketi, flísum, ljósum, blöndunartækjum, hreinlætistækjum, grillum og völdum heimilistækjum í formi sérkjara til klúbbmeðlima.

Skráðu þig í Kjaraklúbbinn og fáðu afsláttinn strax!



**NÓVEMBER
KAKTUS
999**

blómaval




HÚSASMÍÐJAN

HLUTI AF BYGMA

ALLT FRÁ GRUNNI AÐ GÓÐU HEIMILI
SÍÐAN 1956



ÍRAK: HVERT STRÍÐIÐ Á FÆTUR ÖÐRU



MUSTAFA ABUBAKR Ólst upp í Kúrdahéruðum Íraks, þar sem hvert stríðið rak annað, og óskar nú eftir hæli hér á landi.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFAN

Dauðinn ávallt verið nálægur

Öfgasveitir Íslamska ríkisins hafa herjað á Kúrdahéruðin í Sýrlandi og Írak undanfarið. Mustafa Abubakr er landflótta Kúrdi sem sviður að fylgjast með fréttum af grimmdarverkunum. Hann ólst upp í Írak og hefur varla kynnst öðru um ævina en stanslausum stríðsátökum.

Guðsteinn Bjarnason

gudsteinn@frettabladid.is



Ég vil ekki berjast. Ég vil ekki drepa," segir Mustafa Abubakr, þrítugur Kúrdi sem hingað er kominn til að óska eftir hæli.

Hann er stoltur af því að vera frá Kúrdistan, landi sem er raunverulegt en þó ekki til á landakorti sjálfstæðra ríkja. „Auðvitað," svarar hann spurður hvort Kúrdar í Írak, Sýrlandi, Tyrklandi og Íran liti á sig sem eina heild, eina þjóð.

„Þetta eru bræður mínir og systur," segir hann um Kúrdana, sem vígasveitir Íslamska ríkisins hafa verið að drepa í Sýrlandi og Írak undanfarið.

Mustafa segist ekki vita hvort foreldrar hans séu á lífi, það er ekki svo auðvelt að fá fréttir að heiman. Hann á ekki von á því að snúa nokkurn tímann aftur.

„Nei, það væri of erfitt. Ég gæti það aldrei."

Linnulaust stríð

„Þetta stríð stóð yfir í átta ár. Tómar sprengjur og bardagar. Eftir það fór Saddam að ráðast á Kúrda, og það stóð yfir í þrjú ár. Fimm þúsund manns voru til dæmis drepnir í bænum Halabja."

Par er Mustafa að vísa til alræmdrar eiturefnaárásar þann 16. mars árið 1988 þegar eiturgashlykjum var varpað úr herþotum

Saddams á bæinn Halabja, en þar búa nú nærri 120 þúsund manns.

„Eftir þetta tímabil tekur Saddam upp á því að fara í stríð við Kúveit," heldur Mustafa áfram. Þetta var árið 1991, en þá var Mustafa sjö ára gamall. Síðan þegar Persaflóastríðinu lauk með ósigri Saddams hófu Kúrdar uppveisn gegn honum.

„Eftir það skánaði ástandið svolítið hjá okkur. En svo tóku Kúrdar að berjast innbyrðis. Þar áttu tveir hópar í stríði sín á milli. Svo þegar þeim átökum lauk þá skánaði ástandið aftur um stund, en svo komu loks Bandaríkin og réðust inn í Írak. Þannig að ég spyr: Hvenær á þessu eiginlega að ljúka? Hvenær hætta menn að berjast og kasta sprengjum? Hvenær fær fólk frið til að vera hamingjusamt?"

Hvað vilja þeir Kúrdum?

Nú er það Íslamska ríkið, sem á þessu ári hefur sölsað undir sig stór svæði í Sýrlandi og Írak og herjar þaðan á Kúrdahéruðin í norðurhluta beggja landanna.

„Enn er farið að varpa sprengjum og drepa fólk. Sprengja, sprengja, sprengja. Það sem ég skil ekki er hvað þeir vilja okkur Kúrdum eiginlega. Við höfum aldrei ráðið á aðrir þjóðir. Við höfum okkar eigin menningu og okkar eigið land. Við eigum okkar borgir og okkar tungumál. Við þurfum ekkert á því að halda að aðrir komi til að stjórna okkur. Hvers vegna kemur þetta fólk til okkar að drepa börnin okkar? Það er verið að leggja allt í rúst hjá okkur."

Hann bendir á að Kúrdar hafi aldrei látið sér detta í hug að fara í stríð út af trúarbrögðum. Þeir hafa barist fyrir réttindum sínum, en trúin hafi aldrei blandast í þau átök.

„Við erum Kúrdar. Við þurfum ekki þessi stríð. Þetta hefur alltaf bara snúið um peninga og olíu hvort sem er. Við verðum að stöðva þetta."

Hann kann svo sem engin ráð til að stöðva ofbeldið. Kúrdar hafa hins vegar farið fram á aðstoð frá umheiminum. Vígasveitir Íslamska ríkisins megi ekki fá að vaða uppi með voðaverk sín.

Dauðinn sífellt nálægur

Sjálfur segist hann vera svo heppinn að hafa aldrei þurft að taka þátt í hernaði. Hann hafi hins vegar horft upp á fólk deyja í stórum stíl, þar á meðal vini og ættingja. Dauðinn sé sífellt nálægur og þannig hafi það verið alla ævina.


Nokkur ár eru nú liðin frá því honum tókst að flýja land. Fyrst fór hann til Noregs en bíður nú afgreiðslu Útlendingastofnunar. Hann vill ekki kvarta þótt hælisleitendur fái lítið fé til að lifa af, rétt um átta þúsund krónur á viku.

„Já, það er allt í lagi. Það er bara eðlilegt fyrir einn mann," segir hann og brosir. Það er stutt í brosið hjá Mustafa, þótt hann hafi átt erfiða ævi. Hann segir vini sína stundum segja að hann brosi of mikið. „En ég get ekki annað. Ég verð að brosa." Hann er í sambandi við Kúrda sem búa hér á landi. Þeir eru á milli tíu og tuttugu, segir hann. „Það er gott að hittast og spjalla og elda mat saman. Það hjálpar."

Íslamskt ríki og kúrdabyggðirnar

Á valdi Íslamska ríkisins

Kúrdabyggðir



Heimild: Bandaríkjaher og Associated Press

© GRAPHIC NEWS

→ Kúrdistan

Kúrdar í Tyrklandi, Sýrlandi, Írak og Íran hafa lengi látið sig dreyma um að stofna sjálfstætt ríki, sem hétu Kúrdistan. Alls búa 50 til 60 milljónir Kúrda þar á nokkuð samfelldu svæði sem nær yfir 100 til 150 þúsund ferkílómetra.

Stjórnvöld ríkjanna fjögurra hafa aldrei léð máls á þessu, og oftar en ekki hafa réttindi Kúrda verið fótum troðin í öllum ríkjunum fjórum.

Í norðanverðu Írak hefur sjálfstjórnarsvæði Kúrda samt haft nokkuð sterka stöðu á síðustu árum, ekki síst vegna veikleika stjórnarinnar í Bagdad.

Sérstæð heimsendatrú býr að baki voðaverkum Íslamska ríkisins í Sýrlandi og Írak

→ Leiðtogar vígasveita Íslamska ríkisins boða af miklum ákafa allsérstæða heimsendatrú, sem óspart hefur verið notuð til að laða að liðsmenn frá Vesturlöndum. Þar er vísað í forna spádóma úr helgiritum múslima um úrslitaorru milli múslima og Rómverja, sem sögð er verða í bænum Dabik í Sýrlandi.

→ Beri múslimar sigur úr bítum rís upp nýr og betri heimur, þar sem múslimar þurfa ekki lengur að sæta ofríki Vesturlanda heldur geti lifað upp frá því í sátt og samlyndi og umfram allt í tándurhreiinni trú. Í raun er þetta því ekki réttnefnd „heimsendatrú" heldur frekar „heimsendurnýjunatrú", rétt eins og hinar ýmsu útgáfur heimsendatrúar kristinna manna sem snúast flestar um einhvers konar endurnýjun heimsins.

→ Dabik í Sýrlandi er smábær norður af Aleppo,

ekki langt frá landamærum Tyrklands og ekki mjög langt frá Kúrdabænum Kobani, sem vígasveitirnar hafa herjað á af mikilli grimmd undanfarið.

Í Dabik búa ekki nema þrjú þúsund manns og ekkert bendir til þess að þar sé yfirvofandi eitthvað sem kalla mætti úrslitaorru í þessu stríði, sem Íslamska ríkið stendur í.

→ Dabik er einnig nafn á tímariti, sem Íslamska ríkið hefur gefið út á ensku til að vekja áhuga vígfúsra ungra manna á Vesturlöndum. Þetta er eins konar „glaustímari", þar sem birtar eru ljótar myndir af limlestum líkum með stóryrtum yfirlysingum um hetjulega baráttu. Einnig er þar að finna fjölda greina um hugmyndafræði og stefnu samtakanna, sem eins og aðrir öfgasöfnuðir eru ekki í vandræðum með að réttlæta voðaverkin fyrir sjálfum sér.

→ Íslamska ríkið fetar þarna í fótspor nokkurra annarra róttækra íslamsistahreyfinga sem í orði segjast vilja endurreisa forna dýrd og snúa aftur til hreinleika trúarinnar en virðast í raun gera lítið annað en að drepa fólk og kúga.

→ Hreinleikann og dýrðina hafa hreintrúarmúslimar sumir hverjir séð í hinu forna kalífaveldi múslima, en kalífar voru þeir leiðtogar nefndir sem upphaflega tóku við af Múhamed spámanni. Síðar gerðu ráðamenn í Tyrkjaveldi tilkall til þessa titils, en með stofnun lýðveldis í Tyrklandi árið 1924 leið hið forna kalífaveldi múslima endanlega undir lok.

→ Fyrr á árinu lýstu leiðtogar Íslamska ríkisins svo yfir stofnun kalífaveldis í Sýrlandi og Írak, og þykja taka harla stórt upp í sig með svo digurbarkalegum yfirlysingum.



*Komdu í kaffi og tertur í Listasafninu í dag
laugardaginn 18. október*



*Tertugalleríð óskar Listasafni
Íslands og Íslendingum öllum
hjartanlega til hamingju með
130 ára afmæli safnsins*

Listasafn Íslands fagnar þessum tímamótum með afmæliskaffi og tertum skreyttum málverkum eftir íslenska listamenn í boði Tertugallerísins.

Njóttu vel.





„Ég hef aldrei skilið af hverju ég geri alltaf allt brjálað þegar ég geri skúlpúr innan forms sem er tungumálið.“

FRÉTTABLAÐIÐ

Stórskrýttinn listamaður sem er svo lánsamur að lifa á því

Lawrence Weiner er eitt af lykilnöfnum konseptlistar í heiminum. Hann fæddist árið 1942 í Bronx-hverfi New York-borgar, en hann býr og starfar jöfnum höndum á Manhattan og í Amsterdam. Hann er í hópi þekktustu nútímamyndlistarmanna Bandaríkjanna, en sjálfur segist hann vera stórskrýttinn. Lawrence Weiner heldur sýningu í Gallerí i8.

Ólöf Skaftadóttir
olof@frettabladid.is



Myndlist Lawrence er af mörgum talin stórmerkileg og sum verk hans seljast á mörg hundruð þúsund dollara. Hann gerir líka minni verk, teikningar á pappír, smámyndir á dagbókarblöð og ýmislegt fleira. Einstök verk hans eru svokölluð upplagsverk, sem gerð eru í mörgum eintökum.

En Weiner er þekktastur fyrir stórar textainnsetningar, sem hann sjálfur kallar skúlpúra, og finna má á veggjum innan- og utandyra á opinberum byggingum í Hong Kong, víða í arabaheiminum og á einkaheimilum, meðal annars í Reykjavík. Verk Weiners eru auðkennanleg, og oft einföld, eins og textainnsetning þar sem stendur: „MANY COLOURED OBJECTS PLACED SIDE BY SIDE TO FORM A ROW OF MANY COLOURED OBJECTS.“ Verkið gefur enga hugmynd um raunverulegan lit, stærð, fjölda eða eðli þessara hluta, en til þess er leikurinn gerður. Meðal annarra verka eru: TWO MINUTES OF SPRAY PAINT DIRECTLY UPON THE FLOOR FROM A STANDARD AEROSOL SPRAY CAN (1968) og A CLOTH OF COTTON WRAPPED AROUND A HORSESHOE OF IRON TOSSED ON THE CREST OF A WAVE (2008).

Eins og aðrir konseptlistamenn af sömu kynslóð rannsakandi Weiner leiðir til þess að setja list sína fram á hátt sem ögraði ríkjandi gildum í listum. Eina verkið á sýningu sem hann hélt árið 1968 var bókin Statements; og þar sem verkið var bara orð, þótti honum engin ástæða til að

hafa sýninguna ápreifanlega. Sýningin þótti stórfurðuleg. Mikið vatn hefur runnið til sjávar síðan og þó að Weiner þyki ekki eins ögrandi á seinni árum verður seint hægt að segja að hann sé hefðbundinn.

Sjálfur segist listamaðurinn ekkert skilja í því að vera kallaður frumkvöðull á sviði konseptlistar. „Af hverju er verið að setja einhverja stimpla á mig?“

Lawrence Weiner hefur haldið einkasýningar í virtum galleríum og söfnum um allan heim. Mörg virtustu söfn í heiminum eiga verk eftir hann, meðal annars Hirshhorn í Washington D.C., Institute of Contemporary Arts, London, Dia Center for the Arts, New York, Musée d'Art Contemporain, Bordeaux, San Francisco Museum of Modern Art, Walker Art Center, Minneapolis, Philadelphia Museum of Art, Museum Ludwig, Köln, Deutsche Guggenheim í Berlín, Museo Tamayo Arte Contemporáneo í Mexíkóborg og Tate Gallery í London.

Árið 2007 skipulagði Whitney Museum of American Art fyrstu stóru yfirlitssýninguna á verkum Weiners í Bandaríkjunum. Auk þess að hafa gefið út fjölda bóka, hefur hann framleitt kvikmyndir og annað myndefni, til að mynda Beached (1970), Do You Believe in Water? (1976) og Plowman's Lunch (1982).

Lawrence Weiner hefur um árabil haft mikil tengsl við Ísland. Verk hans hafa verið sýnd í Safni, sem hjónin Ragna Róbertsdóttir og Pétur Arason eiga. Hann hefur líka sýnt nokkrum sinnum í Gallerí i8, sem er í nánum tengslum við listamanninn og hefur selt verk hans á alþjóðlegum listamessum. Nú stendur yfir sýning á verkum hans í Gallerí i8 við Tryggvagötu. Sýningin stendur til 29. nóvember.



LÉT ÚTBÚA FIMMTÍU FISKIKÖR
Lawrence sýnir tíu þeirra á sýningunni í i8, en hinum verður dreift út til útgerða til notkunar.

„List er fyrir ríkt fólk og konur“

„Ég kom ekki af þannig heimili að ég hefði hugmynd um hvað nútímamyndlist væri. Það var enginn með eða á móti, við bara höfðum ekkert með hana að gera. Ég man samt að einu sinni sagði mamma mín við mig þegar ég var sextán ára og á leið í skóla og sagði við hana að ég væri að hugsa um að verða listamaður, en ekki prófessor í heim-speki, eins og þau höfðu öll gert ráð fyrir. Mamma horfði á mig og sagði: „Lawrence, það mun særa þig hjartasári.“ Og ég spurði: „Af hverju?“ Og hún svaraði: „List er fyrir ríkt fólk og konur.““

Ekki hrifinn af stimplum

„Ég skil ekkert í þessum konseptlistamanna-stimpli sem ég er með. Ég er ekki hrifinn af honum. Ég held að fólk sem bjó til þann stimpil hafi viljað að verk þess væru á einhvern hátt aðgreind frá verkum annarra.“

Ég vinn og vinn og vinn

„Ég fer aldrei út í hádegismat. Ég er ekki hrifinn af hádegismat. Ég skil hann ekki. Hann virðist brjóta upp daginn, og hlutirnir sem ég er að gera virðast alltaf taka einhverjar vikur og ef þú ert byrjaður að vinna að einhverju þá viltu halda því áfram. Þannig að ég vinn og vinn og svo fer eitthvert fólk alltaf út í hádegismat og að gera einhverja hluti. Og ég er bara að vinna. Þetta er ekki mjög spennandi.“

KARABÍSKUR ÞRÆLL VERÐUR KAUPMAÐUR Á DJÚPAVOGI

Hver var Hans Jónatan, maðurinn sem stal sjálfum sér?



GÍSLI PÁLSSON SKRÁÐI

„Einstök innsýn
í ómanneskjulegar
aðstæður, grípandi
frásögn ...“

KRISTÍN LOFTSDÓTTIR,
PRÓFESSOR Í MANNFRÆÐI VIÐ H.Í



Armaturn

Vnr. 1540000
ARMATURA OMEGA
eldhústæki.

9.995 KLÚBB verð
kr.
Almennt verð 12.995 kr.



GROHE

Vnr. 15327794
GROHE NewTempesta III
sturtuset.

5.995 KLÚBB verð
kr.
Almennt verð 7.995 kr.



Vnr. 42302215
Herðatré úr plasti,
7 stk. í setti.

495 KLÚBB verð
kr.
Almennt verð 695 kr.

VERÐVERND BYKO
**LÆGRA
VERÐ**

Á VERÐI



Vnr. 13615035
Handlaugaskápur, hvít
háglans, 40 cm, fyrir lítil
badherbergi. Spegill og
ljós fylgja með.

26.995 KLÚBB verð
kr.
Almennt verð 39.995 kr.



Vnr. 18080025
IROKO Grey gólfflisar,
30x60 cm, frostþolnar.

2.995 KLÚBB verð
kr./m²
Almennt verð 4.395 kr./m²



BURDARGETA 750 KG

Vnr. 79290121
Bilkerra 1520x1200 mm. Heitgalvaniseruð
með dekkkrossvið í botni. Nefhjól og LED ljós.

109.995 KLÚBB verð
kr.
Almennt verð 149.995 kr.



[e]STONE

Vnr. 17800122
E-STONE Paris Sand Stone
flisar, 30x60 cm,
frostþolnar og skornar.

3.995 KLÚBB verð
kr./m²
Almennt verð 4.995 kr./m²



Vnr. 52237476
VESTA loftljós,
25 cm, 3xG9, 28W.

3.995 KLÚBB verð
kr.
Almennt verð 4.995 kr.



Vnr. 0148532
Limtré, beyki, 32 mm,
625 mm breidd.

5.995 KLÚBB verð
kr./lm.
Almennt verð 7.995 kr./lm.

Vnr. 0146135
Limtré, fura, 27 mm,
625 mm breidd.

5.395 KLÚBB verð
kr./lm.
Almennt verð 7.180 kr./lm.



Vnr. 0118526
Borðplata, granit,
28 mm, 615x3660 mm.

4.395 KLÚBB verð
kr./lm.
Almennt verð 6.301 kr./lm.

Vnr. 0118516
Borðplata, basalt slate,
28 mm, 615x3660 mm.

4.695 KLÚBB verð
kr./lm.
Almennt verð 6.795 kr./lm.



Vnr. 52237928
Borðlampa,
krómshermur,
36 cm.

4.795 KLÚBB verð
kr.
Almennt verð 5.995 kr.

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/ eða myndbreytingu. Allar vörur fást í BYKO Breidd en minna framboð í öðrum verslunum.

Verðvernd BYKO tryggir þér lægra verð. Sjá nánari upplýsingar og skilmála á www.byko.is.



Vnr. 59700922
Heimilistrappa,
2 þrep.

3.295 kr.
KLÚBB verð
Almennt verð 4.549 kr.



Vnr. 58099906-11
Geymslubox,
12, 25, 50, 60 eða 140 l.

645 kr.
KLÚBB verð frá:
Almennt verð frá 895 kr.



110 LÍTRA

Vnr. 58099909
Ruslatunna með
loki, 110 l.

5.995 kr.
KLÚBB verð
Almennt verð 7.995 kr.

FYRIR ÞIG



Vnr. 49983196
ACE startkaplar, 3,6 m.

2.295 kr.
KLÚBB verð
Almennt verð 2.995 kr.



Vnr. 68546550
LUX verkfærasett,
54 stk.

7.995 kr.
KLÚBB verð
Almennt verð 9.995 kr.



Vnr. 74801055
EINHELL multisög
BT-MG 200E.

9.995 kr.
KLÚBB verð
Almennt verð 14.995 kr.

POTTAPLÖNTUMARKAÐUR



POTTA-
PLÖNTUR
Á LÆGRA
VERÐI

NÚ FER HVER AÐ VERA SÍÐASTUR AÐ SETJA NIÐUR HAUSTLAUKANA



Allir
haustlaukar
295 kr.



Vnr. 74830033
EINHELL GH-EC 1835
keðjusög, 1800W.

14.995 kr.
KLÚBB verð
Almennt verð 19.995 kr.

BYKO

BÚÐU BETUR. BORGÐU MINNA.

Grænland BYKO BREIDD

Hönnun og umbrot: VERT markaðsstoða

Verð gilda til og með 19.10.2014 eða á meðan birgðir endast.

LJÓÐ Í NORÐ-AUSTURRIKI!
Litla ljóðahátíðin í Norðausturriki stendur yfir fram á sunnudag. Á annan tug skálda kemur fram á hátíðinni og haldnir verða átta viðburðir á Fljótsdalshéraði og í Eyjafirði.

FÆRT TIL BÓKAR



Shishkin í heimsókn

Mikhail Shishkin, höfundur Skáldsögunnar Bréfabókar sem nýverið kom út í Neon, verður gestur Bjarts í Reykjavík í næstu viku. Bjartur, rússneskudeild Háskóla Íslands og Reykjavík Bókmenntaborg Unesco bjóða til fundar við skáldið á þriðjudaginn kemur, 21. október, klukkan fimm. Dagskrá og staðsetning nánar auglýst síðar.



Woolf á íslensku

Út er komin skáldsagan Út í vitann eftir Virginíu Woolf í þýðingu Herdísar Hreiðarsdóttur. Herdís þýddi To the Lighthouse í námi sínu í þýðingarfræði við HÍ undir leiðsögn Gauta Kristmannssonar og er Út í vitann fyrsta skáldsaga Virginíu Woolf sem kemur út á íslensku.

Svjar halda vart vatni yfir Illsku

Skáldsaga Eiríks Arnar Norðdahl, Illska, sem hlaut Íslensku bókmenntaverðlaunin 2012, er komin út á sænsku, enda tilnefnd af Íslands hálfu til Bókmenntaverðlauna Norðurlandaráðs. Dómar um bókina eru farnir að birtast í sænskum blöðum og eru gagnrýnendur nánast yfirkomnir af hrifningu. „Illska er stórfengleg skáldsaga ... Hvað getum við gert með skáldskapinn í samtímanum eftir lestur Illsku? ... Illska er skáldsaga sem er algjörlega sér á parti,“ segir Elisabeth Hjorth í dómi í Svenska Dagbladet og aðrir gagnrýnendur eru á sömu nútum.



EIRÍKUR ÖRN NORÐDAHL „Illska er skáldsaga sem er algjörlega sér á parti,“ segir Elisabeth Hjorth í dómi í Svenska Dagbladet.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Eiginlega enn þá að vinna úr vandræðauglingnum

Maðurinn sem hataði börn eftir Þórarin Leifsson er markaðssett sem glæpasaga fyrir börn. Hann segist þó aldrei hugsa um hvort hann sé að skrifa fyrir börn eða fulloröna og vill helst að sú flokkun verði lögð niður.

Friðrika Benónýsdóttir
fridrikab@frettabladid.is



Petta er glæpasaga fyrir alla aldurshópa upp úr tíu ára aldri. Ég er alltaf að reyna að skrifa bækur sem er ekki hægt að skilgreina og rugla þar með markaðsfræðingana,“ segir Þórarinn Leifsson um bók sína Maðurinn sem hataði börn, sem markaðssett er sem barnabók. „Mér er að takast að rugla þá, ég sá í Máli og menningu áðan að þeir vissu ekkert hvar þeir ættu að setja bókina, föttuðu ekki að þetta væri barnabók og stilltu henni upp á góðum stað. Ég var mjög ánægður með það.“

Meinarðu að barnabækur fái ekki sama sess og „alvöru“ bækur fyrir fulloröna? „Það getur verið, en ég hef ekki velt því mikið fyrir mér. Þær fá alltaf sess einhvers staðar á endanum. Ég kem úr myndlistinni og allar mínar bækur eru myndskreyttar, sem flestir líta á sem einkenni barnabóka, en ég vil breyta þeirri flokkun. Á endanum snýst þetta bara um það hvort bókinn er góð eða ekki.“

Horft inn í fiskabúrið

Aðalpersóna sögunnar er spænski drengurinn Sylvek sem flytur til Reykjavíkur með ömmu sinni. Hvers vegna valdirðu að hafa innflytjanda í aðalhlutverki? „Það var til þess að fá sýn útlendingins á Ísland og skoða það utan frá. Ég byggi þá reynslu pínulítið á sjálf-

um mér þar sem ég ólst upp í Danmörku og kom heim rúmlega tíu ára. Þurfti að læra íslensku upp á nýtt, hálfbrenglaðist í hausnum og varð vandræðauglingur upp úr því. Ég er eiginlega enn þá að vinna úr því.“

Þórarinn hefur síðan dvalið langdvölum erlendis og býr nú í Berlín, það skerpur væntanlega þá tilfinningu að horfa inn í fiskabúrið Ísland utan frá. „Já, Ísland er mikið í tísku hjá útlendingum og ég var heilmikið að velja því fyrir mér hvernig þeir sjá það. Þeir hafa mjög rómantískar hugmyndir um okkur.“

Amma Sylveks virðist vera feikiskemmtileg persóna. „Já, hún kynnist íslenskum sjóara úti í Barcelona og erfir hús eftir hann þannig að hún, Sylvek og systir hans flytja í Vesturbæ Reykjavíkur. Systirin tónist fljótleiga, síðan fara þessi hræðilegu morð á drengjum í gang og dularfullur leigjandi flytur inn í herbergi systurinnar. Hann lýsir því strax yfir að hann hati börn og þau gruna hann um að vera morðinginn sem er að afhausa tólf ára drengi út um alla Reykjavík.“

Ekki predikun

Bókin hefur fengið þá umsögn að vera hárbeitt ádeila á íslenskt samfélag, var það meðvitað? „Nei, ekki beint. Auðvitað tekur maður inn alls konar umræðu sem er í gangi, les öll rifrildin á fésbók og svo framvegis, og það síast smám saman inn í bókina. Það er ekki þannig að maður setjist niður og hugsi að maður ætli að skrifa bók um stöðu kvenna og barna á Íslandi. Það myndi eyðileggja söguna. Maður þarf helst að vera alveg utan við

sig á meðan maður skrifar, þannig að sagan flæði eðlilega. Ekki setja fram skýrar skoðanir heldur spyrja margra spurninga. Þetta er alls engin predikun.“

Þótt Þórarinn neiti því að Maðurinn sem hataði börn sé barnabók er hún engu að síður lesin þannig eins og síðustu bækur hans, hvers vegna valdi hann þá leið í skrifunum? „Ég sveiflast á milli. Næsta bók verður sennilega fullorönsbók, en hún verður samt líka myndskreytt. Mikil bók sem ég er rétt að byrja á. Ég hugsa það aldrei fyrirfram hvort ég sé að skrifa fyrir börn eða fulloröna. Ég kem úr þessum grafíska heimi og tengi mest við grafískar nóvullur og myndasögur og allt í þeim heimi og ég verð alltaf að myndskreyta bækurnar til að finna mig í þeim.“

Þórarinn byrjaði ferilinn með myndasögum í blöðum í kringum 1990, hví hvarf hann af þeirri braut? „Þetta voru mjög surrealískar sögur og eiginlega alveg abstrakt, enginn beinn söguþráður. Þannig byrjaði ég að skrifa texta sem tók svo smám saman yfir. Nú skrifa ég textann fyrst og myndskreyti síðan.“

Skilur ekki orðið klár

Aftur að flokkuninni barna- eða fullorönsbækur. Þarf eitthvað að búa til slíka flokka? „Það er spurning. Ég ólst upp við það að lesa bækur sem ég vissi ekkert að væru ætlaðar fullorönum. Pabbi las Góða dátann Svejk fyrir mig þegar ég var átta, níu ára og ég hélt að það væri barnabók. Svo fór ég að sýna ömmu bókina og hún sagði að þessi bók væri alltof klár fyrir börn. Ég



ÞÓRARINN LEIFSSON „Ég kem úr þessum grafíska heimi og tengi mest við grafískar nóvullur og myndasögur og allt í þeim heimi og ég verð alltaf að myndskreyta bækurnar til að finna mig í þeim.“

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

vissi ekki hvað klár þýddi, þurfti að fletta því upp en hef aldrei náð því almennilega hvað það orð þýðir. Ég hef haldið því síðan að hugsa ekkert um flokkun bóka, graðga bara öllu í mig og spýti því svo aftur út. Ég held að þessi flokkun sé hættuleg og er mjög hræddur við það sem þeir eru að gera með virðisaukaskattinn núna. Ekki bara það að þeir séu að hækka hann heldur að það eigi að nota hann til að flokka í sundur barnabækur og fullorönsbækur, þannig að það er eiginlega verið að útrýma minni vinnustofu, eða reyna að útrýma mér sem rithöfund. Mér finnst skrítíð að það sé komin hér hægr stjórnmál og hegðar sér eins og

„Það er ekki þannig að maður setjist niður og hugsi að maður ætli að skrifa bók um stöðu kvenna og barna á Íslandi. Það myndi eyðileggja söguna.“

Stalínisti. En auðvitað vonar maður að þetta gangi ekki í gegn hjá þeim. Sennilega draga þeir þetta til baka og þá verðum við allir listamennirnir á fésbók mjálmandi af gleði yfir því hvað Illugi sé nú þrátt fyrir allt góður pianisti.“

Listmunauppboð í Gallerí Fold

mánudaginn 20. október, kl. 18
í Gallerí Fold, á Rauðarárstíg

Á uppboðinu verður gott úrval verka samfimalistamanna svo og fjöldi frábærra verka gömlu meistaraanna.

Verkin verða sýnd laugardag 11–17, sunnudag 12–17, mánudag 10–17

Rauðarárstígur 14 · sími 551 0400 · www.myndlist.is



Gunnlaugur Blöndal

Hægt er að skoða uppboðsskrána á myndlist.is



REACHING OUT FOR TALENT!

Want to work in a close-knit community of motivated, smart, creative people?

Plain Vanilla Games makes QuizUp – the biggest trivia game in the world. We're an international company with headquarters in Reykjavík, Iceland. We're looking for talent from all over the world to come and work with us.



IOS DEVELOPER

We are looking for an experienced iOS developer who can bring high quality features quickly and efficiently into our products. Tasks include implementing new features as well as maintaining and improving legacy code.

WE NEED SOMEONE WHO:

- ▶ Is a great Objective-C developer and has released an app to the App Store
- ▶ Is experienced with UIKit, auto layout and ReactiveCocoa
- ▶ Has a passion for writing robust testable code
- ▶ Is a great team player and can communicate their ideas fluidly

PRODUCT DESIGNER

We are looking for an experienced product designer to oversee projects through from concept to implementation. We want to create beautiful products that people love and enjoy using. We need someone who is used to working in iterative processes and can use research to back up their design concepts.

WE NEED SOMEONE WHO:

- ▶ Has a deep understanding of usability and user behavior
- ▶ Has a passion for making complex matters simple
- ▶ Has an aesthetic approach to problem solving
- ▶ Is a clear communicator with initiative, whilst also being a good team player
- ▶ Has experience with iterative design processes
- ▶ Can present a strong portfolio of web or mobile design
- ▶ Has the ability to hand-code HTML/CSS

BONUS POINTS!

- ▶ JavaScript abilities
- ▶ Experience conducting usability studies
- ▶ Software engineering experience

ANDROID DEVELOPER

We are looking for an experienced Android developer to bring high quality features quickly and efficiently into our products. The job includes implementing new features, improving legacy code and making sure QuizUp performs beautifully on the Android platform.

WE NEED SOMEONE WHO:

- ▶ Has worked on a published app in the Google Play Store.
- ▶ Has a passion for writing robust testable code.
- ▶ Knows how to harness the layout engine.
- ▶ Is a great team player and can communicate their ideas.
- ▶ Has a good understanding about RESTful client-server design.
- ▶ Is passionate about openness and software freedom

EXPERIENCED DEVELOPER

We're operating at a scale with millions of active users. Instead of throwing out buzzwords for cool technology we'd like to invite anyone with experience to come and meet us for coffee. You'll be warmly received by our best engineers to talk about our challenges, culture and tools. If you still want a peek at the technology that runs QuizUp: Python, Go, Scala, native Android and iOS, React, AWS, Elasticsearch, Redis, PostgreSQL, Zookeeper.

THE IDEAL CANDIDATE:

- ▶ Has developed and shipped something with lots of monthly active users
- ▶ Knows when to be pragmatic and when to optimize for longevity

Visit q.is/jobs to apply
DEADLINE: FRIDAY, OCTOBER 24TH

8 UPPÁHALDS ÖPPIN

Óttar M. Norðfjörð, rithöfundur.



NOTES
Gott fyrir fólk sem vinnur með texta, og tímasparnaður að allt sem maður skrifar í snjallsímann fer sjálfkrafa í tölvuna manns.

WIKIPEDIA
Eins nálægt því og ég kemst að vera ástfanginn af smáforriti.

IMDB
Biblía kvikmyndalúða eins og mín.

INSTAGRAM
Aðallega til að njósna um fullkomið líf annarra og gráta mig í svefn.



SHAZAM
Sniðugt forrit sem hjálpar manni að finna nýja tónlist.

ONEFOOTBALL
Ég hangi á fótboltaappinu mínu hverja helga eins og versta bulla.

WHATSAPP
Langbesta samskiptaforritið. Eins og ókeypis SMS.

THE 7 MINUTE WORKOUT
Leikfimi fyrir lettingja. Sniðið að mínum þörfum.

Raunverulegur en vantar fleiri bíla

DRIVECLUB ★★★★★

PS4 KAPPAKSTURSLEIKUR

Driveclub er raunverulegur bílaleikur, um það verður varla deilt. Hvort sem það er útlit bílanna sem ekið er, aksturslag þeirra eða hljóðið í þeim virkar þetta allt mjög líkt raunveruleikanum. Meira að segja breytist hljóðið í dekkjunum eftir því hvaða undirlagi er ekið á; mól, hellum eða malbiki. En leikurinn hefur einnig galla. Kannski er helsti gallinn að hann stenst ekki sam-amburð við Gran Turismo-leikina. Úrval bíla mætti vissulega vera meira. Undirrituðum gekk ákaflega illa að prófa net-spilunarmöguleika leiksins, en leikurinn gengur að miklu leyti út á að spila með öðrum yfir netið.



Ekki er hægt að kaupa nýja bíla í leiknum, heldur fær maður nýja bíla eftir því sem maður kemst lengra í honum og hlýtur aukna frægð innan kappakstursseunnar í leiknum. Í hverri keppni þarf að ljúka við ákveðnar áskoranir, til dæmis að halda tilteknum meðalhraða í gegnum kafla brautarinnar eða ná að vera í þriðja sæti eða ofar. Spilarar eru verðlaunaðir fyrir að standast þessar áskoranir með stjörnum og þegar nægum fjölda stjarna hefur verið náð komast spilarar lengra í leiknum.

Maður saknar þess svoltið að geta ekkert breytt bílunum sem maður keppir á, eins og venjan var til dæmis í Gran Turismo. Þetta rýrir gildi leiksins svoltið. Keppnirnar sem maður tekur þátt í eru frekar keimlíkar og manni finnst leikurinn vera farinn að


fljótt bjóða manni upp á endurtekið efni.

Helstu kostir leiksins eru sem fyrr segir hversu raunverulegur hann er. Til að mynda getur maður lent í því að sólin blindi mann. Framan af fann maður fyrir góðri stemningu þegar maður keppti og byggði upp feril sinn í leiknum. En maður varð þreyttur á endurtekn-ingunum eftir því sem á leið. Undirritaður átti í vandræðum með að tengjast og spila leikinn í gegnum netið. Net-spilunin væntanlega hefði aukið dýpt leiksins til muna.

Kjartan Atli Kjartansson



RAUNVERULEGUR Graffkin er ákaflega raunveruleg í leiknum Driveclub.



NÝ KYNSLÓÐ Tim Cook, framkvæmdastjóri Apple, kynnti nýja kynslóð Apple-tækja á fimmtudaginn.

Nasasjón af því sem koma skal hjá Apple

Ný kynslóð iPad-spjaldtölva með TouchID-fingraskanna og mun hraðari vinnslu eru væntanleg. Einnig nýtt stýrikerfi fyrir borð- og fartölvur.

Kjartan Hreinn Njálsson
kjartanh@365.is

Tim Cook, stjórnarformaður Apple, steig á svið í Cupertino í Kaliforníu á fimmtudaginn og kynnti til leiks nýja kynslóð iPad-spjaldtölva og Yosemite, nýtt stýrikerfi Apple fyrir borð- og fartölvur. Þetta var tilkomumikil sýning en ögn fyrir-sjáanleg. Apple hefur selt yfir 225 milljón iPad-spjaldtölvur og iPad Air 2 er nýjasta flaggskip fyrir-tækisins. „iPad er allstaðar,“ sagði Cook. „Hann er að breyta því hvernig við höfum samskipti.“

Nýr iPad mini fékk ekki mikla athygli. Framtíð litla bróður er óljós en margir munu vafalaust frekar stökkva á iPhone 6 Plus í staðinn fyrir iPad mini 3.

Nýju spjaldtölvurnar fá báðar TouchID-fingraskanna og keyra á A8X-örgjörva. Þetta þýðir 40 prósent hraðari vinnslu á iPad Air 2 og 2,5 sinnum hraðari graffkivinnslu (eða svo segir Apple).

Engin ást

Eftir stendur iPad mini 3. Uppfærslan hefur litla þýðingu fyrir tækið enda keyrir hann enn á A7-kubbasamstæðu og M7-samgjörva. iPad mini 3 er nánast sama tækið og Apple kynnti til leiks í nóvember á síðasta ári. Það er reyndar hægt að fá spjaldtölvurnar í gullhúðaðri umgjörð (það er, ef þú getur réttlætt það síðferðislega).

Stjarna kvöldsins var ný iMac-



IPAD AIR 2 MED TOUCHID-FINGRASKANNA
Apple hefur selt 225 milljón iPad-tækja.

borðtölva, eða skjárin á tölvunni nánar tiltekið. Retina-skjárin er 27 tommur og eiginupplausn upp á 5120x2880 sem gefur okkur ... 14,7 megapixla skjá eða 5K upplausn. Þetta er 67% fleiri pixlar en á venjulegum 4K skjá. Og já, nýi iMac-inn er þynnri, öflugri og fallettri en forverinn og auðvitað dýrari (300 þúsund krónur í Bandaríkjunum).

Framtíð í hugbúnaði

Hvað sem líður vélbúnaði þá er það stýrikerfið Yosemite sem gefur líklega bestu vísbendinguna um framtíð Apple. Þetta er stærsta og líklega mikilvægasta uppfærsla Apple á viðmóti sínu í áraraðir. Fyrirtækið freistar þess að samþætta viðmót OS X-stýrikerfisins og iOS. Þannig að það verður auðveldara að færa ljósmyndir, kvikmyndir og gögn milli iPhone og iMac/MacBook Air.

Einnig er hægt að svara símtölum í gegnum tölvuna og senda smáskilaboð. Hægt er að nálgast Yosemite í Mac App Store.

Tim Cook og félagar kynntu einnig til leiks beta-útgáfu af nýrri Photo Stream-þjónustu í gegnum iCloud og svokallað Fusion-drif í tölvum sínum. Fusion sameinar 128GB og 1TB eða 3TB harðan disk.

Apple Pay er síðan væntanlegt á mánuðaginn en tæknin gerir iPhone-eigendum kleift að greiða fyrir vörur og þjónustu með símanum einum. Apple Pay var kynnt til leiks í síðasta mánuði, síðan hafa rúmlega 500 bankar tilkynnt að þeir muni taka höndum saman við Apple. „Við erum sannfærð um að Apple Pay eigi eftir að verða gríðarlega vinsælt,“ sagði Tim Cook í Cupertino á fimmtudaginn.

LAUGARDAGUR 18. OKTÓBER 2014

JÓLAHLAÐBORÐ

Kynningarblað | Fyrstu jólahlaðborðin, heimahlaðborð og jólahlaðborð að hætti Dana.



Jólahlaðborð

Lionssalurinn Lundur

60-200 manna einkasamkvæmi
Fullbúinn jólaskreyttur veislusalur

Sendum líka í heimahús,
fyrirtæki og aðra veislusali

Cocktail  **.is**
Veisluþjónusta



Lionssalurinn Lundur • Auðbrekku 25-27 • salur@salur.is • salur.is • s. 899-8994

Syngja raddað yfir borðhaldinu

Vinir sem kynntust í Háskólakórnum fyrir 14 árum hafa tekið upp þá hefð að halda jólahaðborð í heimahúsi á aðventunni. Meðlimir hópsins skiptast á að halda boðið. Órjúfanlegur hluti borðhaldsins er að taka jólalög í röddum.

Lögmaðurinn Erla Þuríður Pétursdóttir tilheyrir hópi fólks sem tók upp þá hefð fyrir fimm árum að halda jólahaðborð í heimahúsi á aðventunni. „Við kynntumst öll í Háskólakórnum fyrir fjórtán árum og höfum haldið hópinn síðan. Við köllum okkur ÁDÍ hópinn sem í seinni tíð útleggst sem Ábyrgir og dugmiklir Íslendingar, þó merkingin hafi reyndar verið önnur í upphafi. Hópurinn hefur stækkað jafnt og þétt, eftir því sem makar hafa bæst í hópinn, og erum við nú 21 talsins,“ segir Erla.

Söngurinn sameinar

Fyrir fimm árum lagði Erla til að hópurinn tæki upp á því að halda jólahaðborð. „Þegar fólk eldist, hópurinn stækkar og börn koma til breytist félagslífið. Ég hafði fyrirmynd af jólahaðborði vina í heimahúsi og fannst kjörið að við tækjum frá kvöld þar sem við gæfum okkur góðan tíma hvert fyrir annað.“ Erla segir aldrei hafa komið annað til greina en að hafa jólahaðborðið í heimahúsi. „Söngurinn er meðal þess sem tengir okkur og við tókum alltaf nokkur jólalög í röddum. Það væri líklega ekki vel séð á veitingastað.“

Meðlimir hópsins skiptast á að halda boðið. „Við höfum ýmist komið með eitthvað á hlaðborð eða pantað mat. Það hefur svolítið farið eftir önnum hverju sinni. Við erum mörg í kórum og stundum taka æfingar og tónleikahald mikinn tíma á aðventunni. Þá er gott að sleppa við eldamenskuna,“ segir Erla. Þegar hópurinn hefur eldað sjálfur hefur húsráðandi

hins vegar séð um kjötið og hinir komið með forrétti, meðlæti og eftirrétti.

Ýmist eldað eða pantað

Í fyrra var að sögn Erlu ákveðið að panta. „Ég bý svo vel að eiga ofsalega góða vinkonu í frænku minni og matreiðslumanninum Dóru Svavarsdóttur á Culinu. Hún hefur komið til okkar í tvígang og verið með standandi forrétt, kjötvönnu, meðlæti, súkkulaðimús og fleira góðgæti. Hún hefur þá komið í kokkabúningnum, verið í forréttinum, græjað upp í aðalrétt og haldið svo á braut. Það hefur gefist mjög vel. Þá hefur hópurinn einu sinni pantað pakistansk mat, enda förum við bara eftir því hvernig vindar blása. Stundum sér fólk fram á að vera í mörgum hlaðborðum þar sem boðið er upp á hefðbundinn jólamat og þá getur verið gaman að prófa eitthvað allt annað.“

Leynivinaleikur í lokin

Erla segir gaman að vera í heimahúsi og að færa sig á milli heimila á milli ára. „Það er svo gaman að sjá hvernig vinirnir undirbúa sín jól og vitanlega taka allir fram sitt allra fínasta. Við reynum yfirleitt að útbúa langborð og höfum látið aukaborð ganga á milli. Í lok borðhaldsins erum við svo með leynivinaleik sem setur skemmtilegan svip á kvöldið. Það er einn í hópnum sem dregur leynivin handa hverjum og einum og tilkynnir í leynilegum tölvupósti hverjum á að gefa þetta árið. Allir gefa svo eina gjöf. Undir lok kvöldsins opnar hver og einn sinn pakka og giskar á hver gaf.“



Erla segir gott og gefandi að taka frá kvöld fyrir vina á aðventunni.

MYND/GVA

Jóla kvöldverður í Iðnó 2014

FORRÉTTUR

Laufbrauð,
rúgbrauð, heimabakað kryddbrauð.
Hangikjöts Tartar
Síld, fennel, appelsína
Heimalagaður grafin lax í rauðbeðum
Kjúklingarlifarmús, kryddjurtakrem

AÐALRÉTTUR

Andabringa, hindiberja sinnepssósa
Gljádur hamborgarhryggur, rauðvínssósa
Sykurbrúnaðar kartöflur, rauðkál, eplasalat

EFTIRRÉTTUR

Ris al a Mand
Piparkökuís

Kr. 8400



IÐNÓ

Borðapantanir: 562 9700 • www.idno.is •

Borðsiðir rifjaðir upp

Þegar farið er með vínahópnum eða vinnufélögunum á jólahaðborð þarf að draga upp sparisjálfíð og setja sig í stellingar. Því er ráð að rifja upp almenna borðsiði og kurteisvenjur. Í bókinni Matur og drykkur eftir Helgu Sigurðardóttur sem kom út árið 1947 er kafla um borðsiði. Þrátt fyrir háan aldur bókarinnar eru borðsiðirnir enn í fullu gildi og eiga erindi við gesti jólahaðborða. Þar segir meðal annars:

- Sitjið rétt, hæfilega langt frá borðinu og hafið fæturna við stólinn.
- Leggið handleggina ekki á borðið.
- Takið hóflega af eftirmat og öðrum réttum, sem ekki eru ætlaðir til þess að borða sig metta af. (Þetta er sérstaklega gott að hafa í huga í jólaborðstíð.)
- Matist eins hljóðlega og hægt er og tyggið með lokuðum munn. Sötr-ið ekki.
- Súpan er borðuð úr hlið skeiðarinnar, en grauturinn úr henni beinni.
- Ekki má blása á matinn til þess að kæla hann og ekki taka diskinn upp með hendinni.
- Haldið ekki of neðarlega á skeið, hníf eða gaffli.
- Látið hnífinn aldrei upp í yður, borðið með gafflinum.
- Bein og annað skuluð þér taka út úr yður með gafflinum og láta á diskbarminn.
- Talið ekki með mat upp í yður.
- Teygið yður ekki yfir borðið eða sessunaut yðar, biðjið heldur um að rétta yður það, sem þér óskið eftir.
- Það er ekki kurteisi að stanga úr tönnum, þegar aðrir sjá til.



Að tala með fullan munn telst ekki til góðra borðsiða.

Útgefandi: 365 miðlar ehf., Skaftahlíð 24, s. 512 5000

Umsjónarmenn auglýsinga: Bryndís Hauksdóttir, bryndis@365.is, s. 512-5434

Ábyrgðarmaður: Jón Laufdal.


Grand
HÓTEL
REYKJAVÍK



Grand jólahlæðborð

HELGI BJÖRNSSON
EÐA BJARNI ARASON

OG DJ FOX

GÓÐAR STUNDIR OG DÝRINDIS
HÁTÍÐARVEITINGAR Á JÓLAHLAÐBORÐI
GRAND HÓTEL REYKJAVÍK.

GESTIR GETA VALIÐ Á MILLI ÞESS
AÐ HLÝÐA Á LJÚFA TÓNA BJARNA ARA EÐA
HELGA BJÖRNS Í SYNGJANDI SVEIFLU.

DJ FOX SKEMMTIR GESTUM FRAM Á NÓTT.

VERÐ 9.900 KR.

Jólahlæðborðin byrja 14. nóvember og verða á föstudags-
og laugardagskvöldum fram að jólum.

Sérstakt tilboð á gistingu fyrir þá sem koma á jólahlæðborðið.
15.500 kr. fyrir tveggja manna herbergi í eina nótt,
morgunverðarhlæðborð innifalið.

Pantanir í síma 514 8000 og á jolahlabord@grand.is



TAKTU FJÖLSKYLDUNA MEÐ Í NOTALEGAN
JÓLABRUNCH Á GRAND HÓTEL REYKJAVÍK.
ALLA SUNNUDAGA FRÁ 16. NÓV. FRAM AÐ JÓLUM.

VERÐ 4.600 KR. FYRIR FULLORÐNA.

VERÐ 2.300 KR. Á MANN FYRIR 6-12 ÁRA / FRÍTT FYRIR BÖRN 5 ÁRA OG YNGRI.

JÓLASVEINAR KOMA Í HEIMSÓKN OG GLEÐJA BÖRNIN.

Í SALNUM ER EINNIG SÉRSTAKT BARNAHORN

MEÐ LEIKFÖNGUM OG JÓLAFÖNDRI.

Pantanir í síma 514 8000 og á veitingar@grand.is

Jólabrunch
á Grand Hótel Reykjavík

Frumherji í jólahlaðborðum

Wilhelm Wessman gekk illa að fá borð á veitingahúsum í Kaupmannahöfn í desember á áttunda áratugnum. Danir fjölmenntu þá á jólahlaðborð á veitingahúsum borgarinnar og honum fannst upplagt að færa þá hefð heim til Íslands enda flestir veitingastaðir tómir á sama tíma. Með mikilli markaðsherferð fyrstu árin tókst að festa jólahlaðborðin í sessi sem fastan lið í jólahaldi landsmanna.

Fyrstu hefðbundnu jólahlaðborðin voru haldin hér á landi árið 1980 en Wilhelm Wessman átti frumkvæði að þeim þegar hann starfaði sem aðstoðarhótelstjóri á Hótel Sögu. Fyrsta árið var það haldið á veitingastaðnum Grillinu og stóð yfir í tvo daga. Viðtökurnar urðu góðar og ári síðar var byrjað viku fyrir jólin og gekk það einnig vel að sögn Wilhelms. „Þessi fyrstu ár buðum við upp á hlaðborð að dönskum sið. Við buðum meðal annars upp á síld, graflax og reyktan lax, svínasteik, reykt svínslæri, lifrakæfu með beikoni og sveppum, ýmis salöt og ljúffenga eftirrætti. Við buðum líka upp á þjóðlega rétti á borð við hangikjöt, steikt lambalæri auk sviða- og grísasultu.“

Sjálfur kynntist Wilhelm jólaglögg og jólahlaðborði á æskuheimili sínu en faðir hans, Elof Wessman, var ættaður frá Broby á Skáni í föðurætt og Kaupmannahöfn í móðurætt. „Hann lagaði alltaf jólaglögg í aðdraganda jólanna en þeim sið kynntist hann á uppvaxtarárum sínum í Svíþjóð. Þar var til síðs að nota jólaglögg sem hitagjafa áður en lagt var að stað til kirkju snemma á jóladagsmorgun en til þeirra ferða voru notaðir opnir hestalesðar. Hver fjölskylda átti sína uppskrift og var hennar vel gætt.“

Allt tómt hér

Jólahlaðborð á veitingastöðum er danskur siður sem rekja má til stríðsáranna 1940-1945. „Á þeim árum var allur matur skammtaður og erfitt að fá hráefni til að laga hátíðarrétti. Þá byrjaðu fjölskyldur, vinir eða heilu hverfin í Kaupmannahöfn að taka sig saman og slá í púkk. Þannig átti einn síld, annar grísalæri og sá þriðji reykt grísasíðu o.s.frv. Síðan var fengið lánað félagsheimili eða veitingahús undir fagnadinn en þá keyptu gestir öl og snafsa af veitingamanninum.“ Eftir stríð héldu veitingamenn í Danmörku þessum sið áfram og buðu upp á jólahlaðborð í desember.

Sjálfur segist Wilhelm hafa kynnt þessum sið í lok áttunda áratugarins en þá var nánast útilok að að fá borð á veitingahúsum Kaupmannahafnar allan desembermánuð. Á sama tíma stóðu hins vegar öll veitingahús í Reykjavík tóm, frá lok nóvember og fram á þorra. „Ég horfði því öfundaraugum til þeirra þegar ég sá hvernig þeir mokuðu inn peningum á meðan varla sást hræða hjá okkur.“

Árið 1982 tók Wilhelm við veitinga- og ráðstefnurekstri Hótel Sögu og fékk um leið Gunnar Stein Pálsson markaðsmann í lið með sér. „Hann hjálpaði mér að markaðssetja jóla-



Jólahlaðborð á Hótel Sögu slógu í gegn.

MYND/BRYNJAR GAUTI

hlaðborð Hótel Sögu og við lögðum mikla fjármuni í þá herferð fyrir jólin 1982 og næstu árin þar á eftir. Við sendum til dæmis öllum húsmæðrum á höfuðborgarsvæðinu jólakort og fengum í kjölfarið mikið af fjölskyldufólki til okkar. Seinna bættust fyrirtækin í hópinn þegar þau hófu að venja komur sínar til okkar. Ég fullyrði að þessa mikla markaðssetningu okkar hafi átt hvað stærstan þátt í útbreiðslu jólahlaðborða fyrstu árin og gert þau að föstum lið í jólahaldi landsmanna.“




Wilhelm Wessman til hægri ásamt Jakobi M. Harðarsyni veitingastjóra.

MYND/WILHELM



Ljúffengar veitingar á Hótel Sögu um miðjan níunda áratuginn.

MYND/ÚR EINKASAFNI



Jólahlaðborð

Jólahlaðborð Veislunnar hefur notið mikilla vinsælda í tvo áratugi. Við leggjum alúð og metnað til að skapa jólalegt andrúmsloft yfir glæsilegum veitingum!

Sendum jólahlaðborðið heim, í vinnuna, veislusali eða þar sem þú óskar eftir.

Hringdu og leitaðu tilboða.

Sími 561 2031

Veislan - veitingaeldhús
www.veislan.is



VEISLAN



VEITINGAELDHÚS

Veislumatur og veislur í 25 ár

FÓLK

KYNNINGARBLAÐ

HÚS OG SKÚLPTÚR

Listasmiðja verður haldin í Ásmundarsafni á sunnudag og mánudag frá 10 til 13. Smíðjan er ætluð börnum 7 ára og eldri. Allir eru velkomnir en nauðsynlegt er að skrá sig fyrirfram á listasafn@reykjavik.is.



Náttúruleg húðnæring í úðaformi

Er húðin þín þurr?

Purrkur - Sórasís - Exem
- Kláði í húð - Útbrot

TILBOÐ
Dermasprey 100 ml og Zeoderm 50 ml fylgir í kaupbæti!

Fæst í flestum apótekum og heilsubúðum.



Frábær flensufæla

20% afsláttur

Styrktu ónæmiskerfið fyrir veturinn!

LYFSALINN

VAKNAR ÚTHVÍLD OG LÍÐUR BETUR

ICECARE KYNNIR Melissa Dream-töflurnar fá þig til að slaka á, sofa betur og vakna endurnærð/ur. Þetta er ekki lyf heldur náttúruleg vítamín og jurtir.

Svefntruflanir geta stuðlað að vanlíðan. Við búum í hröðu og erilsömu samfélagi sem veldur því að svefntruflanir eru gríðarlega algengar. Ef þú færð ekki nægan svefn geturðu fengið bauga undir augun, húðin orðið fól og einnig getur það valdið þyngdaraukningu þar sem þú eykur framleiðslu á hormónum sem kalla fram hungurtilfinningu.

ENGAR BYLTUR LENGUR

Dagbjört Jóna Guðnadóttir hefur tekið Melissa Dream í þrjá mánuði og vaknar nú úthvöld á morgnana. „Í um eitt ár hafði ég átt erfitt með að sofna á kvöldin. Ég hef verið með mikla verki í líkamnum sem stafa af slitgigt en eftir að ég byrjaði að taka Melissa Dream finn ég mjög mikinn mun. Ég slaka mikið betur á þegar ég leggst upp í og er fljót að sofna á kvöldin. Byltur til að finna rétta stellingu til að sofna heyrta sögunni til eftir að ég fór að taka Melissa Dream.

SLAKAR BETUR Á

Unnur Hjartardóttir hefur lengi átt erfitt með svefn og fundist erfitt að slaka á vegna þreytu og verkja. „Eftir að ég byrjaði að taka Melissa Dream fyrir fjórum mánuðum hef ég fundið miklar breytingar til hins betra. Ég tek tvær töflur um það bil klukkutíma fyrir svefn á kvöldin og ég finn að ég slaka betur á og þreytuverkir og fótapirringur hafa minnkað mikið. Ég vakna úthvöld og mér líður almennt betur í líkamnum eftir að ég byrjaði að taka Melissa™.“

SKAÐLEGT FYRIR LÍKAMANN

Svefnleysi veldur því að líkaminn endurnýjar sig hægar, sem getur veikt ónæmiskerfið. Í raun getur svefnleysi verið mjög skaðlegt fyrir líkamann. Það er ekki óalgengt að



vinir og samstarfsmenn hafi áhyggjur af þér. Svefnleysi er svo skaðlegt fyrir fólk að það er viðurkennt sem áhrifarík pyntingaraðferð. Til þess að hjálpa þér við að losna við hvíldar- og svefnlausar nætur ættir þú að prófa Melissa Dream-töflurnar. Sítrónumelis-töflurnar viðhalda góðum og endurnærandi svefni.

SOFÐU BETUR MEÐ MELISSA DREAM

Í gegnum aldirnar hefur sítrónumelis (lemon balm), melissa officinalis, verið vinsæl meðal grasalækna. Þaðan dregur varan nafn sitt, Melissa Dream. Þessar vísindalegu samsettu náttúruvörur eru hannaðar til að aðstoða þig við að sofa betur og vakna endurnærð/ur og innihalda ekki efni sem hafa sljógvandi áhrif. Sítrónumelis-taflan inniheldur náttúrulegu amínósýruna L-theanine, sem hjálpar til við slökun auk ahlíða B-vítamína, sem stuðla að eðlilegri taugastarfsemi. Auk þess inniheldur taflan mikið af magnesíum, sem stuðlar að eðlilegri vöðvastarfsemi og dregur þar með úr óþægindum í fótum og handleggjum og bætir svefn.



FLJÓTARI AÐ SOFNA

Dagbjört finnur miklu minna fyrir verkjum vegna slitgigtar eftir að hún fór að taka Melissa Dream. Hún slakar betur á og er fljótari að sofna.

SÖLUSTAÐIR

Fæst í öllum apótekum, heilsuvöruslunum og heilsuhillum stórmarkaðanna. Einnig á vefverslun www.icecare.is. Nánari upplýsingar á www.icecare.is og Facebook.



Valhöll er komin aftur!

Ótrúlegt verð á millistífri heilsudýnu

Með 5 svæðaskiptu pokagormakerfi, gæðabólstrun, góð nýting á svefnflötum. Hægt að snúa.

20% afsláttur af lökum og hlífðardýnum við dýnukaup.

Fimm stjörnu verslun

Svefn & heilsa

★★★★★

Listhúsinu Laugardal - Sími 581 2233
Baldursnesi 6, Akureyri - Sími 461 1150
Opíð virka daga kl. 10:00 - 18:00
Laugardaga 12:00 - 16:00

www.svefn.is

Gerðu gæða- og verðsamanburð

Stærð	Verð
100x200	74.900 kr.
120x200	79.900 kr.
140x200	89.900 kr.
160x200	104.900 kr.
180x200	114.900 kr.

Verðdæmi:
Með PU leðurbotni og eikarfótum stgr.

12 mán. vaxtalausr greiðslur*

*3.5% lántökugjald

Baldursnesi 6 - Akureyri | Listhúsið - Reykjavík

Umboðsaðilar: Húsgagnaval - Höfn í Hornafirði | Lúxus húsgögn - Egilsstöðum

Í MÉR BLUNNDAR SMÁ TÖFFARI

HÆFILEIKARÍK Salka Sól Eyfeld, leikkona og tónlistarmaður, hefur haft ótal margt á sinni könnu frá því hún kom heim frá námi í London fyrir rúmu ári. Þau eru ófá hlutverkin sem hún hefur tekið sér fyrir hendur á mismunandi listsviðum.

Það er óvenju mikið að gera hjá Sólku Sól þessa dagana. „Jú, þetta hafa verið annasamir dagar og verða áfram,“ segir hún. „Á morgun langar mig að komast í að gera upp eldhúsið mitt en ég er nýflutt í eigin íbúð í miðbænum ásamt kærastanum, Albert Hall-dórssyni leiklistarnema. Ég fer í upptöku á sjónvarpsþættinum Óskalgög þjóðarinnar í dag og verð síðan með útvarpsþáttinn minn, Hanastél,“ segir Salka. Hún er í mörgum hljómsveitum með ólíkum áherslum.

„Við vorum að klára plötuna okkar í Amabadama en hún kemur út 6. nóvember. Það hefur verið mikil vinna í kringum hana og ég hlakka mikið til þegar hún kemur loks út. Um síðustu helgi dvöldum við í Hernámssetrinu í Hvalfirði og æfðum fyrir Airwaves. Yndislegur staður sem gefur manni mikinn kraft. Maður finnur orkuna læðast yfir sig. Hlustunarpárti verður þegar platan kemur út en síðan spilum við á sex stöðum á Airwaves. Ég kem reyndar fram á níu tónleikum á hátíðinni ef ég tel Reykjavíkurdætur með og Rvk Sound-system sem er plötusnúðahópur sem leikur reggítónlist.“

BÆJARLISTAMAÐUR Í KÓPAVOGI

Auk þessa er Salka bæjarlistamaður í Kópavogi ásamt Tinnu Sverrisdóttur og Þuríði Blævi Jóhannsdóttur en þær skipa hljómsveitina Tazmaníu. Þær eru að fara í gang með námskeið í unglíngabekkjum bæjarins. „Við ætlum að kenna ljóðagerð, ljóðlist, framkomu og rapp. Auk þess segjum við okkar sögu og hvernig hægt er að öðlast trú á sjálfan sig,“ útskýrir Salka.

Salka Sól bjó í London í þrjú ár og lærði Actor Musicianship. „Það er leikaranám fyrir hljóðfæraleikara sem var bæði þroskandi og gefandi. Ég lærði margt í London, það er lærdómsríkt að búa í öðru landi. Ég saknaði samt Íslands og fann að ég var ekki tilbúin að hasla mér völl eða harka sem listamaður í Bretlandi,“ segir hún.

„Lífið tók nýja en óvænta stefnu þegar ég kom heim. Ég hafði ekki mótað mér farveg en leyfði hlutunum að gerast. Það hefur alltaf blundað smávegis töffari í mér. Ég hafði til dæmis ekki hugsað mikið út í rapp en þegar vinkonur mínar tróðu upp á Bar 11 var ég staðráðin í að vera með næst. Við settumst niður og sömdu lag fyrir rappkvöld á Gauknum í desember en þá varð lagið Reykjavíkurdætur til,“ segir Salka Sól en lagið varð strax mjög vinsælt. Sömu sögu er að segja um lagið Hossa Hossa með Amabadama sem allir krakkar kunna að syngja.

LEIKKONAN VAKNAÐI

„Stelpurnar í Reykjavíkurdætrum eru allar bæði skapandi og gefandi. Ég lít upp til þeirra allra. Við erum ólíkar en náum ótrúlega vel saman, enda fá allir að vera eins og þeir eru innan hópsins,“ segir Salka en þegar hún er spurð hvernig Amabadama hafi komið til, svarar hún: „Reykjavíkurdætur komu fram á árshátíð MH þar sem Amabadama var aðalnúmerið. Söngkona hljómsveitarinnar var að hætta um það leyti. Ég var ekki alveg komin út úr skápnum sem söngkona á þessum tíma, engu að síður var ég allt í einu orðin söngkona í bandinu.“


Salka hefur auk alls þessa



MARGT SPENNANDI Það er ýmislegt að gerast hjá Sólku Sól, bæði á sviði leiklistar og tónlistar. MYND/ERNIR

Alþjóða heilsu Qigong félagið Heldur kynningarnámskeið 24.-27. október


WORKSHOP




5 helstu ástæður þess að iðka qigong Qigong (borið fram "tsí-gong") er yfir 5.000 ára gamalt æfingakerfi í heilsurækt þarsem saman fer qi, sem merkir "lífskraftur", og gong, sem merkir "nákvæmar æfingar".



1. Aukin vellíðan og lífsþróttur Minnkar blóðþrýsting, bætir hjarta- og æðastarfsemi, jafnar hjartsláttartíðni og minnkar kólesteról.



2. Dregur úr þrálátum sársauka Með hjálp sjónar og stjórna hugar og líkama getur þú dregið úr þrálátum sársauka frá lídagigt.



3. Betra blóðstreymi Með sérstökum öndunaræfingum getur þú aukið súrefnisflæði í líkamanum.



4. Dregur úr spennu Með því að minnka viðbrögð við spennuvekjandi álagi. Hjálpar gegn þráhyggju- og áráttuhegðun, þunglyndi og kvíða og persónuleikaeinkennum af A-gerð.

5. Byggir upp sjálfsvirðingu Með því að leyfa þér að líða vel og þægilega.



Skeifan 3j | Sími 553 8282 | www.heilsudrekinn.is

unnið við talsetningu barnaefnis. „Ég byrjaði á því fljótt eftir að ég kom heim. Meðal mynda sem ég hef talað inn á er Lego Movie og Planes,“ segir Salka sem er þessa dagana að leika í þáttum Steinda sem verða sýndir á Stöð 2. „Svo verð ég í þáttunum Ófærð undir leikstjórn Baltasar Kormáks en aðalhlutverkið er í höndum Ólafs Darra. Tökur á þeim þáttum hefjast í nóvember og ég hlakka mikið til. Það verður ótrúlega spennandi. Ég var eiginlega búin að taka ákvörðum um að leggja leikkonuna á hilluna og vera bara tónlistarmaður. Núna er leiklistaráhuginn að vakna hjá mér aftur,“ segir Salka Sól sem utan alls þessa vinnur í Popplandinu á RÚV alla virka daga. „Ég hef alltaf haft gríðarlegan áhuga á allri tónlist og finnst gaman að grúska í henni.“

RAPPADI FYRIR SIGMUND

Salka Sól rappaði fyrir forsætisráðherra landsins í þætti Loga Bergmann í síðustu viku. Hún segist aldrei hafa verið feimin og þetta hafi verið skemmtileg upp-ákoma. „Ég fékk alveg frábær viðbrögð eftir þáttinn.“

Hún á mörg áhugamál. „Ég elska kaffi og finnst ótrúlega gaman að gera myndir í það. Ég hef áhuga á alls kyns kaffitegundum og kaffikönnum. Ég safna líka hljóðfærum og á mikið safn hljóðfæra frá hinum ýmsu heimsálfum,“ segir þessa atorkusama listakona. Hún byrjaði ung að spila á píanó, síðan trompet og nú er hún að prófa sig áfram með klarinett.

„Ég er dugleg að prófa þau hljóðfæri sem ég hef safnað að mér.“

■ elin@365.is



ÁHUGAMÁLIÐ Salka hefur gaman af því að gera figúrur í kaffið sitt, til dæmis Super Mario-bræður.

30-60%
afsláttur af völdum
nýjum vörum!

Á Kringlukasti Kringlunnar dagana 16-20. október

ZIK ZAK
TÍSKUHÚS



GOLLA
ÁÐUR 5.990
NÚ 3.490
ein stærð



SKOKKUR
ÁÐUR 4.990
NÚ 2.990
ein stærð



GOLLA
ÁÐUR 4.990
NÚ 3.490
stærðir 36-56



PEYSA
ÁÐUR 7.990
NÚ 2.990
stærðir S-XXXL



BOLUR
ÁÐUR 5.990
NÚ 2.990
stærðir S-XXL



GOLLA
ÁÐUR 6.990
NÚ 4.490
stærðir 36-54



BOLUR
ÁÐUR 5.990
NÚ 2.990
stærðir 42-56



KJÓLL
ÁÐUR 8.990
NÚ 3.990
stærðir S-XXXL



SKOKKUR
ÁÐUR 5.990
NÚ 3.990
ein stærð



LEGGINGS
ÁÐUR 2.990
NÚ 1.990
stærðir 36-56



GOLLA
ÁÐUR 6.990
NÚ 4.490
ein stærð



Fylgstu með Tískuhúsi Zik Zak á Facebook

1. hæð Kringlunnar

Sími: 551-1314

DREKAR, UPPVAKNINGAR OG STÓRHÆTTULEGIR HEIMAR

FORLAGIÐ KYNNIR Bræðurnir Guðni Líndal og Ævar Þór halda sameiginlegt útgáfuhóf í Eymundsson í Kringlunni í dag.

Bræðurnir Guðni Líndal og Ævar Þór Benediktssynir gáfu báðir nýlega út barnabækur og ætla að þjóða landsmönnum í einstakt útgáfuhóf í bókabúðinni Eymundsson í Kringlunni í dag milli kl. 14 og 15. Guðni Líndal sendir frá sér bókina Ótrúleg ævintýri afa – Leitín að Blóðey, sem nýlega hlaut Íslensku barnabókaverðlaunin og Ævar Þór sendir frá sér bókina Þín eigin Þjóðsaga sem nú trónir á toppi barnabókalista Forlagsins.

Báðir voru þeir miklir bókaormar sem börn að eigin sögn og byrjuðu snemma að semja ýmsar sögur heima í sveitinni. Guðni segir áhugann líklega hafa sprottið af því að þurfa að hafa ofan af fyrir sjálfum sér. „Sjónvarp og bækur voru virkilega heillandi fyrir okkur og ég ákvað mjög snemma að ég myndi vilja vinna við eitthvað tengt skapandi miðlum.“ Ævar bætir við að foreldrar þeirra hafi alltaf verið duglegir að gauka að þeim bókum og segja þeim sögur. „Þegar ég var 17 ára kynntist ég Þorvaldi Þorsteinssyni rithöfund og listamanni og eftir langt og gott spjall spurði hann mig hvort mér hefði einhvern tímann dottið í hug að skrifa. Það kveikti á höfundinum

í mér fyrir alvöru og síðan þá hef ég eiginlega ekki stoppað.“

Í bók Ævars ræður lesandinn sjálfur hvað gerist með því að fletta fram og til baka og ákveða hvað söguhetjan gerir. „Ég flétta heim íslensku þjóðsagna-

anna í bókina vegna þess að þar ertu með kvikindi og karaktera sem allir þekkja. Þetta er heimur sem er stórhættulegur sem er bæði spennandi fyrir lesandann og höfundinn.“

Hann segir að mörgum krökkum finnist bækur ekki lengur spennandi og þetta form sé einstakt tækifæri til að kveikja áhuga þeirra aftur. „Hvern hefur ekki langað til að glíma við Lagarfljótsorminn eða fylgjast með uppvakningum rísa úr grófi sinni? Þarna ertu með íslensku jólasveinana eins og þeir gerast verstir og stórhættulegar íslenskar hafmeyjur. Þú ræður hvort þú ætlar að hjálpa þeim eða jafnvel skemma fyrir þeim.“



Bók Guðna segir hins vegar frá afa sem sest við rúmstokkinn hjá

barnabarninu sem neitar að fara að sofa. „Hann ákveður að deila með barninu þessari „sönnu“ sögu frá yngri árum sínum þegar hann barðist við dreka og óvættir til að finna ömmu. Sagan er mjög lifandi því barnið er sífellt að grípa

inn í og spyrja spurninga og þá þarf afa að haga frásögninni eftir því. Þabbi okkar var alltaf duglegur að segja okkur systkinunum sögur þegar við vorum lítil. Flestar voru þær búnar til á staðnum og fylgdu ekki hefðbundnum reglum í sagnagerð. Þetta blundaði í mér í rúma tvo áratugi þar til ég ákvað loksins að prufa mig áfram með þennan

sagnastíl.“

Bræðurnir munu lesa upp úr bókum sínum í dag auk þess sem boðið verður upp á þjóðlegar veitingar; harðfisk, piparkökur, flatbrauð með hangikjöti og malt og appelsín. Fyrstu þrjár afarnir sem koma og heilsa upp á Guðna fá fría bók og fyrstu þrjár sem koma í lopaþessu fá fría bók frá Ævari. „Svo verður boðið upp á happdrætti þar sem bækurnar verða í verðlaun þannig að þetta verður mikið stuð og bara gaman. Við hvetjum alla til að mæta, það er ekkert víst að þetta gerist aftur.“



SKAPANDI BRÆÐUR Ævar Þór og Guðni Líndal halda sameiginlegt útgáfuhóf í dag. MYND/ÚR EINKASAFNI

Hvítt hveiti

Skaðvaldur og næringarlaus orkugjafi?

Geir Gunnar Markússon, næringarfræðingur HNLFI setur málþingið.

Ávarp: Gunnlaugur K. Jónsson, forseti NLFÍ.

Fundarstjóri: Haraldur Erlendsson, forstjóri og yfirlæknir á Heilsustofnun NLFÍ.



Sigurjón Vilbergsson



Björn Rúnar Lúðvíksson

Er hveiti bara hveiti? Hvað segir meltingin?
Sigurjón Vilbergsson, lyflæknir og meltingasérfræðingur.

Að vera eða vera ekki óþolandi hveiti, það er spurningin

Dr. Björn Rúnar Lúðvíksson, prófessor og yfirlæknir, ónæmisfræðideild LSH.



Birna Óskarsdóttir



Ósp Viðarsdóttir

Glútenóþol, hveitiofnæmi, Seliak og glútenóþolssamtök Íslands
Ósp Viðarsdóttir, næringarþerapisti og Birna Óskarsdóttir, hjúkrunarfræðingur.

Lífrænn bakstur
Sigfús Guðfinnsson, bakaramestari, Brauðhúsinu Grímsbæ.



Sigfús Guðfinnsson



Þorleifur E. Pétursson

Reynslusaga
Þorleifur Einar Pétursson, flugmaður.

Hveitilaus matargerð
Sólveig Eiríksdóttir, GLÓ.

Pallborðsumræður



Haraldur Erlendsson



Sólveig Eiríksdóttir

Allir velkomnir.
Aðgangseyrir 2.000 kr.
Frítt fyrir félagsmenn.

Náttúrulækningafélag Íslands efnir til málþings á Icelandair hótel Reykjavík Natura, Þingsal 1, þriðjudaginn 21. október 2014 kl. 19:30.

- Er hvítt hveiti ofnæmisvaldur?
- Er glúten slæmt fyrir meltinguna?
- Hvernig er hvítt hveiti unnið?
- Hver er munur á spelti og hveiti?
- Lífrænt korn eða hefðbundið?

LOF OG LAST UM ÍSLAND

MÁLÞING
Félag um átjándu aldar fræði heldur málþing undir yfirskriftinni „Lof og last um Ísland og Íslendinga á átjándu og nítjándu öld,“ í fyrirlestrarsal á 2. hæð í Þjóðarbókhöfðunni. Flutt verða fjögur erindi. Sumarliði R. Ísleifsson, doktor í sagnfræði, flytur erindið Siðlausir villimenn eða menntaðir fræðapular? Ímyndir Íslands á 18. öld. Kristín Bragadóttir, doktorsnemi í sagnfræði, heldur töluna Ljós og litir í norðrinu: Willard Fiske á Íslandi 1879. Már Jónsson, prófessor í sagnfræði, flytur erindið Sannleikskorn í Íslandslýsingu Johanns Andersons frá 1746. Að lokum flytur Baldur Hafstað, doktor í íslenskum bókmenntum, erindið Konrad Maurer: jákvæður gagnrýnandi. Allir eru velkomnir og boðið verður upp á veitingar í hléi.



Berum ábyrgð á eigin heilsu



Ertu byggingarverkfræðingur og vilt skara fram úr?

Við leitum að byggingarverkfræðingi með nokkurra ára reynslu af hönnun burðarvirkja. Um er að ræða starf hjá meðalstórrri verkfræðistofu í góðum rekstri og með afbragðs verkefnastöðu. Lögð er áhersla á góðan starfsanda og tækifæri til starfsþróunar í öflugum hópi sérfræðinga. Í boði eru samkeppnishæf laun og starfsmenn eru metnir að verðleikum.

Lögð er rík áhersla á fagmennsku og að viðhalda góðu orðspori stofunnar.

Ef þetta freistar þín og þú ert byggingarverkfræðingur með reynslu af hönnun burðarvirkja viljum við svo gjarnan heyra frá þér. Eina sem þú þarft að gera er að slá á þráðinn til Lindar hjá Talent, 552-1600 eða senda tölvupóst á lind@talent.is. Við tökum vel á móti þér og fullum trúnaði er heitið.

▶ Umsóknarfrestur er til og með 27. október 2014

Linnetsstigur 1 | 220 Hafnarfjörður | talent@talent.is | Sími 552-1600

TALENT
R Á Ð N I N G A R



Stjórnunarstörf hjá Heilbrigðisstofnun Norðurlands

Heilbrigðisstofnun Norðurlands auglýsir laus til umsóknar störf framkvæmdastjóra lækninga, framkvæmdastjóra hjúkrunar, framkvæmdastjóra fjármála- og stoðþjónustu og mannauðsstjóra.

Heilbrigðisstofnun Norðurlands tók til starfa þann 1. október 2014 við sameiningu Heilbrigðisstofnunar Þingeyinga, Heilsugæslunnar á Akureyri, Heilsugæslustöðvarinnar á Dalvík, Heilbrigðisstofnunarinnar í Fjallabyggðar, Heilbrigðisstofnunarinnar á Sauðáarkróki og Heilbrigðisstofnunarinnar á Blönduósi.

Hlutverk Heilbrigðisstofnunar Norðurlands er að veita góða almenna heilbrigðisþjónustu á svæðinu. Á stofnuninni starfa rúmlega 500 manns sem þjónusta um 35.000 íbúa.

Nánari upplýsingar um störf má finna á www.starfatorg.is og www.intellecta.is.

Sótt er um störf rafrænt á pósthöfund forstjori@hsn.is

Framkvæmdastjóri lækninga Helstu viðvangsefni og ábyrgð

- Fagleg forysta um læknisfræðilega þjónustu við sjúklinga
- Yfirsýn og mótun skipulags fyrir heilsugæslu og sjúkrahúsþjónustu á öllum starfstöðvum
- Samhæfing á sviði heilsugæslu og sjúkrahúsþjónustu við læknisfræðilega meðferð
- Stefnumótun, markmiðasetning og árangursmælingar
- Uppbygging og samnýting mannauðs og liðsheildar ásamt ábyrgð á starfsmannamálum
- Ábyrgð á áætlanagerð og rekstri
- Efling kennslu og endurmenntunar
- Innleiðing nýjunga

Framkvæmdastjóri fjármála- og stoðþjónustu Helstu viðvangsefni og ábyrgð

- Ábyrgð á fjármálum, rekstraráætlanagerð, bókhaldi, uppgjöri og innheimtu
- Yfirsýn og mótun skipulags fyrir samhæfingu upplýsingatækniþerfa og ábyrgð á rekstri fasteignar, tækjabúnaðar, tölvu- og símkerfa
- Stefnumótun, markmiðasetning og árangursmælingar
- Uppbygging og samnýting mannauðs og liðsheildar ásamt ábyrgð á starfsmannamálum
- Ábyrgð á áætlanagerð og rekstri
- Efling endurmenntunar og innleiðing nýjunga

Framkvæmdastjóri hjúkrunar Helstu viðvangsefni og ábyrgð

- Fagleg forysta um hjúkrun og þjónustu við sjúklinga
- Yfirsýn og mótun skipulags fyrir heilsugæslu og sjúkrahúsþjónustu á öllum starfstöðvum
- Samhæfing á sviði heilsueflingar, forvarna og hjúkrunarþjónustu
- Stefnumótun, markmiðasetning og árangursmælingar
- Uppbygging og samnýting mannauðs og liðsheildar ásamt ábyrgð á starfsmannamálum
- Ábyrgð á áætlanagerð og rekstri.
- Efling kennslu og endurmenntunar
- Innleiðing nýjunga

Mannauðsstjóri Helstu viðvangsefni og ábyrgð

- Ábyrgð á þróun og viðhaldi mannauðsstefnu
- Aðstoð og ráðgjöf til stjórnenda
- Umsjón og þróun starfshandbókar
- Samskipti við stéttarfélag, framkvæmd kjarasamninga, réttindamál og aðbúnaður starfsfólks
- Yfirumsjón með launavinnslu
- Umsjón með sí og endurmenntun
- Næsti yfirmaður er framkvæmdastjóri fjármála- og stoðþjónustu

Nánari upplýsingar um störf veitir Jón Helgi Björnsson forstjóri, netfang forstjori@hsn.is, sími 464-0525. Umsóknarfrestur er til og með 3. nóvember nk. Umsókn óskast send á pósthöfund forstjori@hsn.is. Farið verður með allar fyrirsurnir sem trúnaðarmál. Umsókn um starf þarf að fylgja staðfestar upplýsingar um menntun, fyrri störf og reynslu.

Intellecta, Síðumúla 5, 108 Reykjavík, sími 511 1225

intellecta

■ ráðgjöf ■ ráðningar ■ rannsóknir

RÁÐGJÖF

Að gera betur í dag en í gær er drifkraftur nýrra hugsana og betri árangurs

RÁÐNINGAR

Réttir starfsmenn í réttum hlutverkum ræður mestu um árangur fyrirtækja

RANNSÓKNIR

Rannsóknir auka þekkingu og gera ákvarðanir markvissari

intellecta

■ ráðgjöf ■ ráðningar ■ rannsóknir

Síðumúla 5
108 Reykjavík
Sími 511 1225
www.intellecta.is

Capacent Ráðningar

MARKAÐSSTJÓRI

Vodafone er leiðandi sölu- og þjónustufyrirtæki sem leggur ríka áherslu á markaðsmál. Vodafone byggir þjónustu og vöruúrval að miklu leyti á samstarfi við Vodafone Group Plc sem er eitt öflugasta farsímafélag í heimi. Þetta alþjóðlega samstarf færir viðskiptavinum á Íslandi aukið vöruúrval, tryggir betri þjónustu á ferðum erlendis og stuðlar að hagstæðara verði.



Vodafone leitar að markaðsstjóra til starfa. Um er að ræða mjög áhugavert og krefjandi starf hjá félagi sem leggur mikla áherslu á markaðsmál. Félagið leggur áherslu á að vinna faglegt markaðsstarf sem byggir á greiningum á mörkuðum og viðskiptavinum. Markaðsstjóri heyrir beint undir forstjóra og vinnur í nánu samstarfi við framkvæmdastjórn félagsins.

Helstu verkefni:

- Ber ábyrgð á stefnumótun og framkvæmd markaðsmála
- Heldur utan um samskiptamál Vodafone
- Yfirumsjón með vef og samfélagsmiðlum
- Greiningar á mörkuðum
- Umsjón með samstarfi við Vodafone Global á sviði markaðsmála
- Starfar með auglýsingastofu og öðrum ráðgjöfum

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Haldgóð og farsæl reynsla af markaðs- og stjórnunarstörfum
- Reynsla af stefnumótun og mótun á framtíðarsýn
- Mjög gott vald á íslensku og ensku og færni til að tjá sig í ræðu og riti
- Leiðtogaþæfileikar, frumkvæði og samskiptahæfni

Umsóknarfrestur er til og með 26. október nk. Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um störfin á heimasíðu Capacent Ráðninga, www.capacent.is.

Umsókn um starfið þarf að fylgja ítarleg starfsferilsskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.

Nánari upplýsingar veita Hilmar Garðar Hjaltason (hilmar.hjaltason@capacent.is) og Tómas Oddur Hrafnsson (tomas.hrafnsson@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum.

Capacent Ráðningar
Ármúla 13 // Hvannavöllum 14
Sími 540 1000

capacent

Director Portfolio

The Director Portfolio reports to VP Commercial Affairs of Medis and is responsible for leading the Medis portfolio selection on behalf of Medis. The Director Portfolio plays a vital role in modelling the forecasted Medis sales of future products and in feeding the research and development pipeline with ideas from the Medis sales team and industry contacts.

The Director Portfolio is located in Iceland and works closely with several departments within both Medis and Actavis globally.

Key assignments:

- Leading the Medis portfolio selection and handling business modelling
- Preparing, maintaining and publishing the Medis Dossier Portfolio list and supporting the sales strategies
- Representing Medis in Actavis pipeline selection meetings, including decisions on exclusivity, litigation- and regulatory strategies
- Seeking new profitable product opportunities for all market segments

Required education & experience:

- University degree in Pharmacy or similar education
- High proficiency in Excel and computer literacy
- Excellent analytical and interpersonal skills
- Fluency in English is essential

medis

Medis is looking for a Director Portfolio to join the Medis team of more than 100 employees in Iceland and abroad.

Medis is a subsidiary of Actavis Group and handles sales of proprietary information and pharmaceutical products to other pharmaceutical companies. Medis' turnover is over 300 million USD annually and among their customers are many of the world's largest generic pharmaceutical companies.

We have more available positions at www.actavis.is

Application deadline is October 26th and applications are to be filled out at www.actavis.is.

Applications are only accepted through the Actavis website. CVs shall be in English. For further information, please contact Ragnheiður Dögg Ísaksdóttir, risaksdottir@actavis.is

Actavis
www.actavis.is

Capacent Ráðningar

LAUNAFULLTRÚI

Dalvíkurbyggð er 1900 manna sveitarfélag við Eyjafjörð. Þar er blómlegt atvinnulíf, öflugt menningarlíf og aðstaða til íþróttaiðkunar framúrskarandi. Umhverfið er sérlega fjölskylduvænt og aðstæður til útivistar með besta móti.



Dalvíkurbyggð óskar eftir að ráða launafulltrúa á Fjármála- og stjórnsýslusvið. Leitað er eftir einstaklingi sem er tilbúinn að þróast í starfi og aðlaga sig að breyttu starfsumhverfi á hverjum tíma. Viðkomandi þarf að vera tilbúinn að takast á við fjölbreytt og krefjandi starf. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

Starfssvið:

- Launavinnsla og frágangur launa
- Launaröðun og launagreiðslur skv. kjar- og ráðningarsamningum
- Upplýsingagjöf varðandi launavinnslu og kjaratengd mál
- Ýmis umsjón og utanumhald í tengslum við starfsmannakerfi og upplýsingar
- Aðstoð og ráðgjöf til stjórnenda í málum tengdum mannauði og starfsmannahaldi
- Gerð launaáætlana
- Þátttaka í stefnumótun
- Greining og úrvinnsla gagna
- Eftirfylgni og endurgjöf
- Önnur verkefni

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólamenntun skilyrði
- Þekking og reynsla af launavinnslu og/eða bókhaldi skilyrði
- Góð þekking á upplýsingatækni, s.s. Excel
- Þekking á Navision kostur
- Hæfni til að greina gögn og upplýsingar
- Þjónustulund og hæfni í mannlegum samskiptum
- Frumkvæði og metnaður til að ná árangri
- Skipulagshæfileikar og nákvæm vinnubrögð

Umsóknarfrestur er til og með 28. október nk. Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, www.capacent.is.

Umsókn um starfið þarf að fylgja ítarleg starfsferilsskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið. Nánari upplýsingar veita Þóra Pétursdóttir (thora.petursdottir@capacent.is) og Silja Jóhannesdóttir (silja.johannesdottir@capacent.is) hjá Capacent ráðningum.

Capacent Ráðningar
Ármúla 13 // Hvannavöllum 14
Sími 540 1000

capacent

Capacent Ráðningar

DEILDARSTJÓRI
REIKNINGSHALDS

REYKJANESBÆR

Reykjanesbær óskar eftir að ráða deildarstjóra reikningshalds. Deildarstjóri ber ábyrgð á bókhaldi Reykjanesbæjar, stofnana og fyrirtækja sveitarfélagsins. Starfið heyrir undir fjármálastjóra. Um er að ræða fullt starf. Mikilvægt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst. Launakjör eru skv. kjarasamningi launanevndar sveitarfélaga og viðkomandi stéttarfélag.

Helstu verkefni:

- Yfirumsjón, eftirlit og ábyrgð á bókhaldi
- Umsjón með fjárhagskerfinu Dynamics NAV
- Afstemmingar og lokafrágangur mánaðaruppgjöra
- Vinna við árshlutauppgjör og ársreikninga bæjarfélagsins í samvinnu við yfirmann og endurskoðendur
- Innra eftirlit og almennt rekstrareftirlit
- Reikningagerð, skýrslugerð og greiningarvinna úr bókhaldi
- Ráðgjöf í bókhalds- og uppgjörsmálum
- Önnur tilfallandi verkefni

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Viðskiptafræðimenntun, æskilegt á sviði endurskoðunar
- Þekking og reynsla á bókhaldi er skilyrði
- Reynsla af störfum á endurskoðunarstofu kostur
- Þekking á lögum og reglum um bókhald og reikningsskil sveitarfélaga æskileg
- Góð þekking og færni á Dynamics Nav og Excel
- Greiningarhæfni, nákvæmni og skipulag í vinnubrögðum
- Frumkvæði og sjálfstæði í starfi
- Jákvæðni og góðir samstarfshæfileikar

Umsóknarfrestur er til og með 27. október nk.

ATHUGIÐ: Umsækjendur eru vinsamlega beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Reykjanesbæjar www.reykjanesbaer.is/stjornkerfi/lausstofn.

Umsókn um starfið þarf að fylgja ítarleg starfsferilsskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið. Nánari upplýsingar veita Helga Jónsdóttir (helga.jonsdottir@capacent.is) og Erik Christianson Chaillot (erik.chaillot@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum.

Capacent Ráðningar
Ármúla 13 // Hvannavöllum 14
Sími 540 1000

capacent

Capacent Ráðningar

KÍKTU Á WWW.CAPACENT.IS

capacent



1954
2014 60

VERKEFNASTJÓRI

Verkefni ÍAV eru á öllum sviðum byggingariðnaðar hvort sem um er að ræða íbúðarhúsnæði, atvinnuhúsnæði, opinberar byggingar eða aðra mannvirkjagerð sem og jarðgangagerð og jarðvinnuframkvæmdir bæði hérlendis og erlendis.

Við leggjum mikla áherslu á að ráða til okkar kraftmikla og framsækna einstaklinga, með góða hæfni í mannlegum samskiptum.

Við bjóðum upp á góða starfsaðstöðu og erum stolt af starfsandanum og þeim metnaði sem hjá okkur ríkir.

ÍAV er eina verktakafyrirtækið á Íslandi sem hefur bæði ISO 9001 gæðavottun og OSHAS 18001 öryggisvottun.




Vegna aukinna umsvifa hér heima og í Noregi óskar ÍAV eftir að ráða verkefnastjóra í verklegum framkvæmdum.

- Menntun á sviði verk- eða tæknifræði
- Reynsla af verkefnastjórnun er skilyrði
- Reynsla af jarðgangagerð er kostur
- Stjórnunar- og rekstrarreynsla er kostur
- Reynsla af tilboðsgerð er kostur
- Frumkvæði og sjálfstæði í starfi
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Góð enskukunnátta
- Góð kunnátta í norðurlandamáli

Nánari upplýsingar eru veittar í síma 530-4200. Umsóknir má finna á heimasíðu ÍAV, www.iav.is. Umsóknarfrestur er til og með 31. október 2014.

Við breytum vilja í verk



ÍAV hf. | Höfðabakka 9 | 110 Reykjavík | s. 530 4200 | www.iav.is

Ferðaskrifstofa óskar eftir frönskumælandi

- skrifstofumanni í fjölbreytt og spennandi starf (50-100%)
- leiðsögumanni, meirapróf kostur (50-100%, eða verkefni).



Soleil de Minuit (Miðnætursól) soleil@soleil.is



Ert þú metnaðarfullur pizzabakari!

Veitingastaðurinn Primo Grensásvegi leitar að vönum manni til að hafa yfirumsjón með pizzugerð, viðkomandi þarf að bera ábyrgð á hræfni og metnaðarfullum matseðli.

Umsóknir sendist með ferilskrá á:
haukur@primo.is

PRIMO
— RISTORANTE —

Grensásvegi 10 | 108 Reykjavík | Sími: 519 5999
info@primo.is | www.primo.is

Vilt þú taka þátt í sókn Nýherja?



Nýherji er eitt öflugasta tæknifyrirtæki landsins. Við leitum að metnaðarfullum einstaklingum sem hafa brennandi áhuga á upplýsingatækni og búa yfir metnaði til að fara fram úr væntingum viðskiptavina.

Árangursmiðaður viðskiptastjóri

Starfið felst í að greina og uppfylla þarfir lykilverðskiptavina Nýherja, með ráðgjöf, hugmyndaauðgi og fyrsta flokks þjónustu.

Hæfniskröfur:

- Reynsla af viðskiptastjórnun og sölu í tæknilegu umhverfi æskileg
- Reynsla og þekking á íslensku atvinnulífi
- Reynsla á sviði viðskiptaþróunar og stefnumótunar æskileg
- Þekking á nýtingu upplýsingatækni til að ná árangri í rekstri
- Árangursmiðuð hugsun, greiningarfærni og frumkvæði
- Góðir skipulagshæfileikar, sjálfstraust og rík þjónustulund

Sérfræðingur í kerfislausnum

Við leitum að reynslumiklum sérfræðingi í ráðgjöf á sviði miðlægra lausna.

Hæfniskröfur:

- Minnst 5 ára reynsla af rekstri tölvukerfa í hýsingarumhverfi
- Umfangsmikil þekking á hönnun og samþættingu kerfa
- Reynsla af forritun æskileg
- Geta til að vinna sjálfstætt, skipulega og undir álagi
- Góðir samskiptahæfileikar
- Tæknilegar vottanir eru kostur

Sótt er um störf in nyherji.is/atvinna. Þar má einnig nálgast ýtarlegri upplýsingar um ofangreind störf og **laus störf í þjónustumiðstöð Nýherja**.

Umsóknarfrestur er til og með 27. október 2014. Umsóknir og fyrirspurnir eru meðhöndlaðar sem trúnaðarmál og þeim svarað. Nánari upplýsingar um störf in veitir Dröfn Guðmundsdóttir, mannauðsstjóri, drofn.gudmundsdottir@nyherji.is.



Hjá Nýherja starfar samheldinn hópur að fjölbreyttum og krefjandi verkefnum. Við leggjum áherslu á sterka liðsheild, uppbyggingu þekkingar og framsýna þjónustu til að mæta þörfum viðskiptavina. Hjá Nýherja og dótturfélagum starfa samtals um 450 starfsmenn á Íslandi og í Svíþjóð.

Support actors – Aukaleikarar

Hi all! We are looking for support actors, all ages, to play in a TV-serie filming this winter 2014-15. We are both looking for Icelanders and foreigners. If you are interested please send an email with a portrait, your age and phone number to: aukaleikarar123@gmail.com. Thank you.

Góðan daginn. Við erum að leita að aukaleikurum til þess að leika í sjónvarpsseríu sem tekin verður upp veturinn 2014-2015. Við leitum bæði að íslendingum og útlendingum og leikarar mega vera á öllum aldri. Ef þú hefur áhuga, vinsamlegast sendu okkur tölvupóst með andlitsmynd, aldri og símanúmeri á: aukaleikarar123@gmail.com. Kærar þakkir.



Yfirlæknir geðrofsteymis Laugaráss

Starf yfirlæknis við endurhæfingardeild LR er laust til umsóknar. Um fullt starf er að ræða og veitist það frá 1. desember 2014 til 5 ára í samræmi við stefnu Landspítala um ráðningu yfirmanna. Umsækjendur skulu hafa sérfræðiviðurkenningu í geðlækningum og viðtæka reynslu af meðhöndlun einstaklinga með geðrofssjúkdóma.

Endurhæfing LR býður upp á sérhæfða meðferð og endurhæfingu fyrir einstaklinga á aldri 18-25 ára með byrjandi geðrofssjúkdóm með snemmihlutun í þróun geðsjúkdóms að markmiði.

Helstu verkefni og ábyrgð

- » Yfirlæknirinn stýrir geðrofsteymi geðsviðs.
- » Áhersla er lögð á uppbyggingu og þróun snemmihlutunar geðrofssjúkdóma.
- » Yfirlæknir ber ábyrgð á greiningu, meðferð og eftirfylgd þessa sjúklingahóps.
- » Hann vinnur í fjölfaglegu teymi og handleiðir meðal annars málstjóra.
